

RANNSÓKNASKÝRSLUR FORNLEIFAEILDAR 1985

IX

FORNLEIFASKRÁNING

Í STYKKISHÓLMI

Ágúst Ólafur Georgsson

FORNLEIFAEILD ÞJÓÐMINJASAFNS ÍSLANDS

REYKJAVÍK 1987/2005

© Þjóðminjasafn Íslands/Ágúst Ó Georgsson

Öll réttindi áskilin

*Ljósmynd á forsíðu:*

Endurbætt útgáfa 2005

# E F N I S Y F I R L I T

E F N I S Y F I R L I T.....	3
1. Inngangur.....	5
1.3 Flokkun minja.....	5
1.4 Helstu minjar.....	6
1.5 Minjaskráin.....	6
1.6 Tilgangur minjaskráningar.....	6
2.0 Fornleifar á landi.....	7
2.1 Ás.....	7
2.2 Búðarnes.....	7
2.3 Grunnasundsnes.....	12
2.4 Hjallatangi.....	14
2.5 Viðvík.....	17
2.6 Ögur.....	21
3.0 Fornleifar sem ekki verða flokkaðar eftir jörðum.....	24
3.0 Fornleifar í eyjum.....	31
3.1 Bíldsey.....	31
4.2 Elliðaey.....	40
4.3 Fagurey.....	47
4.4 Gimburey.....	61
4.5 Höskuldsey.....	62
4.6 Kiðey.....	68
4.7 Landey.....	73
4.8 Melrækkaey.....	73
4.9 Sellátur.....	76
4.10 Sellón.....	83
4.11 Skoreyjar.....	90
4.12 Stakksey.....	97
4.14 Þormóðsey.....	100



# Skráning fornleifa í Stykkishólmi

## 1. Inngangur

Minjaskrá sú sem hér birtist, byggist á vettvangskönnu Ágústs Ó. Georgssonar, sem hann vann á vegum Stykkishólmshepps, frá 18. júní til 13. ágúst 1985. Ágúst vann einnig að gerð skýslunnar, frá 18. september til 27. nóvember 1986, á vegum Þjóðminjasafns, í samráði við Guðmund Ólafsson deildarstjóra fornleifadeildar. Guðmundur gekk frá endanlegri skýrslu í desember 1986 og janúar 1987.

### 1.1 Vettvangskönnun.

Skráning fór þannig fram, að gengið var um landið allt og hverja eyju, í skipulegri rústaleit. Gerð var skrifleg lýsing af hverri rúst, hún mæld upp og teiknuð. Nokkur grein var gerð fyrir staðháttum og legu viðkomandi minja og þær merktar inn á kort. Ljósmyndir voru einnig teknar af sumum minjum. Á landi var ferðast um á bifreið, eftir því sem kostur var. Um flutning skrásetjara út í eyjar sáu Pétur Ágústsson skipstjóri og Einar Bjarnason vélstjóri. Einnig tveir aðstoðarmenn Péturs.

### 1.2 Heimildir

Örnefnalýsingar og örnefnakort voru höfð til hliðsjónar við vettvangskönnunina eftir því sem til voru.

Heimildarmenn voru allmargir. Fyrst og fremst ber að nefna ómetanlegta aðstoð Georgs, B. Ólafssonar, sem er mjög staðkunnugur og var með Ágústi allan tímann. Georg átti heima í Ögri tímabilinu 1927 - 1940 og í Stykkishólmi eftir það. Honum er sérstaklega þökkun hjálpin. Þá má einnig geta Jóhanns Rafnssonar, Stykkishólmi, sem veitti marvíslegar upplýsingar um rústir í landi og í Melrakkaey. Honum og fjölmörgum heimildarmönnum, sem ekki er tök á að telja upp hér, er þökkun veitt aðstoð.

Af rituðum heimildum var helst stuðst við Íslenzkt fornbréfasafn, Jarðabækur og Sýslulýsingar Snæfellssýslu o.fl.

### 1.3 Flokkun minja

Minjar eru flokkaðar eftir aldri og áætluðu minjagildi. Reynt er að velja a.m.k. eina dæmigerða rúst af hverri tegund í A - flokk, þannig að úr fáiast fjölbreytilegt úrval. Í því sambandi er t.d. tekið tillit til tegundar, útlits, ástands, aldurs og heildarmyndar rústasvæðis. Eftirfarandi lykill notaður við flokkunina:

**A** - flokkur. Mikið minjagildi. Friðun æskileg.

**B** - flokkur. Minjar sem slæmt væri að missa án frekari athugunar.

**C** - flokkur. Minjar án sérstaks minjagildis.

1 er rúst frá um 870 - 1000.

2 er rúst frá um 1000 - 1550.

3 er rúst frá um 1550 - 1800.

4 er rúst frá um 1800 og síðar.

Sérstök ástæða þótti til að flokka í A - flokk allar minjar í eyjum sem fóru í eyði á 19. öld, eða fyrr. Enda er þar yfirleitt um að ræða heil minjasvæði, sem varðveist hafa lítið breytt, frá því þau voru í notkun. Víða í öðrum eyjum voru þó minjar settar í B - eða C - flokk, einkum minjar frá 20. öld.

#### 1.4 Helstu minjar

Merkilegastar eru minjarnar í eyjunum. Þær mynda oft eina órofa heild, þar eð minjunum hefur lítið verið spillt eftir að eyjarnar fóru í eyði. Þær gefa þannig góða mynd af horfnum búskaparháttum.

Á landi eru einna merkilegastar rústir í Búðarnesi, vegna hugleiðinga um verslun þar á síðari hluta 16. aldar. Einnig eru athyglisverðar rústir á Hjallatanga, þótt þær séu ekki mjög gamlar. Aðrar athyglisverðar minjar eru t.d. bæjarrústir við s.k. Hamra nr.56 og 60; minjar um skútuútgærð við Árnabryggju í Stykkishólmi nr.46; hugsanleg skálarúst við A-enda flugvallar nr.54, og í leifum gamla bæjarstæðis Grunnasundsness.

#### 1.5 Minjaskráin

Minjaskráin byggist upp á tveimur mismunandi yfirlitsskrám, sem raðað er eftir númeraröð annars vegar og tegundum minja hins vegar. Í þriðja lagi er ýtarlegri skrá yfir minjar á hverri jörð á landi fyrir sig og í hverri eyju fyrir sig. Jarðir og eyjar er skipt niður í sinn hvorn kaflann og er raðað eftir stafrófsröð. Getið er um elstu heimildir og annan sögulegan fróðleik sem snertir hverja jörð, eftir því sem tók hafa verið á. Staðsetning minja er sýnd á korti vinstra megin á hverri opnu, ásamt grunnteikningum rústa.

#### 1.6 Tilgangur minjaskráningar

Tilgangurinn með útgáfu minjaskrárinnar er margþættur.

1. Vakin er athygli á þeim mikla fjölda minja sem enn eru til í landinu og eru merkilegur og lítt kannaður hluti af menningararfi okkar.
2. Sérhver rúst á sér einhverja sögu og efnahagslegar forsendur. Heildarskráning minja getur aukið skilning okkar á fornum búskaparháttum; á hvern hátt menn nýttu sér landið og landkosti og hvers vegna.
3. Heildarskráning minja sýnir okkur hvað var dæmigert fyrir búskaparhætti í hreppnum, og hvað skilur hann frá öðrum svæðum.
4. Minjaskráning er nauðsynleg vegna skipulagsvinnu og hvers konar framkvæmda og getur komið í veg fyrir að merkilegar minjar séu eyðilagðar af slysi eða þekkingarskortum.
5. Friðlýsing fornleifa verður að byggja á faglegu úrvali minja í hverjum hreppi fyrir sig.



Búðarnes var hjáleiga frá Grunnasundsnesi, og er fyrst getið í Jarðabókinni árið 1702 og var þá í eyði. Þar segir að jörðin hafi byggst fyrir mörgum árum, en lagst í eyði er sjávarafli brást.<sup>4</sup> Árið 1801 er Búðarnes komið í byggð, en fór aftur í eyði á tímabilinu 1891 - 1901.<sup>5</sup> Hér er talin þurrabúð árið 1890 og hefur svo líklega ætíð verið. Gæti Búðarness nafnið verið af því dregið. Sumir álíta að verslunarstaðurinn Nesvogur hafi verið í Búðarnesi, en þar var verslað á síðari 16. aldar.<sup>6</sup> Þetta er þó að svo stöddu ósannað mál.

Nr.22a-c      **Grjótgarður**

C4

Suðvestanvert eiðið milli Búðarness og lands.

Lýsing: Leifar grjótgarðs, um 5 x 1 x 0,3 - 0,4 m þar sem hann er hæstur. Er á brún eiðisins, stefnir 3 m í V-A, en beygir síðan til NA og hverfur undir uppfyllingu.

Sagt að hér hafi staðið naust. Var hleðslan aðeins sjávarmegin en brekka á móti. Vafasamt að þetta eigi við rústina.<sup>7</sup>

Nr.23a-c      **Kartöflugarður, veggur, kofarúst**      B4

Túnið Búðarnesi.

Lýsing: **a)** Grjótgarður, um 20 x 11 x 1 m. Veggjaþykkt 0,8 - 1 m. Um 4 m kafli af suðurvegg um 1,5 m hár, hlaðinn úr torfi og grjóti. Tæpa 4 m frá NA-horni er hlið, 1 m breitt.<sup>8</sup> **b)** Húsveggur, leifar húss eða kofa. Um 4 m kafli af suðurvegg garðsins a) er hlaðinn úr torfi og grjóti, h. um 1,5 m, br. um 1 m, byggður ofan á norðurvegg húsrústar nr 24a. Ekki sér fyrir öðrum leifum þessa húss eða kofa. **c)** Kofarúst, utanmál 1,4 x 2,2 m. Grindin ein eftir, hefur verið byggð úr timbri og bárujárni. Líklega hæsnakofi. Stendur í norðausturhorni kartöflugarðs a). Um 6 m neðan kofans er grjóthleðsla út frá austurvegg

---

<sup>4</sup> Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns V, bls. 320.

<sup>5</sup> Manntal á Íslandi 1801, Vesturamt, bls. 128; Þjóðskjalasafn Íslands (Þjskjs.), Manntal I. nóvember 1890, Hnappadals-Dalasysla, bls. 76; Þjskjs., Manntal I. nóvember 1901, Hnappadals- og Snæfellsnessýsla.

<sup>6</sup> Þorleifur Jóhannesson, Um nokkur eyðibýli og sögustaði í Helgafellssveit, Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1925-1926, bls. 47-48; Sami höf., sama rit 1941-1942, bls. 98. Sbr. Jón J. Aðils, Einokunarverslun Dana á Íslandi 1602-1787, Rvk. 1919, bls. 281.

<sup>7</sup> Pétur Jónsson, f. 1894 og áb. í Viðvík 1949-1984.

<sup>8</sup> Skv. uppl. Péturs Jónssonar frá Viðvík er hér um kartöflugarð að ræða. Ræktaði hann síðast í honum laust fyrir 1960. Garðurinn var fyrir í Búðarnesi er Pétur settist að í Viðvík 1949. Jóhann Rafnsson, f.v. bankastarfsmaður Stykkishólmi, segir að núv. stærð garðsins afmarki nokkurn vegin gamla bæjarstæðið. Kveðst hann hafra séð rústir síðasta bæjarins hér, einkum í norðurenda garðsins. Jóhann kom fyrst í Búðarnes um 1911, en þá var garðurinn talsvert minni. Mun Sveinbjörn Guðmundsson, Viðvík, hafa stækkað garðinn upp úr 1920 og notað til þess steina úr bæjarrústinni.

garðsins sem nær um 3 m beint út frá veggnum, beygir síðan í rétt horn og heldur áfram um 2 m. Aðeins er um einfalda grjóthleðslu að ræða, h. um 0,1 - 0,2 m. Hugsanlega undirstaða eftir hæsnagirðingu.

Landrými í Búðarnesi er mjög lítið og má geta þess, að garðurinn tekur yfir stóran hluta þess.

Nr.24a-b      **Búðarrúst og veggjarbrot**      A3-4

Túnið í Búðarnesi.

Lýsing: **a)** S.k. Búðarrúst, aflöng hústóft með afhýsi á austurenda. Innanmál húss um 13 x 2,5 x 0,5 - 1 m, afhýsis um 3 x 2 x 0,5 - 1 m. Veggjabykkt víða um 1 m, þó meiri við gafla eða 1,5 - 2 m. Inngangur, br. um 0,8 m, á N-hlið nálægt V-gafla. Afhýsið gengur út frá hlið tóftarinnar að S-verðu við A-gaflinn. Veggur skilur það frá aðalhúsinu og eru dyr á honum, br. um 0,7 m. Rústin liggur sem næst í A-V og er mjög skýr. Kartöflugarður (23a) er að hluta til byggður ofan á norðurvegg hennar.

Rústin,sem er friðlýst, virðist tæpast eldri en frá öndverðri 19. öld, en gæti þó hugsanlega verið gömul að stofni til. Ólíklegt er að bændur í hinum miklu landþrengslum á Búðarnesi hafi ekki hagnýtt sér hana ef svo er. Líklegt að notkun tengist búskap á þessum stað.<sup>9</sup> **b)** Veggjarbrot, um 3,5 x 2-3 m. Er um 0,4 m frá vesturgafli s.k. Búðarrústar. Gæti verið leifar einhverrar byggingar.

Nr.25.      **Rúst**      A4

Austasti hluti Búðarnesstúns.

Lýsing: Innanmál 4 x 3,3 m. Óskýr tóft lítlis húss, sem verið hefur ferningslaga. Nokkur óvissa ríkir um stærðina og gæti e.t.v. verið um tvær tóftir að ræða, hver innan í annarri. Einungis tveir veggir nokkurn vegin öruggir, en ekki ytri mörk þeirra (N- og V- veggir).

Nr.26      **Rústabunga**      A3-4

Túnið í Búðarnesi vestanvert.

Lýsing. Upphækkun, um 8 x 7 m, sem kalla mætti rústabungu. Útlínur hennar sjást greinilega. Bungan er nú útlött, og sér ekki móta fyrir veggjum eða þ.h. Hún er mestmegnis vestan garðs nr. 23a, suðurhluta hans, en liggur að hluta til undir vesturvegg garðsins og nær lítið eitt inn í hann. Bungan er ekki samtengd rúst nr.24a, heldur sjálfstæð eining.

Sennilega hefur staðið hér einhver bygging sem tilheyrir hefur síðasta búinu hér, e.t.v. þó eitthvað eldri.

---

<sup>9</sup> Þorleifur Jóhannesson skoðaði þessa rúst á sínum tíma og hefur ritað um hana. (Sjá Árbók Fornleifafélagsins 1925-1926, bls. 47-48). Pétur Jónsson frá Viðvík kallar þetta Búðarrúst. Jóhann Rafnsson, Stykkishólmi, segist hafa heyrt síðasta ábúanda í Búðarnesi,og hans fólk,nefna tóftina Búðarrúst.

Nr.27

**Rúst**

A3

Norðvesturhluti Búðarnesstúns, á sjávarbakkanum.

Lýsing: Innanmál um 4 x 2 m. Hefur þrjú veggir og opið til suðurs. Veggir eru útflettir, víðast um 2 m þykkir. Tóftin gæti verið eitthvað lengri en 4 m, e.t.v. 5 m. Hún stendur um 1,5 m frá sjávarbakka, neðan s.k. Búðarnessborgar. Virðist eldri en nr. 24a.

Hlutverk sennilega tengt búskap hér í nesinu.

Nr.28a-b

**Naust og grjótbryggja**

A4

Sjávarbakki vestast á Búðarnestúni og fjaran neðan hans.

Lýsing: **a)** Naust, 2 - 3 x 1,5 m um 2 m frá oddi. Fleyglaga, í oddi er steinn og þar rekinn niður staur til að hnyta bát í. Naustið er grafið inn í sjávarbakkann. **b)** Grjótbryggja, 20 - 30 x 1 x 0,3 - 0,4 m. Er um 17,5 m neðan naustsins í miðri fjöru. Um einfalda grjóthleðslu að ræða.

Hefur hleðslan auðveldað og afmarkað lendingu hér. Einnig mátt leggja við bryggjuna er lágsjávað var. Sýnilega enn í notkun, eða henni hætt fyrir skömmu.<sup>10</sup>

Nr.29a-c

**Rúst og veggjabrot**

A4

Vestasti hluti Búðarnesstúns, sunnan Búðarnessvíkur.

Lýsing: **a)** Tvískipt rúst. N-hluti um 5 x 3 m að innanmáli. Hleðsla um 1 m, út frá innanverðum vesturvegg við framgafl, sem annars hefur verið timburbyggður og um 2 m breiður. Veggir í þessum hluta um 1,5 m þykkir. S-hluti um 2 x 2 m að innanmáli. Veggjabykkt víðast um 2 m. Dyr ekki sjáanlegar milli helminga, en kunna að hafa verið í upphafi. Spýtnabrak og bárujárnsleifar í tóftinni.<sup>11</sup> **b-c)** Tvö veggjabrot, 1 - 2,5 m neðan hústóftar (29a). Hafa sömu stefnu og langveggir hennar, enda á sjávarbakkanum og virðast að hluta horfnir í sjóinn. A-veggur um 4,5 x 2 m, V-veggur er 3,3 x 2,5-3 m. Fjarlægð milli veggja um 1,5 m.

Hér virðist helst um að ræða rústir eldri byggingar.

Nr.30

**Rúst**

A3

Vestasti hluti Búðarnesstúns, sunnan Búðarnessvíkur.

Lýsing: Rústin virðist vera með afhýsi. Aðalherbergi um 4 x 3 m að innanmáli. Norðurgafli vantar. "Afhýsi" gengur vestur úr aðalvistarveru og er um 2,5 x 2 m. Tóftin stendur alveg á

---

<sup>10</sup> Pétur Jónsson frá Viðvík segir þessar minjar vera frá því fyrir sína tíð hér (1949).

<sup>11</sup> Pétur Jónsson,áb. Viðvík 1949-1984, kveðst hafa girt utanum suðurhlutann og geymt í honum hey, sem hann sló á túninu hér. Var öll rústin fyrir hendi er hann kom fyrst í Við vík.

sjávarbakka við Búðarnesvíkina og mótar óljóst fyrir henni. Er hún líkust niðurgröfnu svæði og sér fyrir innveggjum, en útveggi vantar næstum alveg.

Líklega er hér um að ræða útlínur einhverrar byggingar, eldri en s.k. Búðarrúst (nr.24a).

Nr.31 **Rúst** A3

Vestasti hluti túnsins í Búðarnesi, sunnan Búðarnessvíkur.

Lýsing: Innanmál um 2 x 2 m. Veggir eru þrír en norðurgaflinn opinn. Þar gæti hafa verið timburgafl. Vesturveggur allskýr og sér fyrir grjóthleðslum, um 2 x 1 x 0,1 - 0,2 m. Austurveggur allur og hluti suðurveggjar óvissari. Tóftin er um 2,5 m sunnan við rúst nr.30. Virðist í fyrstu ógreinileg, en má þó segja nokkurn vegin til um lögun og stærð.

Ef til vill er önnur tóft nokkuð ofan við þessa rúst. Það er þó alsendis óvíst og er getið hér til vonar og vara.

Nr.32 **Húsrúst** A3

Vestasti hluti Búðarnesstúns, sunnan Búðarnessvíkur.

Lýsing: Innanmál ca. 3 x 2 x 0,1-0,2 m. Útveggir óljósir og ekki hægt að segja til um þá. Veggir þrír og opið til norðurs. Rústin er fremur óskýr, má þó greina stærð og lögun nokkurn vegin. Hún er um 0,5 m vestan nr.29a, en greinilega eldri, og um 1 m austan nr.31, sem e.t.v. hefur verið sambyggt.

Nr.33a-b **Rúst? og grjóthleðsla** A3

Ásinn sunnan til á Búðarnesi.

Lýsing: a) Afar óljós rúst um 5,5 x 2-2,5 m. Mikil óvissa um lögun og stærð og yfirleitt hvort um mannvistarleifar sé að ræða. "Rústin" er um 3 m ofan (sunnan) nr.29a. b) Leifar grjóthleðslu, l. um 2 m, h. um 0,3 m, meðfram brún ássins og aftan nr.29a. Ef til vill heldur hleðslan áfram, á um 8 - 10 m löngum kafla, skáhallt meðfram ásbrúninni. Þetta er þó óvíst.

Nr.34 **Grjóthleðsla** C4

Túnið í Búðarnesi.

Lýsing: Lítilfjörleg grjóthleðsla, einföld, úr smásteinum, að lögun næstum eins og hálfur hringur, þvermál um 1,5 m. Steinarnir eru grunsamlega lausir á yfirborðinu. Einnig er

grunsamlegt að þeir séu hér í miðju túni. Hleðslan er miðja vegu milli nr.24 og 29 og var á kafi í grasi við athugun, fannst nánast af tilviljun. Trúlega er þetta mjög nýlegt.<sup>12</sup>

### 2.3 Grunnasundsnes

Grunnasundness er fyrst getið í skrá um landamerki Helgafells um 1250,<sup>13</sup> en nálægt 1370 keypti klaustrið þar jörðina.<sup>14</sup> Einn ábúandi var árið 1702 og eftirtaldar hjáleigur: Ás, Búðarnes (í eyði), Hjallatangi, Hús (í eyði) og Stekkjartangi. Auk þess hafði áður verið verbúð, sem nú var hjallstæði.<sup>15</sup> Árið 1801 voru tveir ábúendur á jörðinni, þar af annar assistent.<sup>16</sup> 1861 eru enn taldar hinar sömu hjáleigur, utan Hús.<sup>17</sup> Stekkjartangi var á því svæði, sem afmarkast af Smiðjustíg, Austurgötu og Sjúkrahúsinu. Telja sumir, að bærinn hafi staðið nálægt því sem nú er Austurgata 3.<sup>18</sup> Ekki er vitað hvar Hús hefur verið. Síðar voru býlin Bakki, Viðvík og Vík byggð í landi Grunnasundsness. Megnið af jörðinni er nú horfið undir íbúðarbyggð í Stykkishólmi, en þó hélst búskapur í einhverju formi þar við fram yfir 1950. Verslun í Stykkishólmi hófst í lok 16. aldar og var það upphaf byggðar þar, sem staðið hefur óslitið síðan. Áður hafði verið verslað í Nesvogi, sennilega aðeins í stuttan tíma, þ.e. frá seinni hluta 16. aldar og fram um 1600. Var í fáein ár verslað á báðum stöðunum, en síðan lagðist Nesvogur af.<sup>19</sup>

Nr.2

**Kvíar**

C4

Norðan í klettaás ofan s.k. Nónmýri.

Lýsing: Tvískipt rúst úr torfi og grjóti. N-hluti ca 5 x 3 x 0,8 m að innanmáli. Veggjaþykkt um 1 m. Inngangur í N á miðjum enda, br. um 1 m. S-hluti um 3 x 3,5 m, lítið eitt niðurgrafinn. Veggir mun lægri en í N-hluta. Inngangur, br. um 1 m, á V-hlið og út frá þeim aðrekstrargarður eða fyrirhleðsla, l. um 2 m. Þessi hluti rústarinnar mun óskýrari en

---

<sup>12</sup> Pétur Jónsson frá Viðvík telur hleðsluna vera eftir börn úr Stykkishólmi. Segir hann þau oft hafa borið grjót úr garði nr.23a við leiki sína hér.

<sup>13</sup> Dipl. Isl. I, bls. 578.

<sup>14</sup> Dipl. Isl. III, bls. 315; Dipl. Isl. VI, bls. 24-26. Sbr. einnig Hermann Pálsson, Helgafell saga höfuðbóls og klausturs, Snæfellingaútgáfan, Reykjavík 1967, bls. 81.

<sup>15</sup> Jarðabók Árna Magnúsonar og Páls Vídalíns V, bls. 318-320.

<sup>16</sup> Manntal á Íslandi 1801, Vesturamt, bls. 127-128.

<sup>17</sup> Ný jarðabók fyrir Ísland 1861, bls. 63.

<sup>18</sup> Jóhann Rafnsson, Stykkishólmi.

<sup>19</sup> Jón J. Aðils, Einokunarverslun Dana á Íslandi 1602-1787, Reykjavík 1919, bls. 51,57 og 281.

hinn. Rústin, sem kallast Fornu kvíar eða Gömlu kvíar, stendur í brekku og hallar til norðurs.<sup>20</sup>

Nr.35a-b      **Útihús og kvíar ?**      C4

Um 50-60 m. SV bæjarhóls á ás í miðju íbúðarhverfi.

Lýsing: **a)** Hústóft með tveimur samsíða vistarverum. A (á teikn.) innanmál 4 x 1,4-1,5 m. Innanmál B um 4 x 1 m. Óvíst er um skilvegg milli A og B og hvort innangengt hafi verið á milli þeirra. Dyr, br. um 0,4 m, á V-gafla beggja. **b)** Tóft, innanmál um 3,5 x 1,5 - 2 m. Inngangur, br. um 0,8 m, á V-gafla. Samsíða og sunnan 35a, virðist eldri og ógreinilegri. Nr.35a að hluta byggt ofan á N-vegg rústarinnar.<sup>21</sup>

Nr.36      **Útihús**      C4

Um 40 m SV við bæjarhól á lágum ás í íbúðarhverfi.

Lýsing: Bygging með þremur vistarverum (A,B,C á teikn). A: Tvískipt hýsi, það fremra um 2 x 1,5 m að innanmáli. Það efra hefur ásin sem bakhlið og er um 1,5 x 1,5 m að innanmáli. Aðrekstrargarður, um 2,7 x 0,4 m, í framhaldi af SA-vegg. Inngangur á miðjum NV-vegg inn í næstu vistarveru (B). B: Innanmál um 2,5 x 2 m. Úthlið bakgafls að verulegu leiti ásin bak við. Inngangur í næstu vistarveru (C) á miðjum skilvegg. C: Innanmál um 2 x 1,5 m. Útidyr, br. um 0,5 m, á miðjum NV-vegg.

Rústin er austast á ásnunum, á brún hans. Hæsti hluti ássins myndar bakgafl tveggja vistarvera (B og C).

Nr.37      **Grjóthleðsla**      C4

Vestast á leifum gamla Nestúnsins.

Lýsing: Utanmál um 2 x 1,7 m. Áþekkast grjóthruðu og nokkuð lægri en túnið umhverfis.

Þetta var hleðsla fyrir síma- eða rafmagnsstaur.<sup>22</sup>

---

<sup>20</sup> Kristjana Hannesdóttir, f. 1894 og uppalin í Grunnasundsnesi, kallar rústina Gömlu kvíar. Segir hún að þær hafi ekki verið í notkun á æskuárum sínum utan eitt til tvö sumur. Faðir hennar, sem var bóndi í Grunnasundsnesi, lagfærði kvíarnar eitt vorið og notaði til fráfarra, en hafði ekki gert það áður.

<sup>21</sup> Kristjana Hannesdóttir segir að rústastæði nr. 35a-b heiti Kvíar, en ásin Hesthúsvöllur. Stóðu hér kvíar í ungdæmi hennar, sem aldrei voru notaðar. Skv. frásögn hennar virðist helst sem C (á teikn.) gæti verið kvíarnar. Við skoðuðum rústirnar saman (27/6 1985) og kannaðist hún ekki við núv. útlit þeirra. Nr. 35a hefur því líklega verið byggt síðar (eftir 1914-1920) og sennilega um útihús að ræða.

<sup>22</sup> Skv. uppl. Jóhanns Rafnssonar Stykkishólmi. Kristjana Hannesdóttir frá Nesi minnst ekki neinna búskaparminja hér.

Lýsing: Hér er um að ræða bæjarhólinn í Grunnasundsnesi (Nesi). Efst á hólnum er nú steinsteypt undirstaða síðasta íbúðarhússins. Var það rífið árið 1984, reist um 1900 og valinn staður nokkru austar en gamli torfbærinn. Fáeinum metrum sunnan við grunn íbúðarhússins er nú allstór dæld, um 10 x 8 m, og sér þar fyrir grjóthleðslum. Gæti verið eftir eitthvað skepnuhús. Síðasta íbúðarhúsið hér hefur staðið á öskuhaug og sér fyrir honum í barði við veginn, sem er fast við hólinn.<sup>23</sup>

Grasflöt milli vega til skipasmíðastöðvar og trésmiðjunnar Ösp.

Lýsing: Stór þúfa eða upphækkun, 2,5 x 2,5 x 0,4 m. Ekki er hér um eiginlega dys að ræða, þ.e. úr grjóti, heldur virðist það allt úr mold. Dysin stendur fast við gömlu heimreiðina að Nesi, sem nú er horfin, og er afgirt. Vegna grassprettu er erfitt að greina lögun, virðist þó nokkuð óregluleg.

Ólíklegt að hér sé manneskja grafín. Sennilega er dysjarnafnið alþýðuskýring á áberandi upphækkun eða þúst í annars fremur sléttu umhverfi. Sú sögn gengur um dysina að hana megi ekki slá. Væri út af því brugðið mundi bóndinn í Nesi deyja. Hins vegar var talið óhætt að skepnur bitu gras á dysinni. Hér er því um álagablett að ræða.<sup>24</sup>

## 2.4 *Hjallatangi*

Hjallatangi var hjáleiga frá Grunnasundsnesi og er fyrst getið árið 1702.<sup>25</sup> Þar var þá einn ábúandi og jafnan síðan.<sup>26</sup> Hjallatangi fór í eyði á tímabilinu 1881 - 1890.<sup>27</sup> Tún hjáleigunnar hefur verið nýtt til slægna fram á síðustu ár.

---

<sup>23</sup> Kristjana Hannesdóttir vísaði mér á staði gamla torfbæjarins hér og veitti upplýsingar um síðasta íbúðarhúsið. Jóhann Rafnsson, Stykkishólmi, benti einnig á bæjarstæðið og bar þeim Kristíönu saman.

<sup>24</sup> Kristjana Hannesdóttir, sem ólst upp í Nesi, er heimildarmaður að sögninni um dysið. Hún og Pétur Jónsson frá Viðvík stinga upp á að þar sé grafinn stórgripur. Erlar Kristjánsson, bæjarverkfræðingur í Stykkishólmi, segir að starfsmenn í trésmiðjunni Ösp hafi girt utan um dysið. Hafa þeir látið það standa óhreyft og ekki viljað hrófla við því.

<sup>25</sup> Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns V, bls. 319-320.

<sup>26</sup> Manntal á Íslandi 1801, Vesturamt, bls. 128 og síðari manntöl.

<sup>27</sup> Þjskjs., Manntal I. október 1880, Borgarfjarðar-Dalásýsla, bls. 205; Þjskjs., Manntal I. nóvember 1890, Hnappadals-Dalásýsla.

Nr.3

**Útihús**

A4

Lýsing: Innanmál um 6,2 x 1,5 x 0,5 m. Veggjaþykkt um 1 m. Tóftinni skipt í tvennt með vegg, í henni miðri, út frá N-langvegg, dyr á honum, br. um 1 m. Útidyr eru á V-gafla um 1 m br. Byggingarefni torf og grjót. Stendur utan túngarðs á Hjallatanga.<sup>28</sup>

Nr.4

**Túngarður**

A4

Lýsing: Garður, 29 x 1,2 x 0,5 - 1 m, hlaðinn úr torfi, þó sér á stöku stað fyrir undirstöður úr grjóti. Er nokkurn veginn bogalaga, þó talsverður hlykkur að sunnanverðu. Stefna um N-S og nær yfir efsta hluta Hjallatanga frá sjávarbakka að norðanverðu, endar um 2 - 2,5 m frá bakka sunnanvert, en upphaflega líklega náð alla leið. Hlið, br. 0,8 m, 20,4 m frá suðurenda. 3,3 m br. skarð er 14,9 m frá sama enda.<sup>29</sup>

**Nr.5a-b Kofarúst og garðbrot/veggjarbrot** A4

Lýsing: **a)** Kofarúst úr torfi og grjóti, innanmál 2,8 x 1,3 x 0,3-0,4 m. Veggjaþykkt um 1 m. Dyr, 0,5 m br. á miðjum N-langvegg, sér vel fyrir grjóthleðslum. Stendur um 2 m. frá sjávarbakka í VSV-ASA. **b)** Garðbrot/veggjarbrot um 5,8 x 1 x 0,2 - 0,3 m. Stendur á sjávarbakka. Leifar húss eða túngarðs. Það fyrrgreinda sennilegra.<sup>30</sup>

Nr.6

**Bæjarstæði**

A4

Á Hjallatanga miðjum, að sunnanverðu.

Lýsing: Bæjarrúst úr torfi og grjóti (A-J á teikn.). A: Aflangt hús um 7 x 1,5 x 1,2-1,5 m. Aftast í því er upphækkun (A1 á teikn.) hlaðin úr grjóti um 0,3 - 0,4 m á hæð. Hvorki sést gaflinn né öll upphækkunin því þar hafa torf og grjót fallið inn.<sup>31</sup> B: Tóft, innanmál um 4,2 x 2,8 x 0,3 m. Þekjan er fallin inn, og dyr því ekki vel greinanlegar. Má þó staðsetja þær með vissu á nyrðri langvegg nálægt miðju. Þar tekur við önnur tóft D. Líklega hefur B verið baðstofa. C: Herbergi, innanmál um

1,5 x 1,3 x 0,5 - 0,8 m. Þekjan fallin. Skilveggur hlaðinn út frá vegg, og skilur herbergið frá B. Beint á móti herberginu er D. D: Innanmál um 1,5 x 1,5 x 0,5 - 0,8 m. Þekjan fallin

---

<sup>28</sup> Pétur Jónsson segir þessa rúst ekki tengda seinni tíma búskap í Viðvík, en hann setist þar að 1949.

<sup>29</sup> Pétur Jónsson kveðst hafa gert skarðið í garðinn til að koma ökutækjum niður á Hjallatanga, sem hann nýtti til slægna.

<sup>30</sup> Á loftmynd er svo að sjá sem garður liggja framan við rústirnar og næstum því að bæjarrústunum (nr.6), beygi þar niður á bakkann. Við athugun var ekkert að sjá, virðist um náttúrulega upphækkun að ræða.

<sup>31</sup> Þessa tóft notaði Sveinbjörn í Viðvík sem fjárhús. Hækkaði hann veggi nokkuð, en átti ekki að öðru leyti við hana. Heimildarmaður: Pétur Jónsson.

inn. Þegar komið er inn um útidyr þessa hluta bæjarins er komið inn í ofurlitla forstofu og er þá C til vinstri og D til hægri. Vistarvera B er beint á móti útidyrum. E-G: Þessi hluti bæjarins byrjar á G, litlu herbergi ca. 2 x 1,3 m. Síðan tekur við gangur F um 4 x 1 m. Er ganginum lýkur tekur við herbergið E og er fremri hluti þess um 2 x 2 m, innri hluti 3 x 2 m. E kann að hafa verið tvö herbergi, en nú sýnilegar grjóthleðslur benda þó ekki til þess. Veggjarhæð í E-G er um 0,6 - 0,8 m. H: Innanmál: 2 x 1,5 x 0,5 - 0,8 m. Sameiginlegur veggur með J um 0,5 m hár. Óljóst mótar fyrir skilvegg milli G og H. Hafa líklega verið sér útidyr í G og H og veggur á milli vistarvera þessarra. Bak við H er aflangt herbergi I, um 3 x 1,5 x 0,1 - 0,2 m. Staðsetning dyra er órugg, líklega var gengið inn í það úr H. Þekjan fallin inn. J: Innanmál um 5,5 x 2,5 x 0,3 - 0,5 m. Dyr um 0,5 m br. á N-hlið við skilvegg H og J.

Bakhlið bæjarins stendur nánast á sjávarbakka. Framhliðin, sem snýr í norður, er um 8 - 10 m frá bakka þeim megin. Bærinn virðist ekki hafa verið rifinn er notkun lauk, nema eitt húsið að því er virðist. Í hinum vistarverunum hefur þekjan fallið inn. Óljóst mótar fyrir kofatóft um 4 - 5 m norðan við G og H.

#### Nr.7a-dHesthús, rústir og afgirtur reitur

A3-4

Sjávarbakki, utarlega á sunnanverðum Hjallatanga.

Lýsing: **a)** Húsrúst, fremur óljós, innanmál 4 x 2 m. Dyr til norðurs, br. um 0,5 m. Í miðri rúst upphækkun, gæti e.t.v. verið veggjarleyfar. Suðurhluti rústarinnar horfinn undir yngri rúst (c). **b)** Húsrúst, innanmál um 3,5 x 1,5 m þar sem hún er breiðust. A-veggur og bakgafli allskýrir. Dyr, br. um 1 m, til norðurs. Rústin suðvestanverð hverfur undir yngri rúst (c). Hugsanlega gætu a) og b) verið hluti af sömu byggingu. **c)** Húsrúst, mjög heilleg, innanmál um 4 x 2 x 1,5 m. Veggjaþykkt 1 - 2 m. Byggingarefni torf og grjót. Einungis grjóthleðslur í innveggjum. Meðfram endilöngum N-langvegg er hlaðinn bálkur úr grjóti, en ofan á er einfalt torflag, nú grasi gróið. H. 0,5 m, br. 0,4 - 0,5 m. Dyr, br. 1 m, snúa í suður og eru þær á langhlið næst vesturgafli. Að þeim liggur stuttur gangur um 2 x 1 m. Hér um bil beint niður af dyrunum er hlið á afgirtum reit (d). Í framhaldi af V-gafli er hlaðinn garður úr grjóti og nær hann að d).<sup>32</sup> **d)** Afgirtur reitur, innanmál um 14 x 6 x 0,4 - 0,5 m. Veggjaþykkt um 1 m. Víðast hlaðinn úr grjóti, en stuttur kafli N-veggjar úr torfi og grjóti. Um 1 m br. hlið er gegnt hesthúsi (c) og annað á S-vegg, br 1,8 m, fast við fjöruna. Reiturinn liggur í brekku og er efri langveggur á sjávarbakkanum, brekkubrúninni, en sá neðri við fjörumörkin. Í NA-horni reitsins hefur sennilega staðið lítill kofi. Sér þar fyrir einhverjum hleðslum. Líklega hefur reiturinn verið notaður fyrir skepnur, sem höfðust við í húsinu ofan við.

Um 2 m vestan rústanna er allmikil bunga eða upphækkun. Þar sér ekki til bygðaleifa, en kunna þó að leynast undir.

#### Nr.8a-bFiskbyrgi og hjallur

A3-4

---

<sup>32</sup> Pétur Jónsson frá Viðvík segir þetta vera hesthús og bálkinn meðfram S-vegg jötu. Telur hann húsið þó eldra að stofni til. Notaði Guðmundur Bjarnason í Viðvík húsið fyrir hesta sína og mun líklega hafa hlaðið það upp.

Sjávarbakki, utarlega á sunnanverðum Hjallatanga.

Lýsing: **a)** Ferningslaga rúst, innanmál um 2 x 2 x 0,1 - 0,2 m. Óvíst hvort eða hvar dyr hafa verið. Einungis grjóttundirstaða eftir. Sennilega leifar gamals fiskbyrgis. **b)** Innanmál um 6 x 1,8 x 0,1 - 0,2 m. Veggir víða óljósir, en skýrastir að vestan og norðan. E.t.v. hafa dyr verið á N-langvegg. Hugsanlega hjallur. **c)** Afar óviss rúst. Innanmál um 2,5 x 2 x 0,1 - 0,2 m. Sennilega fiskbyrgi.<sup>33</sup>

Nr. 9a-e

**Naust og grjótbryggja**

A4

Dálítill vík, sem skerst inn í norðanverðan Hjallatanga, utarlega.

Lýsing: Fjögur samsíða naust grafin inn í grasbala upp af lítilli vík og mótar vel fyrir þeim öllum. Talin hér frá vestri til austurs: **a)** Fleyglaga, 4 - 5 x 3 m álíka langt frá oddi. **b)** Óregluleg lögun, um 1,5 - 2,8 x 1,5 m. **c)** Fleyglaga, um 3 - 5 x 1,8 m, 2,5 m. frá oddi. **d)** Fleyglaga, um 4,3 x 2 m, 4 m. frá oddi. **e)** Garður hlaðinn úr grjóti, um 15 - 20 m. Er í fjörunni niður undan naustunum. Hefur verið notaður sem bryggja, en er einnig til skjóls fyrir NV-áttinni. Hér er ágæt lending.<sup>34</sup>

## 2.5 Viðvík

Býlið Viðvík er byggt í landi Grunnasundsness og var stofnað á árunum 1845 - 1850.<sup>35</sup> Í manntölum 19. aldar er það oftast kallað þurrabúð, en einnig hjáleiga. Búskapur var stundaður í Viðvík fram um 1980, en í smáum stíl hin síðari árin. Hluti af túninu var tekinn undir skipasmíðastöð fyrir allöngu og nú býr hér enginn lengur.

Nr.10a-c

**Garðlög og matjurtagarður**

C4

Vestasti hluti Viðvíkurtúns, holtið sunnan við og Nónmýri.

Lýsing: **a)** Leifar torfgarðs? stefna A-V, l. um 2 m. Er við hlið á girðingu milli Hjallatanga og Viðvíkurtúns, en utan hennar. **b)** Torfgarður myndar afgirt svæði með tveimur veggjum, sem liggja hornrétt hvor á annan. Vírgirðing ofan á. Ekki ástæða til að tunda þetta nánar. Garðurinn sést á loftmynd og því talinn með hér til að fyrirbyggja misskilning

---

<sup>33</sup> Pétur Jónsson frá Viðvík kveðst hafa sléttað túnið hér fyrir norðan, þ.e. milli rústanna og s.k. Hellulangs. Hefur Pétur nafngift þessa frá Hjálvari nokkrum, sem lengi bjó á Hjallatanga, en síðar á Skildi í Helgafellssveit.

<sup>34</sup> Hér er aðallendingin á Hjallatanga segir Pétur Jónsson. Einnig var hægt að hafa bát yst á tanganum.

<sup>35</sup> Manntal á Íslandi 1845, Vesturamt; Þskjs., Manntal 1. október 1850, Gullbringu-Hnappadalssýsla, bls. 325.





í óvissu. B: Innanmál tæplega 4 x 4 m. C: Innanmál um 2 x 3 m. Greinilegur veggur á milli B og C, en óviss milli C og D. D: Innanmál um 3 x 2,5 m.<sup>44</sup>

Nr.18a-b      **Fjárhús og hlaða**      C4

Viðvíkurtúnið, þar sem lægðin neðan íbúðarhúss tekur að hækka.

Lýsing: **a)** Undirstaða húss, um 6 x 4 m. Ekki sér fyrir dyrum. Líklega er þetta grunnur útihúss úr timbri. Athugun öll torveld vegna grasvaxtar og sinu, en fannst fyrir grjóthleðslu er svæðið var trampað. **b)** Undirstaða húss, um 6 x 5 m, nokkurn vegin ferhyrnd grjóthleðsla. Sést illa vegna mikillar grassprettu. Er um 0,5 - 1 m. austan 18a.<sup>45</sup>

Nr.19      **Einsetumannakofi?**      B4

Lágt holt skammt SSA íbúðarhúss í Viðvík.

Lýsing: Innanmál um 5 x 2 m. Dyr, br. um 1,2 m, til norðurs. Veggjaþykkt um 1 - 2,5 m. Rústinni skipt í tvennt og gengur skilveggur inn frá dyrum. Myndast þannig inngangur í aðalherbergið, br. 1 m, milli skilveggs og suðurveggjar.

Rúst þessi kallast Friðrikstóftir og er sagt vera einsetumannakofi.<sup>46</sup>

Nr.20      **Kartöflugarður**      C4

Flatur grasbali ofan heimreiðar í Viðvík.

Lýsing: Ferningslaga garður með þremur veggjum. N-veggur, l. 21,5 m. Um 3,5 m br. hlið er 4,5 m. frá A-horni garðsins. V-veggur, l. 14,5 m. A-veggur, l. 6,5 m. Hæð garðveggja er 0,5 - 1 m, þykkt 0,7 m.<sup>47</sup>

---

<sup>44</sup> Pétur Jónsson og Kristjana Hannesdóttir kannast ekki við örnefnið Stofunes, en svo er staðurinn kallaður á örnefnakorti yfir Stykkishólm (Erlar Kristjánsson og Jóh. Rafnss.). Ekki þorir Kristjana að segja til um rústir hér. Eru þetta leifar síðasta torfbæjarins í Viðvík?

<sup>45</sup> Pétur Jónsson segir þetta vera sambyggt fjárhús og hlöðu frá sinni tíð hér. Stóðu fjárhúsin vestar.

<sup>46</sup> Kristjana Hannesdóttir, Stykkishólmi, kallar þetta Friðrikstóftir. Telur hún rústina vera frá því eitthvað fyrir 1900. Pétur Jónsson segir að hér hafi búið einsetumaður löngu fyrir sína tíð í Viðvík.

<sup>47</sup> Pétur Jónsson kveðst hafa byggt garðinn til að rækta í kartöflur. Voru þrír veggir á honum upphaflega.

Skáhallt út frá N-hlið garðsins sér fyrir mjög lágum torfgarði, sem endar um 10 m. frá íbúðarhúsinu. Segir Pétur að þetta sé vatnslögn, sem hann hlóð yfir á sínum tíma.

Viðvíkurtún um 10-15 m. SSV íbúðarhúss.

Lýsing: Mjög óviss rúst og gæti eins verið ekkert. Innanmál um 3 x 5 - 7 m. Veggir mjög útflattir og breiðir. Dyr snúa til NV og eru á miðjum vegg. Ekki ástæða til að tíunda þetta nánar.

## 2.6 Ögur

Ögurs er fyrst getið í skrá um landamerki Helgafells um 1250 og var þá án efa í byggð.<sup>48</sup> Um 1274 var jörðin komin í eigu kirkju að Helgafelli<sup>49</sup> og er talin meðal eigna klaustursins þar á síðari hluta 14. aldar.<sup>50</sup> Árið 1702 var einn ábúandi í Ögri og þar að auki hjáleiga, sem áður kallaðist Ögurskot en nú Ögursbúð. Hér var um þurrabúð að ræða, enda grasnyt tekin undir heimajörðina.<sup>51</sup> Í manntalinu 1703 er ábúandi Ögursbúðar talinn húsmáður utan bæjar.<sup>52</sup> Búðarinnar er getið árið 1805 og þá sem eyðihjáleigu.<sup>53</sup> Ekki er greint frá hjáleigu né búð í Ögri eftir þetta.<sup>54</sup>

Jörðin er enn að fullu nýtt, en ábúendur eiga heima í Stykkishólmi.

Grasivaxin lægð milli tveggja klettaása á vestanverðri Ögursborg.

Lýsing: **a)** Útihúsrúst, innanmál um 6,3 x 4 x 0,5-0,8 m. Veggjaþykkt um 2 m, dragast að sér. Dyr á V-gafla, br. um 1 m. **b)** Heytóft, innanmál um 3 x 3 x 0,5 - 0,8 m. Aftan við útihúsið og sambyggt því. Engar dyr sjáanlegar á milli.<sup>55</sup>

Mjór geiri milli vesturenda Skjaldarvatns og sjávar.

<sup>48</sup> Dipl. Isl. I, bls. 578.

<sup>49</sup> Dipl. Isl. II, bls. 116.

<sup>50</sup> Dipl. Isl. III, bls. 326; Dipl. Isl. IV, bls. 167.

<sup>51</sup> Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns V, bls. 320-321.

<sup>52</sup> Manntal á Íslandi árið 1703, bls. 129-130.

<sup>53</sup> J. Johnsen, Jarðatal á Íslandi, bls. 155 nmgr. 14.

<sup>54</sup> Manntal á Íslandi 1845, Vesturamt, bls. 124-125; Lýsing Helgafells- og Bjarnarhafnasókna 1842, Sýslu- og sóknarlýsingar III, Snæfellsnes, bls. 191.

<sup>55</sup> Í örnefnalýsingu Ögurs, eftir Þorleif Jóhannesson, er talið að hér sé um stakkgarðs- eða stekkjarrúst að ræða. Svo er þó örugglega ekki.

Lýsing: Leifar af rétt, hlaðin úr grjóti, nú einungis N-veggur eftir og bútur af V-vegg. N-veggur rúml. 4 m. langur, en V-veggur 1 m. Þykkt veggja 0,8 m, hæð um 1,2 m.

Fast við réttina, að sunnanverðu, er vegurinn heim að bæ í Ögri og hefur hún skemmst við lagningu hans.<sup>56</sup>

Nr.65

**Bæjarstæði**

B1-4

Um 50-60 m SSV við íbúðarhús í Ögri við mjóan vog, s.k. Ögur.

Lýsing: Hér er um gamla bæjarhólinn í Ögri að ræða. Þar sjást nú engar tóftir á yfirborði en hóllinn er greinilega gamalgróinn. Á honum standa fjárhús, sem að hluta til eru reist á eldri hlöðu.<sup>57</sup>

Nr.66

**Kvíar**

B3-4

Sunnanvert við mjóan vog, s.k. Ögur, neðan klettóttis holts.

Lýsing: Innanmál um 6 x 2 x 1 m. Veggjaþykkt 1,5 - 2 m, nokkuð útflattir utanvert. Rústin er um 7 m. ofan vogsins og byggð utan í klettótt holt. Bakgafli hlaðinn innanvert, en hefur ekki þurft að utanverðu, heldur er fyllt upp í bilið milli brekkunnar og hleðslunnar. V-veggur nær 2 m. neðar en sá eystri, og er sá bútur miklu verr farinn en hinir hlutar tóftarinnar. Um 4 m. frá gafli sér fyrir steinaröð þvert yfir rústina og gæti það bent til þess að hún hafi verið tvískipt. Þó er erfitt að dæma þetta vegna grjóthruns. Kvíarnar eru byggðar úr torfi og grjóti og talsvert grónar.

Nr.67

**Vegur**

B1-4

Lýsing: Hér er um hestatroðning að ræða, þ.e. örmjóan stíg eða veg, sem hlykkjast um holt og hæðir. Í dag liggur hann með Ögursborg, yfir Móholtíð og heim að bæ í Ögri. Einnig sunnanvert við voginn Ögur og út holtin þar allt að húsum í Jónsnesi. Einstaka varða er við veginn á leiðinni í Jónsnes. Var hann í fullri notkun fram um 1940 og eflaust eitthvað eftir það.<sup>58</sup>

---

<sup>56</sup> Georg Ólafsson, Stykkishólmi og til heimilis í Ögri 1927-1940, segir að Ólafur Sturlaugsson faðir sinn hafi hlaðið þessa rétt á árunum 1928-1929. Var Ólafur þá bóndi hér og notaði réttina einkum á vorin til að rýja fé og marka lömb. Telur Georg að upphaflega hafi hún verið um 5 x 5 m. að innanmáli.

<sup>57</sup> Í bratti brekku, eða bakka, sem hallar frá bæjarhólnum niður að vognum kveðst Georg Ólafsson hafa séð votta fyrir gömlum öskukhaug. Þetta var á árunum 1927-1940.

<sup>58</sup> Við vettvangskönnun var allur vegurinn ekki genginn, en Georg Ólafsson, Stykkishólmi, veitti leiðbeiningar við að merkja hann inn á kort. Hefur hann margoft farið um veginn, þar sem þegar hann átti heima í Ögri. Var vegurinn í fullri notkun er hann flutti frá Ögri árið 1940.

S.k. Akratá, þar sem túnið endar til vesturs.

Lýsing: **a)** Ferhyrnd grjótrúst, innanmál 2,5 x 1,5 x 0,3-0,7 m. Veggjaþykkt um 1 m. Inngangur, br. um 0,5 m, í NV-horninu. Mjög skýr rúst. Við norðurhlið hennar er talsvert grjót, e.t.v hrun. Mætti þó jafnvel ætla að hér sé kominn annar hjallar/fiskbyrgi, og eldri, - sem hafi staðið við hlið þess fyrri. Þetta er samt óvíst. Af rústum þeim, sem hér um ræðir, stendur þessi hæst og næst túninu. **b)** Leifar hjalls/fiskbyrgis, kominn í algera rúst. Innanmál um 1,5 x 1 m. Hleðslur í hæð við jörðu, en veggjaþykkt um 0,7 m. Inngangur gæti hafa verið í SA-horni. Stendur syðst á Akratá á lágri totu. **c)** Grjóthruga, nokkurn vegin ferhyrnd, innanmál gæti verið um 1 x 1,5 m. Stendur 2 m. sunnan b) á sjávarbakkanum. **d)** Milli b) og c) sér fyrir grjóthleðslu, l. 3 - 3,5 m, stefna A-V. Gæti verið leifar eldri hjalls/fiskbyrgis eða e.t.v. annars mannvirkis. **e)** Ferhyrnd grjótrúst, utanmál 2 x 2,5 m. Mótar óljóst fyrir henni og mjög tekið að gróa yfir. Stendur um 3 - 3,5 m. austan a). Líkist mest leifum hjalls/fiskbyrgis. **f)** Um 2 - 3 m austan b) og c) vottar fyrir hleðslum á um 5 x 3 m. stóru svæði. Gæti verið um einhvers konar afgirtan reit að ræða eða hjall/fiskbyrgi. Hér er allt komið í þýfi og erfitt að dæma um þetta.<sup>59</sup>

Vestast á sunnanverðri Akratá.

Lýsing: Naust, samanstandur einkum af grjótgarði, 8 x 2 x 1,2 m, stefnir í vestur. Garðurinn er hlaðinn út frá brekku, sem hallar niður að fjöru. Ekki hefur þurft að grafa inn í brekkuna því hún er býsna flöt og aflíðandi. Auðvelt hefur verið að draga þar upp lítinn bát. Garðurinn er mjög heillegur og lækkar skáhallt þeim megin, sem snýr frá lendingunni, en hún er fast við hinar fornu fiskbyrgisrústir nr.68a-f.<sup>60</sup>

Vestast á Akratá í slakka, sem hallar móti suðri.

Lýsing: **a)** Garðlag, um 8 x 0,15 - 0,25 x 0,1 - 0,3 m, á sjávarbakka, gæti þó náð eitthvað lengra í austur, beygir síðan til norðurs upp slakkann um 5 m. **b)** Garðlag, um 3 x 0,25 x 0,30 m. Líklegt framhald garðsins til austurs myndar u.þ.b. rétt horn við líklegt framhald a) til norðurs. Hér gæti hugsanlega verið um einhverskonar garðlagakerfi að ræða, sem virðist mjög gamalt. Garðlögin voru fyrir hendi smemma á 20. öld og eru án efa frá því fyrir tíma gaddavírsgirðinga.<sup>61</sup> **c)** Húsrúst, fremur ógreinileg, innanmál um 3 x 2 m.

59 Í örnefnalýsingu Ögurs er getið um "fornar hjallrústir" á þessu svæði. Erfitt er að meta hvort um hjallrústir eða fiskbyrgi er að ræða, þó hallast skrásetjari að hinu síðarnefnda.

60 Georg Ólafsson segir að naustið hafi verið notað til lendingar í norðanátt á sinni tíð í Ögri. Var hér gott skjól fyrir þeirri átt. Þá voru og bátar geymdir hér að vetri til.

61 Í örnefnalýsingu Ögurs, eftir Þorleif Jóhannesson, er getið um gömul garðlög hér. Heitir ysti tangi nessins Akrar. Georg Ólafsson segir ástand minja hér eins og fyrir um 50 árum.

Veggir í hæð við jörðu, en þykkt þeirra um 1 m. Nú sér ekki fyrir öllu húsinu og því óvíst hvar dyr hafa verið, en sennilega þó í V-horninu. Rústin er greinilega eldri en fiskbyrgisrúst þar hjá. Gæti verið frá fyrstu búsetu í Ögri. **d)** Hleðsluleifar, sér fyrir einstaka steini. Óvíst hvað hér hefur verið. **e)** Húsrúst, eitt horn heillegt. Innanmál líklega 4 x 2 m. **f)** Mjög óviss rúst, virðist þó móta fyrir tveimur veggjum, sem mynda horn saman, l. 5 x 2 m. Annað ekki hér að sjá. Líklega leifar einhvers húss.

Nr.71                      **Brú/Norðlingabrá**                      B3-4

Mýrarsund milli tveggja holta, norðaustan við s.k. Skálholt.

Lýsing: Gömul grjótblú byggð yfir mýrarsund. 6 - 8 x 0,8 - 1 m. Nær rétt upp fyrir mýrlendið, en er mikið sigin. Mest notuð við smalamennsku o.þ.h. Er hluti af gamla Helgafellssveitarveginum.<sup>62</sup>

### 3.0 Fornleifar sem ekki verða flokkaðar eftir jörðum

Nr.42                      **Vegur**                      A3-4

Lýsing: Leifar Stykkishólmsvegarins gamla. Greinilegar minjar hans liggja um svokallað Ásklif og eilítið norður ásinn, þar hverfur hann undir uppfyllingu og íbúðarhús, en að sunnanverðu undir bílaverkstæði. Breiðastur er vegurinn í skarði sunnanvert í ásnúm eða 1,5 - 2 m. Ennfremur finnast leifar þessa sama vegar við norðanverða Byrgisborg og þaðan inn með Nesvogi allt að holti skömmu áður en komið er í Vogsbót. Allinnarlega við voginn eru lítilfjörlegar leifar vörðu, s.k. Andrésarvörðu. Er hún eina varðan á þessum slóðum og líklega hlaðin til gamans. Engar sagnir eru kunnar um hana.<sup>63</sup>

Nr.44                      **Kofar**                      C3-4

Litla-Fagrabrekka, sem er vestarlega á Ytri höfða.

Lýsing: Tvö lítil sambyggð hús og snúa framhlið í SV. Innanmál þess eystra 2 - 3 x 1 m. Aftan við það einskonar afhýsi um 0,8 x 0,7 m. Vestra hús um 2 x 1 m að innanmáli. Hafa

---

62 Heimildarmaður um notkun er Georg Ólafsson Stykkishólmi. Skv. Örnefnalýsingu Ögurs (efir Þorleif Jóhannesson) heitir mannvirki þetta Norðlingabrá. Þorleifur greinir einnig stuttlega frá brúnni á öðrum stað. (Sjá Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1925-1926, bls. 48). Sagt er að Norðlendingar í skreiðarferð hafi byggt brúna einhverju sinni er þeir áðu við innanverðan holtsjaðarinn,þ.e. báru grjót í mýrina. Heimildarmaður þessarar sagnar er Björn Jónsson fv. bóndi á Kóngsbakka í Helgafellssveit.

63 Gamli Stykkishólmsvegurinn er merktur inn á örnefnakort yfir Stykkishólm. Þ.e. Stykkishólmur 1:5000. Örnefni. Nafngift: Jóhann Rafnsson. Fært: Erlar Kristjánsson. Andrésarvarða er einnig færð inn á kort þetta. Til er stutt lýsing á gamla veginum,sem lá frá Stórholtum í Stykkishólmi. (Þorleifur Jóhannesson: Um nokkur eyðibýli og sögustaði í Helgafellssveit. Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1925-1926, bls. 48).

börn nú hlaðið upp veggina með grjóti og virtist í fyrstu einungis um leiksvæði að ræða. Líklega er þetta hrúta- eða rollukofi.<sup>64</sup>

Nr.45                    **Bryggja**

B3-4

Vík milli Mylluhöfða og Ytri-Höfða ,s.k. Stöð.

Lýsing: Rudd vör og hefur verið hlaðinn garður að vestanverðu, l. um 25 m, en sömu megin tekur við urð og bakki ofar í fjörunni. Efst er hæðin um 1,5 m en um miðja vík og neðar um 1 m, enda þar aðeins um einfalda hleðslu að ræða. Mjög stórir steinar hafa verið notaðir í hleðsluna, en nú er nokkuð tekið að hrynja úr henni. Grjótgarður þessi, eða bryggja, byrjar strax neðan sjávarbakkans efst í vikinni. Um 7 m austar í fjörunni sér fyrir lítilfjörlegum leifum annarrar hleðslu. Upphaflega hafa þannig verið hleðslur sitt hvoru megin í lendingunni og hún sjálf um 7 m. breið.

Stöðin er gamall lendarstaður og hélst í notkun langt fram eftir 20. öld. Nú er notkun hætt og búið að eyðileggja uppgönguna úr vikinni.<sup>65</sup>

Nr.46a-c                **Grjótkantur og bryggjur**

A4

Fjaran milli Mylluhöfða og brúar út í Stykki. Lending.

Lýsing: **a)** Grjótkantur l. um 20 m, hæð 1,5 - 2 m. Nær frá Mylluhöfðaklettum meðfram brekku, sem tekur við af fjörunni. Mjög vandað mannvirki og sér þess enn stað. Kanturinn myndar pall, einkum þó að suðaustanverðu, og á honum stendur lítið hús, nú hrörlegt mjög, frá tímum skútuútgerðar.<sup>66</sup>

**b)** Grjótbyggja um 5 x 3 x 0,5 m. Byggð út frá áðurgreindum grjótkanti a) í um 10 m. fjarlægð frá Mylluhöfðaklettum. Hlaðin uppganga er frá bryggjunni upp brekkuna ofan

---

64 Jóhann Rafnsson, kom fyrst í Stykkishólm árið 1911, segir

kofarústir þessar hafa verið til í æsku sinni og lék hann sér oft við þær. Þá sem nú voru krakkar oft að krukka í þær. Hér segir hann að fundist hafi látúnsdiskur undir þúfu, sem var að blása upp. Gerðist þetta í æsku Jóhanns.

65 Í Stöðinni voru allmargir kofar fram yfir 1960. Þeir eru nú flestir horfnir. Sér þó enn fyrir steinsteypum grunnum og hleðslum. Margir Stykkishólmsbúar áttu kindur sér til gamans og höfðu aðstöðu fyrir þær hér.

66 Hús, þetta sem var notað til fiskverkunar, byggði Árni Páll Jónsson, kaupmaður og útgerðarmaður í Stykkishólmi, á árunum 1907-1910 og raunar öll mannvirki hér. Þetta eru síðustu heillegu minjar um skútuútgerð í Stykkishólmi.

Árni átti skútu, sem Karen hét og var hún dregin upp í vörina hér. Heimildarmaður: Jóhann Rafnsson, Stykkishólmi, en hann var upplendissonur Árna. Karl Jónson frá Purkey mun síðast hafa notað hús og lendingu hér fyrir um 10-15 árum.

Jóhann Rafnsson segir að grjótkanturinn hafi verið framlengdur með tréþalli til suðausturs, myndaðist þannig meira athafnasvæði við fiskverkunarhúsið.

við.<sup>67</sup> c) Leifar grjótbryggju, l. um 10 - 15 m. Nú talsvert tekin að hrynja. Er um 18 m. frá Mylluhöfðaklettum og 3 m neðan grjótkantsins a).

Að norðanverðu í lendingunni sýnist votta fyrir gamalli hleðslu á stöklu stað, efst og yst í fjörunni. Gæti þó e.t.v. verið um hrun úr Mylluhöfða að ræða. Grjóthleðslur hafa þannig hugsanlega afmarkað vörina að norðan og sunnan og þar með breidd hennar, sem sennilega hefur verið um 11 m.

Nr.47

**Stekkur**

A4

Vestast í Stekkjarás, grænn og áberandi staður í norðurbrún hans.

Lýsing: N-veggur l. um 11 m, S-veggur l. um 7 m. Veggjarþykkt um 1,2 -1,4 m. Veggjahæð um 1 m. Inni í rústinni, um 4 m frá bakhliðinni, er hlaðin kró, líklega fyrir lömb, innanmál um 2,5 x 1,5 m. Er S-veggur stekklar sameiginlegur með henni. Sér inngangur er í króna, br.um 0,8 m. Um 4 m. langur gangur er á milli lambakróar og N-veggjar stekklarins, br. um 1,3 m. Um 3 m. kafli af vesturhluta þessa veggjar hefur myndað einskonar aðrekstrargarð.<sup>68</sup>

Einhver hleðsla, 3,4 x 1, er um 3 m. vestan stekklarins. Þetta er einföld steinaröð og mjög lítilfjörleg. Gæti verið eftir leiki barna.

Nr.48

**Skothús**

A4

Austast í Stekkjarás.

Lýsing: S.k. Skothús, innanmál um 1,5 x 1,5 x 0,5 m. Veggjarþykkt víðast um 1 m. Dyr á miðjum SV-vegg, br. 0,8 m., og vita skáhallt í stefnu meðfram ásabruninni. Skothúsið er byggt úr torfi og grjóti og stendur neðarlega í ásnum þar sem hann endar til austurs.<sup>69</sup>

Nr.49

**Girðingarleifar**

C4

Norðarlega á Baulutanga, nálægt sjó.

---

<sup>67</sup> Jóhann Rafnsson segir, að ofan á grjóthleðslunni hafi verið trébryggja eða gólf, sem hvíldi á búkkum og voru þeir þyngdir niður með grjóti

Ofan við lendinguna, nálægt á brekkubruninni, stóð hótél Þórsnes, sem brann árið 1959. Sér enn fyrir hluta af steinsteiptum grunni þess

Uppganga frá mannvirkjum hér er nú að talsverðu leyti horfin undir uppfyllingu, einkum í efri hluta brekkunnar

<sup>68</sup> Sigurður Ágústsson Stykkishólmi, f. 1925 og uppallinn í Vík, segir stekkurinn hafa verið löngu kominn í eyði á æskuárum sínum.

<sup>69</sup> Sigurður Ágústsson, Stykkishólmi, segir þetta vera tófubyrgi, þ.e. skotbyrgi. Það er frá því fyrir hans tíð í Vík. Hins vegar ku hafa verið mikið um tófu á árum áður og byrgið þá byggt. Skothúsið er merkt inn á örnefnakort yfir Stykkishólm (eftir Jóhann Rafnsson og Erlar Kristjánsson).

Lýsing: Hér er um að ræða girðingarleifar og hefur girðingin verið styrkt eða "þétt" neðst með grjóti. Sjást enn einn eða tveir staurar og gaddavír. Hleðsla frá suðurkjafti Dauðsmannsvíkur gæti verið frá elstu byggð í Vík, varla mikið eldri. Hún er lítilfjörleg, aðeins einföld steinaröð, og ekki mjög regluleg. Hleðslan nær um 35 m. í suður frá sjó. Girðingarleifar þessar hafa eflaust með búskap í Vík að gera.<sup>70</sup>

Nr.50a-c      **Sauðhús, grjóthleðsla og húsrúst**      A4

Nál. skógræktarsvæði, sunnanvert í vesturenda Grensáss, við veg.

Lýsing: a) Sauðhús, aflöng rúst með afhýsi. Aðalhluti tvískiptur með skilvegg út frá N-vegg. Dyr milli hluta um 0,5 m breiðar. Sá fremri um 4 x 2,3 x 0,5 m að innanmáli. Þykkt S-veggjar um 2 m, N-veggjar um 1 m. Dyr á miðjum vesturgafli, br. um 0,7 m. Innri hluti um 3,5 x 2,5 x 1,5 m. að innanmáli. Byggður utan í kletta að sunnan- og austanverðu og mynda þeir bakgafl. Veggjarþykkt um 1,4 m. Inngangur í afhýsi úr fremri hluta norðanverðum, br. um 0,5 m. Innanmál þess um 2 x 1,8-2 x 0,5 m. N-veggur sauðhússins heldur áfram um 2,5 m framan við útidyr. Andspænis honum er stór klettur og saman mynda þeir eins konar gang framan við rústina. Óhætt er að segja, að þeir sem reistu sauðhúsið hafi hagnýtt sér vel aðstæður í náttúrunni hvað staðsetningu þess varðar.

b) Grjóthleðsla, um 2 x 1 x 0,2 m fast við stóra klöpp framan og norðan við sauðhúsið. c) Húsrúst, innanmál um 1,7 x 1,7 x 0,3 m. Veggjarþykkt um 1 m. Dyr, br. um 0,5 m, syðst á vesturhlið. Rúst þessi er um 10 m norðan við afhýsi í sauðhúsinu a). Út frá framgafli gengur um 2 m löng hleðsla í norður og er beint framhald af honum. Ekki sér hér til annarra tófta.<sup>71</sup>

Nr.51      **Fjárbyrgi**      A3-4

Lægð í suðaustanverðri Byrgisborg, nálægt klettabrúninni.

Lýsing: Sporöskjulaga rúst, innanmál 8 x 7 x 0,5 - 1 m. Veggir all útflattir, þykkt um 2 m. Inngangur að norðvestanverðu, br. um 1 m. Rústin virðist eingöngu byggð úr torfi.

Nafnið Byrgisborg bendir til að hér sé um einhverskonar byrgi að ræða, líklega fjárbyrgi.

Nr.52      **Sel?**      C3-4

Við s.k. Selhól á vesturbakka lækjar.

---

<sup>70</sup> Heimildarmaður: Sigurður Ágústsson Stykkishólmi, f. 1925 og uppalinn í Vík. Girðingarleifa hér getið vegna til að taka af allan vafa.

<sup>71</sup> Jóhann Rafnsson segir að rúst nr.50a sé sauðhús. Var það í eigu mektarmanns í Stykkishólmi er Richter hét, en fóstri Jóhanns var um skeið ráðsmaður hjá honum. Telur Jóhann að rústin sé eitthvað eldri en 1900.

Lýsing: Innanmál um 4 x 2 m. Veggjarleifar í hæð við jörðu, veggjarþykkt 1 - 1,5 m. Dyr á SV-hlið um 1,5 m br. og snúa að læknum. Rústin, hefur spillst mikið. Nú sjást einungis mjög lítilfjörlegar menjar grjóthleðslu, en má þó greina stærð og lögun.

E.t.v. er þetta selrúst? <sup>72</sup>

Nr.53

**Rúst**

C3-4

Við dálitla hæð vestan Selhóls.

Lýsing: Rústaleifar, aðeins nyrðri langveggur eftir, um 4 x 1 m en mjókkar aftur. Veggjarhæð um 0,5 m. Inngangur virðist hafa verið á SA-hlið, br. um 0,8 m. Rústin er byggð utan í hæðina.

Nr.54

**Skálarúst?**

B1-2

Um 40-50 m austan flugvallar í mýrlendi milli tveggja ása.

Lýsing: Langhús með áföstu afhýsi. Innanmál langhúss um 12 - 12,7 x 6-7 x 0,5 m. Veggjarþykkt um 1,5 m. Dyr, um 0,5 m br. virðast vera á u.þ.b. miðjum N-vegg. Vestan langhúss er afhýsi og um 1m br. dyr á milli. Vestur úr afhýsi virðist ganga klefi, innanmál um 2,5 x 2 x 0,5 m. Innanmál afhýsis, nær langhúsi, er um 4 x 4 x 0,5. Veggjarþykkt um 1 m. Þá eru um 1 m br. útidyr á afhýsi, næst langhúsi. Rústin er mjög komin í þýfi, einkum þó afhýsið og erfitt að segja til með vissu um lögun og stærð. Þá er austasti hluti langhússins einnig óskýr vegna þýfis.

Rústin stendur á þurru bletti, sem sker sig nokkuð úr mýrlendinu umhverfis. Þetta er gamalt mógrafasvæði og sér víða fyrir þeim enn. Mógrafirnar og aðrir staðhættir hér gera rústina mjög tortryggilega. Það er því mjög óvíst að um leifar einhverrar byggingar sé að ræða.

Nr.55

**Garður**

B1-2

Stórbýft mýrlendi milli tveggja ása um 30 m vestan flugvallar.

Lýsing: Torfgarður, um 13 x 0,5 - 1 x 0,5 m, sveigir lítið eitt út um miðjuna og myndast þar eins og dálítið útskot. Við báða enda beygir garðurinn um 1 - 2 m til norðurs.

Hleðslur eru skýrari hér en í rúst nr.54, þó virðist hvortveggja af svipuðum aldri. Mýrlendi og mógrafir umhverfis gera garðinn tortryggilegan.

---

<sup>72</sup> Um 10 m. norðar, einnig fast við Selhól, telur Jóhann Rafnsson að staðið hafi sel. Segir hann að farið hafi verið yfir það með tætara og gjöreyðilaggt. Á þessum stað eru miklar þúfur og ekki neinar mannvistarleifar að sjá. Jóhann kveðst oft hafa skoðað selrústirnar, m.a. með Kristjáni Eldjárn, og voru þær þá skýrar og greinilegar. Hér eru mörg sel örnefni, öll merkt inn á örnefnakort yfir Stykkishólm.

Nr.56

**Bæjarstæði**

A3

Lægð milli tveggja kletthæða vestan í s.k. Hömrum.

Lýsing: Bygging með 3 vistarverum og sambygðu húsi SA-við. Inngangur í aðalhúsið snýr í NV, br. 0,5 - 1,5 m. Þegar inn er gengið eru herbergi til beggja handa (A og B). Mjór gangur, um 0,5 m br. liggur beint frá útidyrum að þriðja herberginu (C), innanmál um 5 x 3 x 0,5 m. Innanmál B er um 3 x 1,5 x 0,5 m, en A um 2 x 2 x 0,5 m. Veggjarþykkt í húsi þesu er um 1 - 1,3 m. Við hlið C að SA-verðu er lítið hús (D) innanmál um 3 x 3 m. Inngangur, um 2 m br. snýr til SV. Líklega hefur verið hér timburstafn. Samsíða D virðist vera ein tóftin enn (E). Innanmál tæpir 3 x 3 m og er hún er mun óskýrari en hinar. Fast aftan við D er lítil dæld (F), gæti hugsanlega verið tóftarleifar, en það er mjög óvíst.

Rústin stendur um 10 m frá fjöromörkum og er reist utan í klettótt holt.

Nr.57a-b

**Grjótbyrgi og garðbrot**

B2-3

Uppi á s.k. Hömrum, vestarlega.

Lýsing: **a)** Grjótbyrgi, innanmál um 1,7 x 1,5 m, að lögun eins og hornskakkur ferhyrningur. Aðeins neðstu hleðslurnar eftir og eru í hæð við jörðu. Þykkt veggja um 0,3 m. **b)** Garðbrot, um 5 x 1 x 0,4 m. Stefnir að mestu í SA, en beygir síðan í S.

Þetta eru e.t.v. leifar af fornum landamerkjagarði?<sup>73</sup>

Nr.58

**Skotbyrgi?**

C4

Vestast í s.k. Malarvík þar sem Hamrar enda til austurs.

---

<sup>73</sup> Í skrá um landamerki Helgafells frá um 1250 segir svo: "J millum Augrs ok grunnasunds ness ræðr hagagarðr norðan fra sæ upp til miofafiardar..." (Dipl. Isl. I, bls. 578). Að öllum líkindum er getið um sama garð í lýsingu Helgafells- og Bjarnarhafnasókna 1842: "Sömul(eiðis) hefir undan Nesvogsbotni vestanverðum gengið garður þvert yfir nesið og flóana til sjóar, að sunnanverðu við svonefndan Kollhamar, sem liggur móts við eyjuna Sellón. Garður þessi hefur legið á milli jarðanna Ögurs og Grunnasundsness." (Sýslu- og sóknarlýsingar III, Snæfellsnes, bls. 191.).

Þá segir frá garðinum í örnefnalýsingu Ögurs, sem Þorleifur Jóhannesson skráði (bls. 4): "Ögursland náði áður inn á svokallaða Hamra...var hagagarður innan við Minni... og Ytri-Hamarinn...þvert yfir upp að Nesvogi...kom hann að firðinum skammt neðan við fjarðarbotninn suðvestan við klettastapann, sem er vestan við þjóðveginn og kallaður er Jóns-Einbúi...þar er graslaut austan vegarins, er heitir Sílalaut...garðurinn hefur legið sunnan við hana. Fyrir garðinum sér ennþá, þar sem hann hefur legið yfir mýrar, en er horfinn á holtunum." Afar óvíst er að garðbrot það, sem hér um ræðir sé hluti af áður nefndum landamerkjagarði. Óþarft er að taka það fram, að garðurinn fannst ekki við vettvangskonun.



Nokkuð þýft mýrlendi. Ögursvegur um 10 m norðaustan við.

Lýsing: Nokkurnvegin sporöskjulaga rúst, innanmál um 9,4 x 6 x 0,5 - 1 m. Veggjarþykkt 0,5 - 2 m, mest í bakhlíð. Inngangur til NA, br. um 0,5 m. Gólf eða botn rústarinnar er allt úr grjóti, en í veggjum einungis torf.

### 3.0 Fornleifar í eyjum

#### 3.1 Bíldsey

Bíldseyjar er fyrst getið í Þórðar sögu kakala, en hún er talin rituð laust eftir 1271.<sup>75</sup> Þar er eyjan nefnd í sambandi við atburði, sem gerðust um 1240 og er ekki í byggð. Virðist hún hafa verið notuð sem beitarland fyrir hesta á þessum árum. Í máldaga Helgafellsklausturs 1377 - 1378 er Bíldsey talin óbyggð.<sup>76</sup> Sömu sögu er að segja í Vilchinsmáldaga 1397.<sup>77</sup> Árið 1702 var einn ábúandi í eyinni og þar að auki einn búðarmaður.<sup>78</sup> Árin 1801 og 1845 var áfram einn ábúandi, en enginn búðarmaður.<sup>79</sup> Bíldsey fór í eyði 1946.<sup>80</sup>

Nr.108a-d      **Grjótgarður og naust**

B4

Vogur, sem skerst inn í eyna að norðanverðu, s.k. Norðurvogur.

Lýsing: **a)** Grjótgarður, um 7 x 0,4 x 0,5 m. Einföld grjóthleðsla í fjöru neðan þriggja nausta. Virðist vera um eins konar bryggju að ræða. **b)** Naust (A á teikn.), grafið inn í bakka. L. 2,5 - 3 m, mesta mælanleg breidd um 1,5 m, dýpt um 0,4 m. Talsvert gróið og nokkuð hátt upp að því miðað við hin tvö. Hefur líklegast hrunið inn það. **c-d)** Naust (B-C á teikn.), grafin inn í bakka. Um 1 m þykkur veggur milli A og B. Enginn veggur er nú sjáanlegur milli B og C, en hefur líklega verið það upphaflega, verður þeim því lýst hér saman. Ekki hægt að segja til um stærð og lögun B. Vestasta naustið (C) hefur verið stærst, mælanleg lengd er um 2,5 m, en mesta breidd um 2 m. Dýptin er um 1 m.<sup>81</sup>

---

<sup>75</sup> Sturlunga saga II. Sturlungaútgáfan. Rvk. 1946, bls. xliii og 30-31.

<sup>76</sup> Dipl. Isl. III, bls. 328.

<sup>77</sup> Dipl. Isl. IV, bls. 167.

<sup>78</sup> Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns V, Kaupmannahöfn 1933, bls. 356-357.

<sup>79</sup> Manntalið 1801, Vesturamt, bls. 131; Manntalið 1845, Vesturamt. bls. 129.

<sup>80</sup> Byggðir Snæfellsness. Búnaðarsamband Snæfellinga 1977, bls. 452.

<sup>81</sup> Skv. örnefnalýsingu Bíldseyjar (Örnefnastofnun. Einar G. Pétursson), var venjulega lent hér. Stefán Halldórsson Stykkishólmi, f. 1903 og bóndi í Bíldsey 1940-1942, kveðst ekki hafa notað þessi naust.

Nr.109a-b **Garðlög**

B3

Flötin suður og upp af Norðurvogi.

Lýsing: **a)** Torfgarður, um 15 x 1 x 0,3 m. Liggur suður og upp af Norðurvogi. **b)** Torfgarður, um 39 x 1,5 - 2 x 0,5 m. Myndar rétt horn við áðurgreindan garð (a), þar sem hann endar til suðurs, og stefnir í vestur allt upp á s.k. Búðarhóla, sem eru tveir, en á þeim vestari stendur núverandi íbúðarhús og skammt frá því endar garðurinn. Vestasti hluti hans er mjög þýfður.

Nr.110 **Matjurtagarður**

C4

Suðaustanundir s.k. Bjarghól.

Lýsing: Hér er um að ræða 8 x 3 m ferhyrndan reit sem afmarkast af grunnum skurði, 0,3 m á breidd og 0,4 m á dýpt. Skurðurinn er sennilega grafinn til að halda garðinum þurrum. Skjólgtott er hér undir klettunum fyrir austan- og norðaustanátt.<sup>82</sup>

Nr.111a-c **Rúst og garðlög**

B3/C4

Á eystri Búðarhól, rétt hjá núverandi íbúðarhúsi.

Lýsing: **a)** Leifar húss, aðeins veggjabrot eftir. N-veggur um 10 x 2 x 0,5 m. V-veggur um 4 x 2 x 0,5 m. A-veggur um 2 x 2 x 0,5 m. Hugsanlega um 1m br. dyr í NA-horni. **(B3)** **b)** Mjór skurður liggur norður frá íbúðarhúsi og niður að sjó. Um 3 m langur garður er hlaðinn sitt hvoru megin við hann utan núv. girðingar, sem er umhverfis húsið. **(C3)** **c)** Torfveggur um

8 x 0,6 x 0,4 m. Er 20 m NNV við íbúðarhúsið. Stefna A-V. **(C3)**

Nr.112a-c **Fjánhús, hlaða og heytóft**

C4

Nálægt sjó vestan við Norðurvog.

Lýsing: Hér er um að ræða sambyggð fjánhús, hlöðu og heytóft. **a)** Fjánhús, innanmál um 5 x 4 x 1 - 1,5 m. Veggjarþykkt um 0,8 - 1,5 m. Neðri hluti veggja hlaðinn úr grjóti, en ofar eru torfuhnausar (snydda). Dyr á V-gafla við S-vegg, br. um 1 m. Innrekstrargarður, um 2,5 x 1,3 x 0,5 m, er í framhaldi af S-vegg. **b)** Hlaða, innanmál um 7 x 2 x 1 - 1,5 m. Veggjarþykkt um 0,5 - 1 m. Sameiginlegur veggur með fjárhúsi eingöngu byggður úr snyddu, A-veggur einnig bara úr torfi. Dyr hafa verið á S-vegg og báðir gaflar úr timbri og bárujárni og sér fyrir því enn. Hlaðan stendur að baki fjárhúsanna. **c)** Heytóft, innanmál um 1,5 x 1,5 x 0,5 m. Veggjarþykkt um 0,6 m. Tóftin er um 0,5 m framan við framgafl hlöðunnar og hefur þurft að sneiða hjá henni til að komast í hlöðuna. Meðfram tóftinni að austanverðu er hlaðinn pallur eða upphækkun og nær hann allt að hlöðugafla.

---

<sup>82</sup> Stefán Halldórsson segir að matjurtagarður þessi hafi verið til á búskaparárum sínum í Bíldsey (1940-1942), en var að vísu ekki í notkun á því tímabili.

Hæð um 0,5 - 0,8 m.<sup>83</sup>

Nr.113            **Garður**

B3

Vesturhluti Bíldseyjar.

Lýsing: Um 40 - 50 x 1,5 x 0,4-0,5 m. Byrjar vestanmegin í hól þeim, sem íbúðarhúsið stendur nú á. Hefur sennilega náð allt að suðurbarmi Dritvíkur upphaflega. Garðurinn er talsvert útflattur og þýfður.

Vörðuleifar eru á s.k. Miðaftanshól.

Nr.114a-i            **Geymsluhús, fjárrétt, fiskbyrgi og grjóthleðsla**    A2-4

Syðst á s.k. Réttartanga.

Lýsing: **a)** Geymsluhús. Innanmál 6 x 2,5 x 1,5 - 1,7 m. Veggjaþykkt um 1,5 m. Dyr á A-vegg nálægt S-enda og út frá þeim hlaðnir stuttir veggir. Húsið er allt hlaðið úr grjóti.<sup>84</sup> **b)** Fjárrétt, hlaðin úr grjóti. Innanmál 8 x 4 x 1 - 1,5 m. Veggjaþykkt um 1 m. Inngangur á mótum A-veggjar og N-gafls. Um 3 m frá N-gaflri sveigir A-veggur talsvert út, sem hefur auðveldað fé inngöngu. Réttin stendur um 4 m. sunnan geymsluhússins (a). **c)** Fiskbyrgi, innanmál um 1 x 1 m. Nú sér bara fyrir grjóthleðslum, sem eru í hæð við jörðu. Rústin er ferningslaga og inngangur við SV-hornið. Stendur um 7 m. austan réttarinnar (b). **d)** Fiskbyrgi, innanmál um 1 x 1 m, ferningslaga með inngangi í SA-horni. Grjóthleðslur í hæð við jörðu. Rústin er fast við fyrrgreint byrgi (c) að SA-verðu. **e)** Ólöguleg grjóthréga, líklega leifar fiskbyrgis, við hlið byrgis nr.114c að SV-verðu.

**f)** Fiskbyrgi, aðeins S-hluti þess sjáanlegur og hverfur undir grjóthrégu við S-enda réttarinnar (b). Innanmál 1 x 0,6 m. Grjóthleðslur í hæð við jörðu. Þykkt veggja um 0,5 m. **g)** Grjóthleðsla, um 2 x 0,5 m. Aðeins undirstaðan eftir í hæð við jörðu. Gengur út frá réttinni (b) nálægt SA-horni. **h)** Fiskbyrgi, utanmál um 2 x 1,8 m. Grjóthleðslur í hæð við jörðu. Inngangur, um 0,5 m, er í SA-horninu. Rústin er milli réttar (b) og geymsluhúss (a). **i)** Við NV-horn réttarinnar (b) vottar fyrir gömlum hleðslum, en eru þó mest undir henni. Líklega leifar fiskbyrgis.

Nr.115 a-b            **Naust og grjótbryggja**

B4

Vesturhluti eyjarinnar, s.k. Vesturvör.

---

<sup>83</sup> Eggert Björnsson, Stykkishólmi, segir að hér hafi verið lambhús eða hrútakofi. Notaði Eggert Eggertsson í Bíldsey húsin á árunum 1907-1930. Stefán Halldórsson kveðst hafa byggt fjós á þessum stað. Hlaðan og heytóftin voru reist síðar.

<sup>84</sup> Eggert Björnsson frá Arney, nú bús. í Stykkishólmi, segir að hér sé um eldiviðargeymslu að ræða, var einkum geymdur mór í henni. Stefán Halldórsson, Stykkishólmi, kveðst hafa hresst upp á húsið, þ.e. hlaðið upp vegg. Notaði hann það til að herða og salta fisk í. Var þakið þannig úr garði gert að blés inn í húsið.

Lýsing: **a)** Naust: Hlaðinn veggur um 6 x 0,5 x 0,7 m. Aðeins um þennan eina vegg að ræða og stendur hann á bakka ofan við vörina. Byggingarefni torf og grjót.<sup>85</sup>

**b)** Grjótbyggja, í fjörunni beint niður undan naustinu. Við vettvangskönnun var flóð og því ekki hægt að lýsa henni nánar.<sup>86</sup>

Nr.116a-c      **Kofar og hjallur**

C4

Upp af u.þ.b. miðjum Suðurvogi á lágri hæð við fjöruna.

Lýsing: **a)** Kofarúst, innanmál um 2,5 x 1,5 x 0,5 m. Veggjaþykkt um 1 m. Opinn til suðurs í átt að vognum, sennilega verið með timburstafni. Notkun eflaust tengd sjósókn. Kofinn er byggður á eldra húsi svipuðu að stærð. **b)** Kofarúst, hverfur undir áðurgreindan yngri kofa (116a) og hefur líklega verið svipaður að lögun og stærð. Aðeins N-hlutinn eftir. Utanmál um 3 x 1 x 0,5 m. Veggjaþykkt um 1 m. Stendur um 1 m að baki yngri kofans og er úr torfi og grjóti eins og hann. Notkun sennilega tengd sjósókn.

**c)** Fiskhjallur, samanstandur af tveimur samsíða grjótveggjum, bil á milli þeirra um 2,5 m. Stærð veggja um 3 x 1 x 0,5 m. Hjallurinn stendur um 0,2 - 0,3 m framan við kofa nr.116a og lokar nánast fyrir inngang í hana.<sup>87</sup>

Nr.117      **Traðir**

C4

Í slakka, neðan og sunnan núverandi íbúðarhúss, niður að þýfðri flöt.

Lýsing: Um 17 x 2 m Líkast því sem þúfur hafi verið stungnar upp og við það myndast nokkurn vegin slétt braut eða traðir upp að íbúðarhúsinu.<sup>88</sup>

Nr.118      **Naust**

C3-4

Austast í Suðurvogi.

Lýsing: Innanmál um 6 x 1,5 x 0,5 m. Grafið inn í sjávarbakka og mjókkar nokkuð fram. Brekka myndar S-langvegg naustsins.<sup>89</sup>

---

<sup>85</sup> Eggert Björnsson segir að sé þetta naust og var lent hér í norðanátt. Stefán Halldórsson notaði naustið á búskaparárum sínum í eygni ,þ.e. 1940-1942.

<sup>86</sup>. Mannvirki þetta byggt eftir 1942 segir Stefán Halldórsson.

<sup>87</sup>. Eggert Björnsson segir að fiskur,sem hertur var í hjallinum hafi verið látinn inn í kofann aftan við.

<sup>88</sup>. Stefán Halldórsson segir að traðir þessar hafi ekki verið til á sinni tíð hér.

<sup>89</sup>. Eggert Björnsson segir að hér sé um að ræða aðalnaustið í Suðurvogi. Ekki í notkun á búskaparárum Stefáns Halldórssonar í eygni.

Nr.119

**Kofi**

C3-4

Vesturhluti Bíldseyjar á mótum Seljatanga og Suðurvogs.

Lýsing: Innanmál um 4 x 2 x 0,4 m. Veggjabykkt um 1 m. Dyr, 1 m br. snúa í S og eru um 1 m frá V-gafl.

Rústin er um 10 m ofan og austan við naust nr. 118.

Nr.120a-b

**Bæjarstæði/Einarsbær og kofi**

C4

Lægð milli s.k. Bjarghóls og Tóftarhóls.

Lýsing: **a)** S.k. Einarsbær, innanmál um 7 x 3 x 1 - 1,7 m. Þykkt veggja um 2 m. og er flái á þeim utanverðum. Framhlið snýr í NV og hefur verið þar timburstafn með útidyrum. Þessi hluti rústarinnar er verst farinn, en hún er byggð úr torfi og grjóti, þ.e. með streng milli hleðslna. Mjög heilleg rúst. **b)** Kofi, innanmál um 2,5 x 2,5 x 0,5 m, sambyggður Einarsbæ að SV-verðu. Dyrabreidd um 0,7 m, við sameiginlegan vegg.<sup>90</sup>

Nr.121a-b

**Bæjarstæði og kofi**

C4/B1-2

Vestuhluti Bíldseyjar nálægt miðri ey á s.k. Bæjarhól.

Lýsing: **a)** Bæjarrúst. Á teikn. er hver hluti merktur með A-C. A: Innanmál um 6 x 4 m. V-veggur verið úr timbri. B: Innanmál um 3 x 2 m. Dyr á miðjum V-vegg. Gengið úr A í þetta hús. C: Innanmál um 6 x 5 m. A-veggur utanverður stendur mikið til og er grjóthleðsla upp í um 0,7 m. hæð. Þar ofan á 0,8 m. þykkt lag af streng. Þetta er bakgafl og er hæstur veggja í rústinni. Framhliðin, sem snýr í vestur, hefur verið að mestu úr timbri. Dyr um 1 m br. á miðjum N-vegg. Hér er um allmiklar tóftir að ræða en illa farnar. Sumstaðar standa heilir veggir í næstum fullri hæð, annarsstaðar mikið skemmdir.

**b)** Kofarúst (D á teikn.). Innanmál um 4 x 2 m. Hlaðinn garði meðfram A-vegg, h. um 0,4 m, br. um 0,4 m. Framgafl, sem snýr til NV, hefur verið úr timbri. Stendur rúma 2 m. austan bæjarrústar.

Um 10 m. NV-við rústirnar er brunnur.

Nr.122

**Skemma/eldhús**

C4

Á brekkubrún, suðaustan í s.k. Bjarghól.

---

<sup>90</sup>. Eggert Björnsson segir þetta vera bæ Einars Jónssonar, en hann bjó í Bíldsey 1890-1907 (sbr. Byggðir Snæfellsness. Búnaðarsamband Snæfellinga 1977, bls. 452).

Lýsing: Innanmál um 3 x 1,5 x 1 m. Veggjarþykkt um 1 m. Dyr, br. 1 m, á SV-gafl. Í rústinni má líta timbur- og bárujárnsbrak.<sup>91</sup>

Nr.123            **Rúst**

B3

Uppi á s.k. Tóftarhól.

Lýsing: Tvískipt húsrúst. Innanmál eystri hluta er um 3 x 1,7 m. Á skilvegg nálægt framgafla eru 0,8 m br. dyr milli vistarvera. Innanmál vestari hluta er um 4 x 1,2 m. Sameiginlegar útidyr, um 1,5 m br. eru á NA-gafl. Þykkt veggja 1 - 2 m, hæð um 0,3 m. Hlutverk óvíst.<sup>92</sup>

Nr.124a-b        **Kofi og garðlag**

C4

Laut, girt klettum, við Suðurvog á vestanverðum á Stekkjartanga.

Lýsing: **a)** Innanmál kofa um 3,5 x 3 x 1 - 2 m. Hann er byggður utan í klett sem myndar alla suðurhlið og hluta af austurhlið. Veggur er hlaðinn ofan á klettinn að austanverðu og einnig að sunnan. Dyr, br. 0,5 m, í NV-horni. Heilleg og falleg tóft. Timbur- og bárujárnsleifar hér við hliðina.<sup>93</sup>

**b)** Garðlag, 10 x 1 x 0,3 m úr torfi og grjóti, nær frá klettum austast í lautinni, að þremur stórum steinum nálægt vognum, skiptir henni þannig í tvennt og myndar afgirt svæði ásamt klettunum umhverfis.

Þetta hefur hindrað fé að komast norðar, meðfram vestanverðum Tóftarhól og inn í Suðurvog. Hér eru aðstæður í náttúrunni notaðar á frábæran hátt, þ.e. aðeins einn garður nægir til að girða lautina af. Garðlagið er sýnilega eldra en kofarústin (a).

Nr.125a-d        **Fjárhús, hlaða og hrútakofi?**

B4

Sunnarlega á Seljatanga við Stemmuvík.

Lýsing: Um er að ræða tvenn fjárhús, ásamt hlöðu og hrútakofa, mismunandi gömul. **a)** Hlaða, innanmál um 5 x 2,3 x 1 m. Veggjaþykkt um 1 m. Útidyr á N-vegg nokkuð austan

---

<sup>91</sup>. Eggert Björnsson segir þetta hafa verið skemmu og eldhús samtímis. Var t.d. oft soðið hér slátur. Skv. örnefnalýsingu

Bíldseyjar (Örnefnastofnun. Einar G. Pétursson) stóð skemma norðan bæjar og gæti staðsetningin vel átt við þessa rúst.

<sup>92</sup>. Seljatangi gengur til suðurs frá hól þeim, sem rústin stendur á, sbr. Örnefnalýsingu Bíldseyjar, bls. 2. Mjög vafasamt er þó að um selrúst sé hér að ræða

<sup>93</sup>. Eggert Björnsson segir þetta vera hænsnakofa Eggerts Eggertssonar, sem bjó hér á árunum 1907-1930, sbr. Byggðir Snæfellsness, bls. 452.

við miðju, br. um 0,5 m. Stendur að baki fjárhúsum (C) og hefur einn vegg sameiginlegan með þeim, dyr á milli þeirra eru um 1 m br. Tilheyrir yngri hluta rústanna.

**b)** Hrutakofi?, innanmál um 2,3 x 1,5 x 1 m. Veggjaþykkt um 1 m. Dyr um 1 m br. snúa í austur við sameiginlegan vegg eldri fjárhúsa (d) og kofans, sem jafnframt er sambyggður hlöðunni (a). Tilheyrir yngri hluta rústanna.

**c)** Yngri fjárhús, skipt með garða í tvennt og er V-hluti um 7 x 1,5 m að innanmáli, en eystri 7 x 2 m. Hæð veggja um 1 m. og þykktin álika. Sérstakar útidyr eru inn í hvorn hluta fyrir sig, br. V-dyra um 0,8 m, br. A-dyra um 1 m. Innri mörk veggja víða ekki greinanleg vegna hruns. Eldri fjárhús (d) eru samsíða að austanverðu.

**d)** Eldri fjárhús, skipt með garða í tvennt og er hvor hluti fyrir sig um 6 x 1,3 m að innanmáli og hafa báðir sérstakar útidyr um 1 -1,4 m br. Veggjahæð er um 0,3 - 0,4 m, veggjaþykkt um 1 m. Þessi fjárhús eru talsvert hrugin og sjást útlínur ekki glöggt í V-hluta.

Nr.126a-c **Fjárhús, heytóft og rétt**

B4

Hæð um miðbik eyjarinnar NA af Stemmuvík.

Lýsing: **a)** Fjárhús, innanmál um 8 x 4 x 0,5 m. Veggjaþykkt um 1 m. Skipt með grjótgarða í tvennt og sérstakar dyr inn í hvorn hluta fyrir sig. Fjárhúsin standa í brekku og hallar niður hana í S-átt. Heytóft (b) er sambyggð þeim að aftanverðu. **b)** Heytóft, innanmál um 5 x 3 x 0,5 m. Veggjaþykkt um 1 m. Innangengt er milli heytóftar og fjárhúsa aftan við garðann. Rústir þessar báðar byggðar úr torfi og grjóti. **c)** Rétt eða afgirt svæði, um 12 x 12 m. Veggjahæð um 1,5 m, veggjaþykkt um 1 m. Samanstendur af þremur veggjum, en N-veggur enginn. Stendur um 2 m sunnan fjárhúsa og opin fyrir þeim.<sup>94</sup> **d)** Brunnur, um 2,5 x 1 m. Er skammt norðaustan fjárhúsanna (a), undir hól í mýrarjaðri.

Nr.127 **Kofi**

C4

Lægð milli tveggja hóla skammt SA frá fjárhúsrúst nr.126a.

Lýsing: Kofarúst, innanmál um 3 x 2 x 0,5 m. Veggjaþykkt um 0,8 m. Dyr, um 1 m br. eru á miðjum SV-gafla.

Nr.128a-b **Útihús**

B3

Hóll við austanverða Stemmuvík.

Lýsing: **a)** Innanmál um 3 x 2 x 0,3 m. Veggjaþykkt um 1 m. Framhlið snýr í SV og eru dyr, um 1 m. br. við SA vegg. **b)** Innanmál um 4 x 2 x 0,3 m. Veggjaþykkt um 1 m.

---

<sup>94</sup>. Í örnefnalýsingu Bíldseyjar (Örnefnast. Einar G. Péturss.) er talað um að seinna hafi verið rekið inn við fjárhúsin. Líklega passar þetta við hið afgirta svæði eða rétt. Eggert Björnsson, sem oft kom í Bíldsey meðan hún var í byggð, segir að það hafi verið eins og beðasléttur inni í hinu afgirta svæði.



Klofhóli í átt að Stekkjarborg, en sokkinn í þýfinu milli hæðanna. Eins og nú er háttað nær garður þessi ekki alveg að garði a), en mun sennilega hafa gert það upphaflega.

Garðlög nr.285 og 286a-c mynda afgirt svæði ásamt Kúaborg, Helguborgum, Stekkjarborg og Klofhól. Sennilega hefur verið hér kúabeit, að sumri til, því borgirnar eru ókleyfar fyrir kýr, en hins vegar vel færar fyrir fé. Garðlögin hér á austurenda eyjarinnar virðast eldri en flestallar aðrar rústir í Bíldsey.<sup>96</sup>

Nr.287a-b      **Garðlag og kofi**

B3-4

Austurhluti eyjarinnar milli Helguborga og Stekkjarborgar.

Lýsing: **a)** Garðlag, um 80 - 100 x 1,5 -2 x 2 m, mestmegnis úr torfi, en sér á stöku stað fyrir grjóti. Nær frá NA-enda Stekkjarborgar yfir lægð allt að Helguborgum, stefnir í V. **b)** Kofarúst, innanmál um 3 x 1,5 x 0,2 m. Veggjaþykkt um 0,5 m. Kofinn er um 15 - 20 m. vestur frá Stekkjarborg og að norðanverðu við garðlag nr.287a. Myndar garðurinn norðurvegg hans. Virðist helst, sem gengið hafi verið inn í kofann að sunnanverðu og er þar op á garðinum. Er hér um yfirsetukofa að ræða? Garðlag 287a myndar afgirt svæði ásamt Helguborgum, Stekkjarborg og garðlagi nr.286b.

Nr.288      **Stekkur**

A3-4

Austurhluti eyjarinnar suðvestan undir Stekkjarborg.

Lýsing: Innanmál um 4 x 2 x 0,5 m. Veggjaþykkt um 1,2 m. Inngangur um 1 m á V-hlið við SV-hornið. E.t.v. er rústin tvískipt, þ.e. með skilvegg út frá V-vegg um 0,5 m frá inngangi.<sup>97</sup>

Rústin er innan afgirts svæðis, sem takmarkast af garðlögum nr.287a og 286b ásamt Stekkjarborg, Helguborgum og Kúaborg.

Nr.289      **Kofi**

C4

Vestan undir Kúaborg.

Lýsing: Innanmál um 2,5 x 1,5 x 0,5 m. Veggjaþykkt um 1 m. Inngangur, um 0,5 m br. á miðjum NV-gaflí. Rústin er byggð utan í klettótta hæð.<sup>98</sup>

---

<sup>96</sup>. Í örnefnalýsingu Bíldseyjar (bls. 3) er getið um garða að sunnanverðu við Stekkjarborg. Orðalagið bendir til að þeir hafi ekki verið í notkun um 1900, en heimildarmaður lýsingarinnar var fæddur árið 1896. Stefán Halldórsson, bóndi í Bíldsey 1940-1942, kannast ekki við garðlögin hér.

<sup>97</sup>. Örnefni hér benda til að um stekk sé að ræða, sbr. Stekkjartangi, Stekkjarvík og Stekkjarborg. Júlíana Einarsdóttir, f. 1896 og heimildarmaður Örnefnalýsingar Bíldseyjar, segir að ekki hafi verið fært frá á sinni tíð í eyinni. Ekki vissi hún heldur nákvæmlega hvar stekkurinn var.

<sup>98</sup>. Stefán Halldórsson telur sig hafa heyrt huldúfólk hóa inn við Kúaborg og segir hann að Gyða kona sín, sem nú er látin, hafi gert það einnig.

## 4.2 Elliðaey

Elliðaeyjar er fyrst getið í Landnámabók í sambandi við komu Geirmundar heljarskinns til Íslands.<sup>99</sup> Hún kemur einnig við sögu í Eyrbyggju, sem talin er rituð einhvern tíma á árabílinu 1200-1245.<sup>100</sup> Óvíst er hvenær Elliðaey byggist fyrst, en árið 1702 voru tveir ábúendur í eyinni og þar að auki einn búðarmaður.<sup>101</sup> Í manntalinu 1703 er getið um tvær hjáleigur, Hólbúð og Bjargbúð.<sup>102</sup> 1801 var ábúandi aðeins einn og engir búðarmenn<sup>103</sup>, en 1845 voru ábúendur aftur orðnir tveir.<sup>104</sup> Elliðaey fór í eyði árið 1960.<sup>105</sup>

Nr.141a-k **Afgirtur reitur, fiskbyrgi?, garður** A2-3

Suðaustanverð eyjan.

Lýsing: **a)** Afgirtur grjóthlaðinn reitur, um 8 x 6 m. Veggjahleðslur í hæð við jörðu, þykkt veggja um 1 m. Inngangur um 0,5 m br.á austurhlið nálægt miðju og á vesturhlið nokkru sunnan við miðju, um 1 m br. Grjótgarður skiptir reitnum nokkurn vegin í tvennt, en gengt milli helminga og er um 0,5 m br op þar á garðinum. Innan í reitnum eru 7 grjótrústir líklega eftir fiskbyrgi.

**b)** Grjóthrúga, um 2 x 1,5 m hleðslur í hæð við jörðu, líklega fiskbyrgi. Stendur í SV-horni reitarins. **c)** Grjóthrúga, um 1 x 1 m í hæð við jörðu. Líklega fiskbyrgi. Er í SA-horni reitarins.

**d)** Grjóthrúga, um 3 x 1 m í hæð við jörðu. Líklega fiskbyrgi. Stendur við V-vegg á mótis við garð, sem skiptir reitnum í tvennt.

---

Meðal fólks í Stykkishólmi eru frásagnir í gangi um huldukonu,sem á að búa í íbúðarhúsinu í Bildsey. Eggert Björnsson frá Arney kveðst oft hafa séð hana úr bát sínum er hann hefur átt leið framhjá. Fleiri hafa orðið huldukonunnar varir, komið auga á hana við íbúðarhúsið í eyinni.

<sup>99</sup>. Íslenzk fornrit I. Hið íslenzka fornritafélag,Rvk. 1968,

bls. 153.

<sup>100</sup>. Íslenzk fornrit IV. Hið íslenzka fornritafélag,Rvk. 1935,

bls. xlv,57 og 60.

<sup>101</sup>. Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns V, Kaupmannahöfn 1933, bls. 353-354.

<sup>102</sup>. Manntalið 1703, bls. 132.

<sup>103</sup>. Manntal á Íslandi 1801, Vesturamt, bls. 130.

<sup>104</sup>. Manntal á Íslandi 1845, Vesturamt, bls. 128.

<sup>105</sup>. Byggðir Snæfellsness, Búnaðarsamband Snæfellinga 1977, bls. 452.

e) Grjóthrúga, um 1,3 x 1 m í hæð við jörðu. Trúlega fiskbyrgi. Stendur í NV-horni reitarins.

f) Grjóthrúga, um 1 x 1 m í hæð við jörðu. Er í miðjum N-hluta reitarins. Líklega fiskbyrgi. g) Grjóthrúga, um 2 x 2 m í hæð við jörðu. Er við A-vegg í N-hluta reitarins. Líklega fiskbyrgi.

h) Aflöng grjótrúst, innanmál um 1,8 x 0,6 m. Aðeins um einfalda steinaröð að ræða og er hún í hæð við jörðu. Inngangur á N-hlið, br. um 0,3 m. Stendur við norðanverðan garð, sem skiptir reitnum í tvennt.

i) Grjótrúst, innanmál um 2 x 1 x 0,3 m, U-laga. Veggjapýkkt um 0,5 m. Stendur á sjávarbakka um 12 m sunnan afgirts reitar nr. 141a.

j) Grjóthrúga og veggjarbrot, um 1,2 x 0,8 m og er það í framhaldi af N-vegg sambyggðrar rústar (i). Líklega fiskbyrgi.

k) Leifar torfveggjar? meðfram brekku ofan við afgirtan reit nr.141a.

Nr.142a-b **Hjallar/fiskbyrgi**

A3

Lág hæð við sjóinn á suðvesturhluta eyjarinnar.

Lýsing: a) Hjallar/fiskbyrgi, innanmál um 2 x 1 m. Veggir í hæð við jörðu, en breiddin um 0,5 m. Inngangur í NA-horninu, br. um 0,5 m. Úr grjóti. b) Hjallar/fiskbyrgi, innanmál um 3 x 3 m. Aðeins leifar V- og S-veggjar eftir. Hleðslur í hæð við jörðu. Breidd V-veggjar um 1 m. Stendur um 0,5 m vestan hjalls/fiskbyrgis 142a en virðist eldri. Gömul lending er neðan við rústir þessar.<sup>106</sup>

Nr.143a-c **Hjallar/fiskbyrgi**

A2-3

Sjávarbakki á suðvesturhluta Elliðaeyjar, nálægt eyjarenda.

Lýsing: a) Ferningslaga grjótrúst, utanmál um 2 x 2 m í hæð við jörðu. Sennilega hjallar eða fiskbyrgi. b) Ferningslaga grjótrúst, utanmál um 2 x 2 m í hæð við jörðu. Sér fyrir inngangi í NA-horninu. Stendur við hlið a) að austanverðu á sjávarbakkanum. Líklega hjallar/fiskbyrgi. c) Ferhyrnd grjótrúst, utanmál um 1 x 1 m í hæð við jörðu. Afar lítið sér fyrir hleðslum. Hugsanlega hjallar/fiskbyrgi.

Nr.144a-b **Hjallar/fiskbyrgi og afgirtur reitur** A2-3

---

<sup>106</sup>. Í örnefnalýsingu Elliðaeyjar, bls. 1-2, er talað um leifar af fiskhjöllum, heitir svæðið og Hjallar. Hér er ennfremur getið um lendingu neðan hjallanna. (Örnefnastofnun. Örnefnalýsing Elliðaeyjar. Porleifur Jóhannesson skráði). Jónas Pálsson,

áb. Elliðaey 1929-1948, segir að uppsátur hafi verið "út við Hjalla." Eiga að sjást hér kjalför í klappir.

Suðaustasti hluti eyjarinnar.

Lýsing: **a)** Grjótrúst, utanmál um 2 x 2 m, hleðslur sokknar og aðeins einföld steinaröð sjáanleg á yfirborði. Rústin hefur þrjá vegg og er opin til NA. Framan við hana er grjóthrúga óregluleg að lögun. Gæti verið um aðra samskonar rúst að ræða eða hrun úr þeirri fyrri.

**b)** Afgirtur reitur, innanmál líklega um 6 x 3 x 0,2 m. Lögun ferhyrnd, samanstendur af 4 m l. grjótvegg að austan og öðrum 6 m l. að vestan, en niðurgrafið að norðan, þ.e. aftan, og opið að framan. Br. veggja um 0,5 m. Á bak við sést einn girðingarstólpi, sem gæti bent á aldur reitarins, sem nær frá brekkurótum að norðan og fram á sjávarbakka að sunnan. Hlutverk óvíst, e.t.v. matjurtagarður.<sup>107</sup>

Nr.145

**Kofarúst**

C4

Hóll á V-hluta eyjarinnar nálægt henni miðri.

Lýsing: Innanmál um 3 x 2 x 0,5-0,8 m. Veggjaþykkt um 1 m. Rústin er U laga, opin til SV, og byggð utan í brekku.

Nr.146a-c

**Bæjarstæði, grjóthleðslur og brunnur**

B1-4

Hóll um miðja ey og beint upp af núverandi íbúðarhúsi.

Lýsing: **a)** Bæjarhóll, á honum standa nú fjós úr steinsteypu. Við athugun var svæðið á kafi í gróðri, sem huldi bæjarstæðið.<sup>108</sup>

**b)** Grjót kantur, neðarlega í brekkunni, myndar eins og stall í hana. Lengd hans um 15 m, en hæðin um 1,5 m. Þar sem kanturinn endar til vesturs kemur grjóthleðsla hornrétt á hann, um 12 x 1 x 0,5 m og stefnir í norður, upp hólinn. Hornrétt á þessa hleðslu er önnur og stefnir um 40 m í austur. Um 7 m frá horninu er hugsanlega hlið. Erfitt að segja til um hæð og breidd hleðslunnar. Austasti hluti hennar myndar eins og stall framan við fjósið.

**c)** Brunnur, neðan hólans að norðvestanverðu, reft yfir hann.

Nr. 147

**Matjurtagarður**

C4

Lægð norðantil á eyinni.

Lýsing: Innanmál um 9 x 2 m. V-veggur enginn, en garðurinn afmarkast í þá áttina af grunnum skurði, um 0,5 x 0,5 m. A-veggur er um 1 m. á hæð, en N og S um 0,5 m.

---

<sup>107.</sup> Engar rústir fundust í Breiðhólma. Þó kunna einhver mannvirki að vera í lægðinni á milli hans og Heimrahólma. Hér er um að ræða hugsanlegt grjótbyrgi við urð nálægt sjó að austanverðu og grjótgarð, sem nær þvert yfir lægðina. Á svæðinu er mikið um grjótruðning og því óvíst hvort mannaverki séu raunverulega á.

<sup>108.</sup> Jónas Pálsson, Stykkishólmi, segir að bærinn hafi staðið þar sem fjósið er núna.

Veggjaþykkt um 0,5 m. Garðurinn stendur austantil í lægðarjaðri og er þar skjólgott nema í norðan og vestan.

Nr.148a-c      **Útihús, heytóft og túngarður**      B3/C4

Hæðarhryggur um miðja ey.

Lýsing: **a)** Útihús, innanmál um 6 x 2 x 0,5 - 0,8 m. Veggjaþykkt um 1 m. Framgafli snýr í S og hefur verið úr timbri. (C4) **b)** Heytóft, innanmál um 1,5 x 1,2 x 0,5 m, grafin niður í hólinn. Stendur um 1 m aftan við útihúsin (a). (C4) **c)** Túngarður, um 40-50 x 1 x 0,3 m. Virðist mjög gamall, nú mikið siginn og tekinn að eyðast. Nær þvert yfir efsta hluta hæðarhryggjarins að bröttum brekkum sunnan og norðan við. Útihúsið og heytóftin eru að hluta byggð ofan á garðinum. (B3)

Hér er sagt að Ólafur Jónsson, áb. Elliðaey 1914 - 1929, hafi haft hænsni.<sup>109</sup>

Nr.149      **Verbúð/Gíslabúð**      B3-4

Sjávarbakki ofan við s.k. Kýrhólsvík.

Lýsing: Innanmál um 4,5 x 2,5 x 0,5 - 1 m. Veggjaþykkt um 0,8 m. Dyr um 1 m br. á miðri S-hlið og snúa í átt til sjávar. Framan við þær virðast hlaðnir eins konar kampar til sitt hvorrar handar, gæti hér e.t.v.hafa verið um einslags fordyri að ræða. Hæð kampanna er um 0,7 m. Veggjarstúfur, um 1 x 0,5 x 0,3 m gengur skáhallt inn í vestanvert húsið út frá S-vegg. Framan við rústina, sem kallast Gíslabúð, eru einhver óljós veggjabrot.<sup>110</sup>

Nr.150      **Sumarfjós?**      C4

Lágur hóll NV og upp af Kýrhólsvík.

Lýsing: Sléttuð hefur verið úr rústunum og sér afar lítið fyrir þeim. Má þó greina tvær tóftarleifar, en við athugun voru þær á kafi í grasi og torveldaði það mjög vettvangskönnun. **a)** Húsrúst, innanmál um 5 x 3 m. Veggjarþykkt um 1 m. Framgafli snýr í suður og er rústin opin í þá áttina.

**b)** Húsrúst, innanmál um 2 x 1,5 - 2 m. Veggjaþykkt um 1 m. Framhlið snýr í austur. Rústin stendur um um 2 - 3 m sunnan a), en þó eilítið vestar. Svæðið milli tóftanna er allrústalegt og gæti e.t.v. bent til að þar hafi staðið eitt húsið enn. Þetta er þó ekki öruggt.<sup>111</sup>

---

<sup>109</sup>. Jónas Pálsson Stykkishólmi. Sbr. einnig Byggðir Snæfellsness, bls. 452.

<sup>110</sup> . Gíslabúðar er getið í örnefnalýsingu Elliðaeyjar. Þar heitir einnig Gíslabúðartún. (Örnefnastofnun. Örnefnalýsing Elliðaeyjar, athugasemdir og viðbætur, eftir Björn Jónsson frá Innri-Kóngsbakka, Helgafellssveit). Skv. frásögn Jónasar Pálssonar á að hafa búið hér einsetukarl, sem Gísli hét og af því er nafn rústarinnaar dregið. Ekki veit hann hvenær maður þessi var uppi.

<sup>111</sup> . Getið er um s.k. Sumarfjósatóftir í örnefnalýsingu Elliðaeyjar (viðbætur og athugasemdir Bjarnar Jónssonar,

Nr.151

**Naust**

B4

Innst í norðanverðri Kýrhólsvík.

Lýsing: Um 7 x 2 - 3 m og mjórri í efri hluta. N-veggur úr grjóti, h. um 0,5 m, br. um 1 m. Klettótt hæð ofan við myndar A-vegg.

Naustið liggur ekki beint við lendingunni heldur nokkurn vegin hornrétt, og hefur þurft að snúa báti þegar sett var og farið. Lending hér er ekki góð því fjaran er bæði klettótt og með grófgerðri mól í. Þannig hefur verið erfitt að setja upp bát nema um flæði.<sup>112</sup>

Nr.152

**Túngarður**

B4

Lægð, sem nær upp frá Kýrhólsvík og norður yfir eyna.

Lýsing: Túngarður úr torfi og grjóti, h. um 1,2 m, br. 1,5 - 2 m, nær sunnan frá botni Kýrhólsvíkur, upp lægð og endar á bjargbrún norðanvert á eyinni. Garðurinn er mjög heillegur, en þó er 7 m breitt skarð í hann u.þ.b. miðjan. Hlið, 1,2 m br. er sunnarlega á garðinum á mótis við rústir nr.150a-b. Sjálf hliðið er steinlagt enda er hér talsvert votlent. Á um 3 m kafla norður frá hliðinu er garðurinn tvöfaldur og er um 1 m á milli hleðslna.

Kúm var beitt innan þessa garðs að sumarlegi og fóru mjaltir hér einnig fram.<sup>113</sup>

Nr.153

**Grjótgarður**

C3-4

Hæð austan lægðar, sem liggur upp frá Kýrhólsvík og norður eyna.

Lýsing: Garðleifar, um 8 - 9 x 1 m. Hleðslur í hæð við jörðu, en nú aðeins grjót dreif eftir. Liggur SV frá uppþornaðri tjörn.

Nr.154a-c

**Bæjarstæði og naust**

A3

Malarvík, s.k. Skötuvík, sunnanvert við hana klettóttur hóll.

---

bls 1-2). Jónas Pálsson telur að engar rústir hafi verið eftir sumar fjósið er hann kom fyrst hingað árið 1912. Og það var örugglega ekki til á þessari öld.

<sup>112</sup> . Jónas Pálsson segir að Steinþór Magnússon,áb. í Elliðaey 1900-1914,hafi geymt hér flutningaskip sitt að vetrarlagi.

<sup>113</sup> . Sbr. örnefnalýsingu Elliðaeyjar (viðbætur og athugasemdir Bjarnar Jónssonar,bls. 2). Þá kveðst Jónas Pálsson hafa beitt kúm sínum innan garðsins á búskaparárum sínum í eyinni. Ekki var hér um neitt skýli að ræða fyrir kýrnar í tíð Jónasar.

Lýsing: **a)** Bæjarrúst. Dyr snúa móti norðri og hlaðnir grjótkampar framan við. Síðan tekur við um 9 m langur gangur og er þá til vinstri handar herbergi um 2 x 2 m. Við hlið þess og lítið eitt innar er annað herbergi einnig um 2 x 2 m. Samsíða þessu er eitt herbergi enn, um 2 x 2 m og er það jafnframt innst við ganginn. Á hægri hönd, þá farið er inn ganginn, er einungis eitt herbergi um 3 x 2 m. Hæð veggja er um 0,5 - 0,8 m en þykktin 1 - 1,5 m. Við vettvangskönnun var rústin kafloðin, auk þess mikið samansigin, og því oft áætlað um stærð vistarvera. Suðurhluti hennar er óskýrastur og þar víða giskað á ytri mörk veggja. Fast við bæjarrústina að austanverðu gæti e.t.v. verið einhver tóft, óljós mjög, en ekki er hægt að segja örugglega til um lögun og stærð. (Líkleg mörk sýnd með brotinni línu á teikn.). Á sama stað er ennfremur grjóthrúga. Bæjarrústin stendur undir klettóttum hól sunnanvert við víkina og hefur líklega verið s.k. Bjargbúð.<sup>114</sup> **b)** Naust, um 4 x 1,5 m, dýpt 0,5 - 0,8 m. Fleyglaga og grafið inn íbakka, í vestanverðri Skötuvík, um 4 - 5 m austan bæjarrústarinnar. **c)** Naust, um 5 x 1,5 m, dýpt 0,5 - 0,8 m. Grafið inn í sjávarbakka um 1 - 1,5 m sunnan við áðurgreint naust. Einnig fleyglaga.<sup>115</sup>

Nr.155a-b **Rúst**

A3

Malarvík, s.k. Skötuvík, sunnanvert við hana klettóttur hól.

Lýsing: **a)** Sporöskjulaga rúst, innanmál um 4,5 x 2 x 0,5 m. Veggjaþykkt um 0,5 m. Er um 7 m norðan nr.154a. **b)** Tvö veggjabrot, sem mynda horn hvort á annað. Bæði álíka stór eða um 2 x 1 x 0,5 m. Er um 4 m vestan a).

Nr.156a-c **Hjallur, grjótgarður, æðarkollubyrgi** A4

Malarkambur við austanverða Skötuvíkurtjörn.

Lýsing: **a)** Fiskhjallur, samanstendur af tveimur samsíða grjótveggjum. Innanmál um 5 x 2,5 x 1 m. Veggjaþykkt um 1 m. Flái er utanvert á báðum veggjum. Austur frá A-vegg gengur grjóthleðsla, um 2 x 1 x 1 m og er flái á henni í þá áttina. Gaflar hjallsins hafa sennilega verið með rimlum.

**b)** Grjótgarður, um 9 x 1 x 0,5 m. Er um 4 m norðan hjallrústar (a) og nær að aðrekstrargarði réttar, sem er um 4-5 m austar.

---

<sup>114</sup>. Manntal á Íslandi árið 1703, bls. 132. Sbr. Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns V, bls. 354. Í Bjargbúð bjó Halldór Halldórsson ásamt 4 heimamönnum og hafði hann einn bát,sem haldið var til fiskjar. Ekki er getið um búðina í manntalinu 1801 né síðar. (Sbr. Manntal á Íslandi 1801,Vesturamt,Ættfræðifélagið, Rvk. 1979). Í örnefnalýsingu Elliðaeyjar (skr. af Þorleifi Jóhannessyni,bls. 3) segir að hér sjái fyrir túngarði,en ekki fannst hann við vettvangskönnun. Ekki kveðst Jónas Pálsson muna eftir túngarði hér.

<sup>115</sup>. Jónas Pálsson segir eftir Steinþóri Magnússyni,áb. Elliðaey 1900-1914,að naustin séu frá því löngu fyrir hans tíð.

c) Æðarkollubyrgi eru hlaðin í neðsta lag fyrrgreinds garðs: Tveir steinar standa upp á rönd, þeim þriðja skellt ofan á og myndast þannig einskonar byrgi, sem er passlegt fyrir eina kollu.

Æðarkollubyrgin munu ekki hafa verið í notkun á 20. öld.<sup>116</sup>

Nr.157a-c      **Rétt, garður og æðarkollubyrgi**      A4

Malarkambur við austanverða Skötuvíkurtjörn.

Lýsing; a) Rétt, innanmál um 5 x 2,5 x 1 m. Veggjabykkt um 1m. Hlið,um um 1m br. á miðjum V-vegg. Hlaðin úr grjóti. b) Æðarkollubyrgi eru hlaðin sjávarmegin á réttinni og mynda neðstu hleðsluna þeim megin. Þ.e. tveir steinar eru reistir á rönd og sá þriðji lagður ofan á. Myndast þannig samfelld röð af litlum byrgjum og er hvert um sig passlegt fyrir eina kollu. c) Garður liggur út frá hliði réttarinnar að sunnanverðu og stefnir 2 m í V, beygir síðan í SV um 2 m og þá aftur um 0,5 m í V. Hæð garðsins er um 1 m, en breiddin um 1 m. Um 0,5 m. austar tekur við annar garður í beinu framhaldi af þeim fyrri (nr.156b).

Þessi mannvirki voru ekki notuð á fyrri hluta 20. aldar.<sup>117</sup>

Nr.158a-b      **Hjallar**      C3

Vestan til á malarrífi milli Skötuvíkur og Skötuvíkurtjarnar.

Lýsing: a) Grjótveggur um 2 x 1 x 0,5 m. Um 1 m vestar vottar fyrir leifum annars, nú aðeins lítilfjörleg undirstaða eftir. Stærð um 0,5 x 1 x 0,5 m. Líklega hjallrústir þótt fullnálægt sjó sé. b) Um 5 - 6 m vestar gætu verið leifar annars hjalls. Hér er að vísu grjóturð og erfitt að skera með fullri vissu úr um þetta.

Nr.159      **Verbúð**      A3

Tangi vestan Skötuvíkur.

Lýsing: Innanmál um 4 x 2,5 x 0,5 - 1 m. Veggjabykkt um 1 m. Dyr, um 0,5 m br. á miðjum V-vegg. Grjótballkar gætu verið meðfram hluta A- og V-veggjar. Hugsanlega er þó um hrun úr veggjum að ræða. Sitt hvoru megin við dyrnar virðast hlaðnir kampar, báðir um 2 x 2 x 0,3 m og hafa þeir myndað eins konar fordyri. Rústin er skýr og hlaðin úr torfi og grjóti. Lítið landrými er á tanganum þar sem hún stendur, örfáir metrar að sjó til austurs og vesturs. Þá hefur verið býsna næðingssamt hér og aðeins skjól fyrir austanátt. Er þetta Tangabúð?<sup>118</sup>

---

<sup>116</sup>. Jónas Pálsson,Stykkishólmi.

<sup>117</sup>. Uppl. Jónasar Pálssonar,Stykkishólmi.

<sup>118</sup>. Skv. Örnefnalýsingu Elliðaeyjar (Þorleifur Jóhannesson skr.) heitir tanginn vestan Skötuvíkur Tangabúðarhellur. Árið 1702 er getið um eina verbúð í Elliðaey,en aðrar,7 að tölu,löngu niður

Nr.160a-b **Hjallar/fiskbyrgi og grjótgarður** A3

Slétt flöt yst á tanganum vestan Skötuvíkur.

Lýsing: **a)** Rústir tveggja sambyggðra hjalla/fiskbyrgja. Innanmál þess nyrðra um 2 x 1 m, þess syðra um 1,5 x 1,2 m. Veggjaþykkt um 0,7 m, en veggjarhæð við jörðu. Af þeim síðast talda bara eftir einstaka steinar. **b)** Æðarkollubyrgi, þ.e. grjótgarður, um 11 x 0,5 x 0,5 m sem myndar röð slíkra byrgja. Stendur á mörkum fjöru og grasflatar. Skarð, um 2 m br. er á garðinum austanverðum. Æðarkollubyrgin eru þannig úr garði gerð, að tveir seinar eru settir upp á rönd, hlið við hlið, sá þriðji lagður ofan á og þannig koll af kalli.

Nr.161a-b **Rústir** A3

Lítill klettatangi vestur af Skötuvíkurtjörn.

Lýsing: Um er að ræða tvo sambyggða kofa og snýr annar dyrum í suður, br. um 0,5 m, en hinn í norður, br. um 1 m. Innanmál hvors um sig um 2 x 2 x 0,5 - 1 m. Veggjaþykkt um 1 m.

### 4.3 Fagurey

Fagurey hefur eflaust farið snemma í byggð. Hún kemur fyrst við sögu á Sturlungaöld og er m.a. getið í Íslendinga sögu, Þórðar sögu kakala og Þorgils sögu skarða, sem allar eru taldar ritaðar á síðari hluta 13. aldar. Hér bjó um tíma Sturla Þórðarson lögmaður og sagnaritari.<sup>119</sup> Árið 1274 er eyjan komin í eigu Helgafellskirkju.<sup>120</sup> Einn ábúandi var í Fagurey árið 1702 og þar að auki 2 s.k. búðarmenn.<sup>121</sup> Hét önnur búðin Akrabúð.<sup>122</sup> Tveir ábúendur voru í eyinni 1801 og þrír 1845.<sup>123</sup> Fagurey fór í eyði árið 1937.<sup>124</sup>

Nr.198a-b **Hjallar/fiskbyrgi og grjóthleðsla?** A2-3

---

fallnar. (Sbr. Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns V, Kaupmannahöfn 1933, bls. 354). Ekki er ólíklegt að rúst sú, sem hér um ræðir sé verbúðin frá 1702.

<sup>119</sup>. Sturlunga saga I, Rvk. 1946, bls. 383-384 og 391. Sturlunga saga II, Rvk. 1946, bls. xxiv-xliii, xlvi-xlviii, 24-25, 31-32, 67 og 183.

<sup>120</sup>. Dipl. Isl. II, bls. 116.

<sup>121</sup>. Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns V, Kaupmannahöfn 1933, bls. 354-356.

<sup>122</sup>. Manntal á Íslandi árið 1703, bls. 132.

<sup>123</sup>. Manntal á Íslandi 1801, Vesturamt, bls. 130-131; Manntal á Íslandi 1845, Vesturamt, bls. 128.

<sup>124</sup>. Byggðir Snæfellsness, Búnaðarsamband Snæfellinga 1977, bls. 452.

Syðst á s.k. Þórðartanga.

Lýsing: **a)** Grjótbreiða, hleðslur samfallnar og allsignar í jörðu. Utanmál um 9 x 8 m. Gæti verið eftir 4 - 5 hjalla/fiskbyrgi. **b)** Óljós grjóthleðsla, mjög sokkin, liggur um 3 - 4 m í NA upp frá sjávarbakka. Hugsanlega er hér ekki um neitt mannvirki að ræða heldur grjót, sem brimið hefur kastað á land.

Nr.199a-c      **Hjallar/Bessahjallur og varða**      A3

Höfði í sjó fram upp af s.k. Þórðartanga.

Lýsing: **a)** Ferhyrnd grjóthrúga, e.t.v. leifar hjalls? utanmál um 4-5 x 3 m. Hleðslur allar samfallnar í eina grjótdreif. Kallast Bessahjallur.

**b)** Varða, hlaðin vestast á Bessahjalli. Var eyktamark (nón) frá bæ.<sup>125</sup>

**c)** Grjóthrúga, mikið sokkin í jörðu. Sennilega leifar hjalls/fiskbyrgis. Stendur yst á höfðanum.

Nr.200a-b      **Bæjarstæði og beðasléttur**      A3

Upp af u.þ.b. miðri s.k. Þórðarvík (Reyðarvík).

Lýsing: **a)** Mjög skýr og heilleg bæjarrúst. Dyr snúa í SA og framan við þær er byggt fordyri (A á teikn.), um 2 x 1 m og gengið inn í það frá NA. Framan við fordyrið er stétt úr grjóti um 2 x 0,8 m. Frá útidyrum er gangur um 6 x 0,5 m. Á vinstri hönd er herbergi (B) um 3 x 2 m og inn af því annað (C) um 2,5 x 2 m. Þá er herbergi (D) við gangenda, um 4 x 2,5 m, og loks eitt enn á hægri hönd (E) um 3,5 x 2 m. Hæð veggja í bæjarrústinni er um 1 m, en þykktin víða um 1,5 m. Þykkastur er austurveggur D eða um 3 m. **b)** Beðasléttur. Lágir torfgarðar um 20 - 40 x 1 x 0,3 m. Liggja upp frá sjó á vestanverðri eyinni og norður yfir hana u.þ.b. hálfra eða meira, þ.e. frá austanverðri Hjallatangavík vestur að Þórðartanga. Nokkuð misjafnt bil er á milli garðanna, t.d. 4,6 eða 9 m. Á stöku stað virðist um þvegarða að ræða eða niðurgröft.<sup>126</sup>

Nr.201      **Rúst og túngarður**      A3-4

Sjávarbakki NV á eyinni, upp af NA-víki Þórðarvíkur (Reyðarvíkur).

Lýsing: **a)** Tóft, innanmál um 3,5 x 2,5 x 0,5 m. Veggjaþykkt um 1 m. Inngangur, 0,8 m br. á miðri SA-hlið. Óvíst hvort um húsrúst eða heytóft sé að ræða. **b)** Túngarður, h. og br. um 1 m, liggur SA frá fyrrgreindri rúst (a) í víðum boga niður að sjó og endar þar sem mætast Hjallatangi og Þórðarvík (Reyðarvík). Garðurinn lokar af þann hluta eyjarinnar,

---

<sup>125</sup>. Sbr. örnefnalýsingu Fagureyjar, bls.5, varðandi Bessahjall og vörðuna.

<sup>126</sup>. Kristinn B. Gíslason man eftir þessum beðasléttum, en þær eru eldri en vera hans í eyinni (1932-1936).

sem er vestan Hjallatanga. Hlið, um 1 m br. er á garðinum um 1 m frá tóftinni (a) og annað 15 m neðar, einnig um 1 m br.<sup>127</sup>

Nr.202            **Bæjarstæði**            A3-4

Sjávarbakki NV á eyggi upp af s.k. Hjallatanga.

Lýsing: Dyr, um 0,5 m br. eru á miðjum SA-vegg en þá tekur við gangur um 3,5 x 0,5 m. Á vinstri hönd er herbergi (A) um 2 x 2 m. og til hægri annað (B) um 2 x 2 m. Við gangenda er þriðja herbergið (C) um 3,5 x 2 m. Breidd dyra inn í herbergin er um 0,5 m. Hæð veggja í rústinni er um 1 m, en þykktin um 1,5 m.

Við bæjarrústina sér fyrir beðasléttum.sbr. nr.200b.

Nr.203            **Íshús**            A4

Sjávarbakki við NV-verða Hjallatangavík.

Lýsing: Innanmál um 7 x 3 x 1 m. Veggjaþykkt um 1,3 m. Dyr í NA-horni,eru um 1 m br.

Rústin kallast Klakahús á örnefnakorti. Ís var sóttur á Lómatjörn og settur í það. Sigurður Skúlason skútuskipstjóri tók ís á skip sitt úr þessu húsi, en það var síðast í notkun veturinn 1931-1932.<sup>128</sup> Mógröf er nokkra metra NA íshússins og önnur gæti verið skammt NV við.

Nr.204a-g        **Hjallar**            A2-3

Sjávarbakki á suðvestanverðum Hjallatanga.

Lýsing: **a)** Innanmál um 2,5 x 1,5 x 0,5 m. Dyr, um 1 m br, snúa í V. Veggjaþykkt um 1 m. **b)** Sokknar hleðslur eldri hjalls. Aðeins N-veggur í fullri lengd, um 1,5 m. Brot af A-vegg, um 1,5 m, og V-vegg um 1 m. Stendur um 1,5 m sunnan a). **c)** Innanmál um 3,5 x 1,5 x 0,5 m. Veggjaþykkt um 1,5 - 2 m. Dyr á miðjum V-vegg, br. um 0,5 m. Er um 1 m. sunnan b). **d)** Innanmál um 1,2 x 1,5 x 0,5 m. Veggjaþykkt um 1,5 - 2 m. Inngangur í V, um 0,5 m br. en sér illa fyrir honum. Sambyggður c) og utanmál beggja um 9,5 x 5 m. **e)** Lítilfjörlegar leifar eldri hjalls. Innanmál um 2 x 1 m. Hleðslur sokknar í jörðu, br. um 0,3 - 0,5 m. Aðeins N-veggur í fullri lengd. Stendur við SA-horn d). **f)** Innanmál um 2 x 2 m. Dyr, um 1 m br. í NV-horninu. Þykkt veggja um 1 m, en hleðslur sokkar í jörðu. Stendur

---

<sup>127</sup>. Þessar rústir eru frá því fyrir 1932 segir Kristinn B. Gíslason,Stykkishólmi. Í örnefnalýsingu Fagureyjar,bls. 3, segir að útendi eyjarinnar hafi verið notaður fyrir kúabeit.

<sup>128</sup>. Kristinn B. Gíslason,Stykkishólmi.

við S-vegg d) en virðist eldri. g) Innanmál um 2 x 1 m. Veggir allsokknir í jörðu, þykkt um 1 m. Stendur um 1,5 m. sunnan f). Virðist í hópi hinna eldri hjalla hér.<sup>129</sup>

Hleðslur fiskhjallanna eru almennt hrundar og líkastar grjóthrúgum til að sjá. Má þó greina 3 yngri rústir og 4 eldri, að því er virðist. Þó er erfitt að meta slíkt. Grjót kann t.d. að hafa verið tekið úr hjöllunum og notað í kúarétt (nr.205) yst á tanganum.

Nr.205a-b      **Kúarétt og hjallar?**      B4

Yst, þ.e. syðst, á Hjallatanga.

Lýsing: a) Kúarétt, hlaðin úr grjóti. Innanmál um 11 x 11 x 1 m. Veggjaþykkt um 1,2 m. Hlið, 1 m br. um 2 m. frá NV-horni.<sup>130</sup> b) Um 5 - 6 m framan við réttina vestanverða eru nokkrir sokknir steinar, sennilega hjallsleifar.

Nr.206a-c      **Hjallar**      A2-3

Yst á austanverðum Hjallatanga.

Lýsing: a) Allskýr grjótrúst, innanmál um 3 x 2 m. Hleðslur allsokknar en eru þó sumstaðar 0,3 - 0,5 m. Veggjaþykkt um 1 m. Dyr líklega við NV-hornið, 0,5 m br. b) Leifar hjalls. Grjóthleðslur sokknar í jörðu. A-veggur um 3 x 1 m. N-veggur um 1 x 1 m. Stendur um 1 m. sunnan a). c) Hjallsleifar, grjóthleðslur allsokknar. N-veggur um 3 x 1 m, A-veggur um 0,5 x 0,3 m. Stendur um 2-3 m. norðan a).

Nr.207a-b      **Hjallar/fiskbyrgi og bæjarstæði**      A3

Sjávarbakki NV á eyggi upp af Hjallatangaavík.

Lýsing: a) Hjallar/fiskbyrgi. Innanmál um 2 x 1,5 x 0,3 m. Veggjaþykkt um 1,5 m. Dyr, um 0,5 m br. við NV-hornið. Úr grjóti. b) Bæjarrúst. Útidyr, um 0,5 m br. snúa í ASA, inn af þeim herbergi (A) um 4 x 2 m. Í SV-horninu eru dyr, 0,5 m br. inn í annað herbergi (B), um 5 x 2 m. Á því herbergi miðju eru aðrar dyr, 0,5 m br. inn í þriðja herbergið (C), sem er um 3 x 2 m. Veggjarhæð í rústinni er um 0,5 - 1 m. Þykkt innveggja er um 1 m en útveggja um 1,5 - 3 m.<sup>131</sup>

Nr.208      **Kofar**      B3-4

---

<sup>129</sup>. Rústir hér talda vera gamlar hjallrústir í örnefnalýsingu Fagureyjar (bls. 5). Þá standa þær á s.k. Hjallatanga.

<sup>130</sup>. Sbr. örnefnalýsingu Fagureyjar, bls. 5. Kristinn B. Gíslason, Stykkishólmi, segir að réttin hafi ekki verið í notkun á árunum 1932-1936.

<sup>131</sup>. Árið 1702 er getið um tvær byggðar búðir í Fagurey, en aðrar tvær voru í eyði, þar af ein nýlega niðurfallin. Hvor búðarmanna um sig hafði grasnyt fyrir eina kú. (Sbr. Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns V. Kaupmannahöfn 1933, bls. 355.) Sennilegt er að bæjarrústir nr.202,207b og 208 eigi við þessar búðir.

Sjávarbakki upp af Hjallatangaavík.

Lýsing: Tveir sambyggðir kofar. Sá vestari um 3 x 1,5 m að innanmáli. Framgafl verið úr timbri. Sá eystri um 2 x 2 m. Dyr, um 0,5 m br. í SV-horninu. Hæð veggja um 0,5 - 0,7 m, veggjaþykkt um 1 m. Líkast til er hér um sjávarhús að ræða, enda landing í Skipavík skammt austan við.

Nr.209a-b      **Hjallur og rúst**

C4

Sjávarbakki við austanverða Hjallatangaavík.

Lýsing: **a)** Hjallrúst, samanstendur af U-laga grjóthleðslum í N-helmingi, um 2,5 x 2 x 1 m. Veggjaþykkt um 1 m. S-helmingur er um 3 m sunnar og samanstendur af tveimur samsíða grjótveggjum og er hvor um sig 3 x 1 x 1 m. Um 2 m eru á milli veggjanna. Utan á A-vegg S-hluta er hlaðinn torfveggur, um 6 x 1 x 0,3 - 0,5 m, og ná leifar hans að N-hluta sömu megin. Sér enn fyrir spýtnabraki á torfveggjunum. Virðist upphaflega vera um að ræða grjóthjall, með þremur rimlaveggjum, sem nú er breittur eða endurnýjaður. Hjallur þessi var í notkun á árunum 1932 - 1936.<sup>132</sup> **b)** Upphækkun, um 4 x 3 m. Er rúma 2 m frá SV-horni hjallsins (a). Sennilega rúst einhvers kofa.

Nr.210a-c      **Rústir**

B4

Sjávarbakki við austanverða Hjallatangaavík.

Lýsing: **a)** Húsrúst, innanmál um 2 x 2 x 0,3-0,5 m. Veggjaþykkt um 1,5 m. Dyr, um 1 m br. í SA-horninu. Stendur um 5 m. frá bakkanum. **b)** Veggjabrot. Það nyrðra byrjar um 0,5 m austan a) og nær um 5 m í þá áttina. Hornrétt á það gengur hið syðra og stefnir um 8 m í suður. Hæð veggja er um 0,5 m, þykktin um 1,5 m. **c)** Húsrúst, innanmál um 4 x 2 x 1 m. Veggjaþykkt um 1 m. Framgafl hefur verið úr timbri og snýr í suður að vikinni.

Skammt austan rústanna er naust og hafa þær því sennilega haft með sjóferðir og fiskveiðar að gera. Mannvirki þessi voru fallin á árunum 1932 - 1936.<sup>133</sup>

Nr.211a-b      **Naust og rúst**

B4

Austasti hluti Hjallatangaavíkur.

Lýsing: **a)** Naust, innanmál um 12 x 4 m. A-veggur mikið til hlaðinn úr grjóti, en nokkur hluti hans myndast af lágum hól. Hóll myndar einnig verulegan part af V-vegg, en á stöku stað sér fyrir grjóthleðslum. Líklegt er að naustið sé að einhverju leiti niðurgrafið. N-veggurinn er óskýrastur og virðist að mestu úr torfi.<sup>134</sup> **b)** Grjóthrúga um 3 x 2 m, allsokkin

---

<sup>132</sup>. Frás. Kristins B. Gíslasonar, Stykkishólmi.

<sup>133</sup>. Kristinn B. Gíslason, Stykkishólmi.

<sup>134</sup>. Ekki í notkun á árunum 1932-1936 segir Kristinn B. Gíslason, Stykkishólmi.

í jörðu. Hugsanlega rúst hjalls/fiskbyrgis. Stendur á hól, sem myndar hluta af A-vegg naustsins.

Nr.212a-c **Naust og grjótbryggja**

B4

Vestast í Skipavík.

Lýsing: **a)** Naust, myndað af tveimur samsíða veggjum. Innanmál um 6 x 3 x 0,5 - 1 m. Virðist grafið inn í bakkann að vestanverðu og þeim megin aðeins grjóthleðsla innanvert. Ytri mörk V-veggjar óglögg. **b)** Naust, myndað af tveimur samsíða veggjum og annar sameiginlegur með a. Innanmál um 6 x 1,5 x 0,5 - 1 m. Veggjaþykkt um 1 m. **c)** Grjótbryggja byggð í beinu framhaldi af V-vegg a. Stærð um 15 x 1 x 0,5 m.

Skip og stærri bátar voru geymd í Skipavík. Mannvirki þessi ekki í notkun 1932 - 1936.<sup>135</sup>

Nr.213 **Sumarfjós**

B4

Upp af miðri Skipavík.

Lýsing: Innanmál um 4,5 x 2,5 x 1 m. Veggjaþykkt um 1,5 m. Dyr á miðjum V-vegg, br. 1 m. Andspænis þeim lítill afkimi austur úr húsinu á miðjum vegg, innanmál um 1,5 x 1 m. Meðfram N-, V- og S-veggjum er hlaðinn grjótbálgur, líklega garði, um 0,5 m br. en h. svipuð gólfi. Þetta er skýr og heilleg tóft úr torfi og grjóti. Stendur á sjávarbakka.

Hér er um sumarfjós að ræða og var það uppistandandi á árunum 1932 -1936. Afkiminn í því er s.k. holubás, þ.e. bás byggður út í vegg. Oft voru kálfar settir í hann og jafnvel vanmeta folöld, einnig kölluð aplaföld.<sup>136</sup>

Nr.214a-f **Útihús, garðbrot og afgirt svæði** B4

Nokkuð þýft flatlendi upp af austanverðri Skipavík.

Lýsing: **a)** Útihús, innanmál um 5 x 2 m. (V-hluti) og 3 x 2 m. (A-hluti). Hæð veggja um 0,5-1 m, en þykkt um 1,5 m. Dyr á S-vegg um 0,5 m br.

**b)** Útihús sambyggt a) að austanverðu. Innanmál um 5 x 5 x 0,5 - 1 m. Veggjaþykkt um 1,5 m. Dyr virðast hafa verið bæði að N- og S-verðu, br. um 0,5 m.

**c)** Garðbrot, um 10 x 2 x 0,5 m. Er að austanverðu við útihúsin og b) að hluta byggt ofan á.

**d)** Afgirt svæði um 7 x 6 x 0,5 m. Veggjaþykkt um 1,2 m. Inngangur á N-hlið um 0,5 m br. Sambyggt garðbrotinu (c) að austanverðu.

---

<sup>135</sup>. Sbr. örnefnalýsing Fagureyjar, bls. 4. Uppl. Kristins B. Gíslasonar, Stykkishólmi.

<sup>136</sup>. Kristinn B. Gíslason, Stykkishólmi, Niels Bæringsson s.st., uppallinn í Sellátri á Breiðafirði.

e) Afgirt svæði um 7 x 6 x 0,5 m. Veggjaþykkt um 1,2 m. Sambyggt d) að austanverðu. Inngangur um 0,5 m br. í NV-horninu. Vantar NA-hornið, e.t.v. verið þar annar inngangur.

f) Austan d) og e) tekur við afmarkað þúfnastykki og sker það sig mjög frá votlendinu umhverfis. Virðist helst vera um einhvers konar afgirt svæði að ræða, stærð um 11 x 8 m. S-hlið er raunar aðeins um 6 m.

Um 1932 var hér aðeins um rústir að ræða eins og í dag.<sup>137</sup>

Nr.215      **Túngarður**

B4

Upp af austanverðri Skipavík og norður yfir miðja ey.

Lýsing: Hlaðinn úr torfi, um 40 x 2 x 0,5 - 0,7 m. Byrjar um 10 m. norðan útihúsarústa nr.214a-b, en hefur e.t.v. náð eitthvað nær þeim upphaflega. Um 36 m frá S-enda garðsins gengur annar garður V úr honum, um 9 m, en beygir síðan í N, um 10-15 m, meðfram mýrarjaðri. Hæð og þykkt garðanna er um 1 m.

Garður þessi er ekki frá síðustu búskaparárnum í eyinni.<sup>138</sup>

Nr.216      **Hjallur/fiskbyrgi**

A2-3

Sjávarbakki norðantil á eyinni.

Lýsing: Grjótdreif, um 7 x 3-4 m að utanmáli. Hleðslur sokknar í jörðu. Ekki unnt að greina lögun og stærð. Virðist vera mjög gamlar rústir.

Nr.217      **Kofi?**

C4

Þýft mýrlendi norðantil á eyinni, skammt vestan Lómatjarnar.

Lýsing: Innanmál um 3 x 3 x 0,3 m. Veggjaþykkt um 1 m. Rústin er nokkuð bogadregin að austanverðu. Dyr, um 1 m br.í SV-horninu.

Rústin er eldri en síðustu búskaparár hér.<sup>139</sup>

Nr.218a-b      **Túngarðar**

B4

Mýrlendi upp af Skipavík.

---

<sup>137</sup>. Kristinn B. Gíslason,Stykkishólmi.

<sup>138</sup>. Kristinn B. Gíslason,Stykkishólmi.

<sup>139</sup>. Kristinn B. Gíslason,Stykkishólmi.

Lýsing: **a)** Túngarður, hlaðinn úr torfi, um 50 x 1-2 x 0,5 m. Á köflum allslitróttur og sokkin í mýrina. **b)** Túngarður úr torfi, um 35 x 1 x 1 m. Um 15 m frá SV-enda er um 2 m br. hlið. Garðurinn, sem er skýr og greinilegur, endar við fjárhúsrústir nr.220.

Nr.219a-b **Nátthagi og kofi?**

B4

Lág hæð NA-til á eyggi.

Lýsing: **a)** Afgirt svæði, sem takmarkast fjárhúsrústum nr.220 frá NA til SA, en tveimur torfgörðum að SV og N. Syðri garðurinn er um 70 x 2 x 1 m og nær frá SV-horni 220a niður að fjöru. Nyrðri garðurinn er um 84 x 1-1,5 x 1 m og nær frá NV-horni 220c allt að sjó og liggur þar meðfram A-barmi lítillar víkur. Hlið, um 0,5 m br. er á garðinum við austanverðan víkurendann. Um 53 m austar er annað hlið, 2 - 3 m br. Eitt hlið enn, um 1,5 m br. er svo um 20 m austar.

**b)** Kofarúst), innanmál um 3 x 2 m. Líkist niðurgreftri. Er við innanverðan eystri garðinn u.þ.b. miðja vegu milli sjávar og fjárhúsanna (nr.220).

Svæði þetta er kallað Nátthagi á örnefnakorti.<sup>140</sup>

Nr.220a-f **Fjárhús og garðbrot**

B4

NA-hluti Fagureyjar.

Lýsing: **a)** Innanmál um 9 x 6 x 1 m. Veggjaþykkt um 1 m. Inngangur í SV-horni, um 0,5 - 1 m br. nú samanfallinn. Um 6 m langur garður nær frá miðjum V-vegg og endar um 1 m SV við b). Gæti verið eitthvað eldri en önnur mannvirki hér.

**b)** Innanmál um 14 x 7 x 1 - 1,5 m. Veggjaþykkt um 1 m. Inngangur, um 1 m br. í SV-horninu.

**c)** Innanmál um 9 x 8 x 1 - 1,5 m. Veggjaþykkt um 1 m. Samsíða a og inngangur á milli, um 1 m br.

**d)** Innanmál um 4 x 3 x 1 - 1,2 m. Veggjaþykkt um 1 m. Samsíða c) og b). Inngangur milli b) og d), um 0,8 m br.

**e)** Innanmál um 5 x 4 x 1,2 - 1,6 m. Veggjaþykkt um 1 m. Sambyggt N-horni c). Inngangur, um 2 m br. í NV-horninu.

**f)** Aðrekstrargarður?, um 6 x 0,8 x 0,5 m, gengur NV frá N-horni e).

Hér er um fjárhúsrústir að ræða og voru þær tóftir einar um 1932.<sup>141</sup>

---

<sup>140</sup>. Örnefnastofnun. Örnefnakort, sem fylgir með örnefnalýsingu Fagureyjar.

<sup>141</sup>. Kristinn B. Gíslason, Stykkishólmi.

Nr.221 **Túngarður**

B4

A-hluti eyjarinnar.

Lýsing: Garður að mestu úr torfi, nær frá fjárhúsrúst nr. 220e, suður yfir eyna og að mannvirkjum nr. 229f-g. Hæð 0,5 - 1 m, þykkt 1 - 1,5 m. Garðurinn skiptir eygni nánast í tvennt ásamt N garði nátthaga nr. 219a.

Nr.222a-c **Fjánhús, hlaða og túngarður**

B4

NA-horn eyjarinnar.

Lýsing: **a)** Fjánhús, um 9 x 4 x 1,5 m. Veggjaþykkt um 1 m. Dyr eru í NA-horni, um 1 m br. Framarlega í húsinu er gróin þústa, etv. leifar garða. Innangengt var um 1 m br.gat í áfasta hlöðu aftan við.

**b)** Hlaða, sambyggð fjárhúsinu. Innanmál um 4 x 2 x 1,5 m. **c)** Túngarður úr torfi, hæð um 0,5 m og þykktin álíka. Er um 6 m. SA fjárhúsa nr.222a og liggur frá sjó suðvestur eyna og sameinast þar garði nr.221.

Nr.223

**Kofi**

C4

A-hluti eyjarinnar upp af s.k. Krítutanga.

Lýsing: Innanmál um 5 x 4 x 0,3 - 0,5 m. Veggjaþykkt um 1 m. Dyr á miðjum V-gafli, um 1 m br.

Nr.224

**Garðlag**

B4

Torfhólmi, vesturhorn hans, s.k. Breið.

Lýsing: Garðlag, h. um 0,5 m, þ. um 1 m. Undirstaða úr grjóti en annars úr torfi. Girðir af vestasta horn Torfhólma, s.k. Breiðu, frá eystri hlutanum. Hlið er syðst á garðinum, br. um 1 m.

Sennilega hefur Breiðan verið slegin, en hinn partur hólman's beitarland. Garðlag þetta er eldra en síðustu búskaparár í eygni.<sup>142</sup>

Nr.225

**Kofi**

B4

Torfhólmi, hóll nálægt sjó á A-hluta hólman's.

---

<sup>142</sup>. Kristinn B. Gíslason, Stykkishólmi.

Lýsing: Innanmál um 4 x 2 x 0,5 m. Framhlið snýr í NNA og hefur sennilega verið öll úr timbri. Ytri mörk veggja óljós, en áætluð þykkt um 1 m. Um 6 x 6 m stórt svæði austan tóftariannar lítur rústalega út. Sjást þar þó engar minjar á yfirborði.

Nr.226

**Hænsnakofi**

C4

Torfhólmi, vestasti hluti hans, s.k. Breið.

Lýsing: Innanmál um 2 x 2 x 0,5 m. Veggjaþykkt um 0,5 m. Dyr, br. 1 m, snúa í NV. S-veggur um 2 m lengri en N-veggur og myndast þess vegna stuttur gangur innan við dyrnar. Líklega er þetta undirstaða hænsnakofa úr timbri, frá byrjum 20. aldar.<sup>143</sup>

Nr.227a-d

**Fjárhús, hlaða, rústir og túngarður**

B4

Tá á SA-hluta eyjarinnar við s.k. Stekkjarvík.

Lýsing: **a)** Tvenn sambyggð fjárhús, hvort um sig álíka stórt eða um 10 x 5 x 1 - 1,5 m. Veggjaþykkt um 1,5 m. Hlaðinn garði úr grjóti gengur eftir þeim miðjum um 10 x 1 x 1 m. Dyr eru sitt hvoru megin við hvorn garða, br. um 1 - 2 m. Beint aftan við garðana er inngangur í sambyggða hlöðu, br. um 1 m. Hefur verið hægt að taka hey beint úr hlöðu á garðana.

**b)** Hlaða, að baki fjárhúsum og áföst þeim. Innanmál um 12 x 4 x 1 - 1,5 m. Veggjaþykkt um 1,5 m. Dyr, um 1 m br. á miðjum SA-gafli.

**c)** Tvö sambyggð hús, sem sléttað hefur verið úr. Innanmál þess nyrðra um 4 x 3 x 0,1 - 0,2 m, en syðra um 2 x 2 x 0,1 - 0,2 m. Veggjaþykkt um 1 - 1,5 m. Dyr, um 1 m br. á SV-gafli. Rústin stendur á sjávarbakka um 1 m að hlöðubaki. Gæti verið um eldri fjárhús að ræða.

**d)** Túngarður, h. um 0,5 m, br. um 1 m. Girðir af tána, sem a-c standa á og gott betur. Hlið er á garðinum til SV u.þ.b. á miðri þeirri hlið.

Annað fjárhúsanna var byggt á árunum 1932-1936 og voru bæði í notkun á því tímabili ásamt hlöðunni.<sup>144</sup>

Nr.228

**Kofi**

B3-4

Sjávarbakki upp af lítilli vík.

Lýsing: Innanmál um 2 x 1,5 x 0,3 m. Veggjaþykkt um 1 m. Dyrabr. um 0,5 m, á miðjum SV-gafli.

---

<sup>143</sup>. Sbr. örnefnalýsingu Fagureyjar, bls. I og 6.

<sup>144</sup>. Kristinn B. Gíslason, Stykkishólmi. Faðir hans, Gísli Bergsveinsson, bóndi Fagurey, byggði önnur fjárhúsin.

Nr.229a-h **Útihús, heygarður, kálgarður og túngarður**B4

SA-hluti Fagureyjar á s.k. Kringlunefi.

Lýsing: **a)** Fjánhús, innanmál um 6 x 4 x 1,2 - 1,5 m. Veggjaþykkt um 1,2 m. Grjótgarði, um 5 x 1 x 1 m., skiptir húsinu í tvennt. Dyr, um 1 m br. nál. SV-horni og snúa í vestur.<sup>145</sup>

**b)** Fjánhús, innanmál um 11 x 4 x 1,2 - 1,5 m. Veggjaþykkt um 1,2 - 1,5 m. Grjótgarði, um 10 x 1 x 1 m, skiptir húsinu í tvennt. Fremsti hluti hans er steinsteypt baðkar, um 2 x 1 m, til fjárþvotta, og liggja tröppur upp úr því. Framgafli hússins snýr í NV og hefur verið úr timbri.

Milli a og b er hlaðinn veggur úr torfi og grjóti. Nær hann frá NV-horni að bakhlið b, stærð um 4 x 1 x 0,3 - 0,5 m. Hlið, um 0,5 m br. er á garðinum um 2 m. frá a). Hér myndast afgirt svæði milli fjárhúsanna og takmarkast það að austanverðu af túngarði h) og um 2 m. l. garði, sem nær frá A-hlið b og að h.<sup>146</sup>

**c)** Heygarður, innanmál um 21 x 8 x 0,5 - 1 m. Veggjaþykkt um 1 - 2 m. Garðurinn er opinn að norðanverðu, en um 0,5 m hár stallur er upp á svæðið þeim megin.

**d)** Tóftarbrot, um 7 x 4 - 5 x 1 m að utanmáli. Þykkt veggja um 1 m. Aðeins er um tvö veggjabrot að ræða.

Stendur sunnan c á sjávar bakkanum. **e)** Afgirt svæði, um 20 x 13 m, vestan fjárhúsa a) og b). Takmarkast að austanverðu af tóftarbroti d). Leifar grjóthleðslu einnig í fjörunni. Hlið, um 1 m br. við miðjan V-vegg b). Hæð veggja um 0,5 m, þykkt um 1 m. Þetta var kálgarður um 1930.<sup>147</sup> Afgirta svæðið hafa gegnt tvennu hlutverki, verið kálgarður að sumarlagi og rétt á veturna, þ.e. fyrir fé að degi til.

**f)** Kálgarður, innanmál um 11 x 10 x 1 - 1,3 m. Veggjaþykkt um 1,5 m. Hlið, um 0,5 m br, um 2 m frá SA-horni.<sup>148</sup>

**g)** Hlaða, innanmál um 6 x 4 x 0,5 - 1,5 m. Veggjaþykkt um 1 m. Dyr hafa verið á A-vegg nál. NA-horni, nú er hér um 2 m langt skarð í vegginn. Er um 15 m norðan f.<sup>149</sup>

**h)** Túngarður, br. um 1,5 - 2 m, h. 1-1,2 m. Nær frá miðri austurhlið a) og liggur í NV samsíða b). Beygir síðan til V og endar um 19 m frá NV-horni b) við kálgarð f). Hlið, um 1 m br, er á garðinum um 5 m. frá f).

---

<sup>145</sup>. Þessi fjánhús voru notuð lítills háttar á árunum 1932-1936 segir Kristinn B. Gíslason.

<sup>146</sup>. Gísli Bergsveinsson byggði fjánhús þessi á árunum 1932-1936.

Heimildarmaður: Kristinn B. Gíslason.

<sup>147</sup>. Kristinn B. Gíslason, Stykkishólmi.

<sup>148</sup>. Kristinn B. Gíslason segir að hér sé um kálgarð að ræða og í notkun á tímabilinu 1932-1936.

<sup>149</sup>. Kristinn B. Gíslason segir að þetta sé hlaða og í notkun á tímabilinu 1932-1936.

Nr.230        **Rúst**

C4

Dýflendi norður af Bæjarhól.

Lýsing: Innanmál um 3 x 3 x 0,5 m. Veggjaþykkt um 1 m. Dyr, um 1 m br. á miðjum V-vegg. Um 5 x 5 m. stórt svæði við N-hlið tóftarinnar er all rústalegt, en engar minjar eru sjáanlegar á yfirborði.

Nr.231        **Rúst**

B3-4

Bæjarhóllinn NA-verður.

Lýsing: Innanmál um 11 x 3 x 0,5 m. Veggjaþykkt um 1,5 m. Dyr, um 0,5 m br. á S-vegg nál. V-gaflí. Við A-enda tóftarinnar er þúfnastykki um 5 x 3 m, e.t.v. gæti verið þar um einhverja rúst að ræða.

Nr.232a-b     **Rústahóll og súrheystóft**

C4

Austanverður Bæjarhóll.

Lýsing: **a)** Lágur hóll, um 6 x 7 m, geymir augljóslega mannvistarleifar. Ekki má þó greina lögun og stærð mannvirkja hér. **b)** Súrheystóft, sporöskjulaga, um 3 x 2,5 m. Dýpt um 1,3 m, niðurgrafin. Veggir hlaðnir úr grjóti. Kantur, um 0,3 m hár, br. um 0,5 m, hlaðinn meðfram börmunum. Virðist hafa verið gengið ofan í tóftina SV-verða. Þar er og skarð í kantinn, br. um 0,5 m.

Nr.233        **Fjós**

B4

Bæjarhóllinn, norðvestanverður.

Lýsing: Innanmál um 5 x 4,5 x 1 - 1,7 m. Veggjaþykkt um 1 m. Dyr, um 0,5 m, á u.þ.b. miðjum N-vegg. Framan við þær er anddyri, um 2 x 1 m, og gengið inn í það frá vestri. Á u.þ.b. miðjum S-vegg er byggður út klefi um 1,5 x 1 m, s.k. holubás, sem notaður var fyrir kálfa og jafnvel vanmeta folöld.

Fjósið var í notkun síðustu ár búskapar í eygni.<sup>150</sup>

Nr.234        **Tóft**

C4

Norðvestan undir Bæjarhól.

---

<sup>150</sup>. Kristinn B. Gíslason.

Lýsing: Innanmál um 2 x 1,5 x 1,2 m. Veggjarþykkt um 0,8 m. Inngangur á u.þ.b. miðjum S-vegg. Tóftin er nokkuð niðurgrafin, um 0,5 m, og að mestu hlaðin úr grjóti. Sennilega heytóft eða rúst lítils kofa.

Nr.235a-b **Rústasvæði og hlaða**

C4

Bæjarhóll, eilítið norðan miðju.

Lýsing: **a)** Rústasvæði, um 18 x 11 m. Búið að slétta úr öllum mannvirkjum hér. Svæðið sker sig úr sem eins konar upphækkun. Austarlega á því mótar fyrir einni tóft, um 2 x 2 m en gæti þó e.t.v. verið lengri.

**b)** Hlaða, innanmál um 4 - 11 x 4 x 1 - 1,3 m. Veggjarþykkt um 1 m. N-veggur allur úr grjóti, en hinir úr torfi og grjóti. Vantar hluta af veggjum og því ekki hægt að segja til um upphaflega stærð rústarinnar.

Hér er um fjóshlöðu að ræða frá tímum síðustu byggðar í eygni. Hún var timburbyggð.<sup>151</sup>

Nr.236 **Rúst**

C4

Á miðjum Bæjarhól.

Lýsing: Innanmál um 3 x 3 x 0,5 - 1 m. Fyrir útveggjum sér ekki.

Gæti verið súrheystóft eða kofi.<sup>152</sup>

Nr.237 **Bæjarstæði**

C4

Bæjarhóllinn u.þ.b. miður að vestanverðu.

Lýsing: Innanmál um 5 x 3 m. Dyr, um 1 m br. við NV-hornið. V-helmingur rústarinnar er gryfja um 2,7 x 2,5 m og um 1,8 m á dýpt. Hefur hér verið um kjallara að ræða. Veggir hans eru hlaðnir úr grjóti og sér fyrir steinsteypu efst í V-vegg. Hæð veggja í efri hluta rústarinnar er 1 -1,7 m, en þykktin um 1 m. E.t.v. hefur 1 m br. inngangur á N-vegg.

Þetta er grunnur undan íbúðarhúsi Júlíusar Sigurðssonar, bónda í Fagurey, og var það úr timbri. Húsið var síðar flutt til Stykkishólms og stendur nú við innanverða Skúlagötu. Það hefur verið stækkað mikið og breytt. Eftir húsflutninginn var grunnurinn notaður sem skemma.<sup>153</sup>

---

<sup>151</sup>. Kristinn B. Gíslason.

<sup>152</sup>. Kristinn B. Gíslason.

<sup>153</sup>. Kristinn B. Gíslason.

Nr.238

**Eldhús**

C4

Suðvestanverður Bæjarhóll.

Lýsing: Innanmál um 5,5 x 3 x 1 - 1,5 m. Veggjaþykkt um 1 m. Framgafl hefur verið úr timbri og snúið í V. Eldavélarleifar, steinsteyptar hlóðir og reykháfur við bakgaflinn.

Hér er um útielldhús að ræða og var það í notkun fram á síðustu ár byggðar í eygni. Í því var m.a. eldað slátur og hreinsaður dúnn.<sup>154</sup>

Nr.239

**Matjurtagarður**

C4

Brekka neðan og vestan SV-hluta Bæjarhóls.

Lýsing: Innanmál um 15 x 10 x 0,5 m. Veggjaþykkt um 0,5 m. Hlaðinn úr torfi og grjóti.

Garðurinn var í notkun fram á síðustu ár búskapar hér.<sup>155</sup>

Nr.240a-b

**Kofar og rúst**

C4

Neðan og vestan SV-hluta Bæjarhóls.

Lýsing: **a)** Tveir sambyggðir kofar, innanmál hvors um sig nál. 4 x 2 x 1 m. Veggjaþykkt um 1 m. Dyr við skilvegg, br. um 1 m, og snúa í SV. A-veggurinn er hluti af matjurtagarði nr.239.<sup>156</sup> **b)** Húsrúst, innanmál um 4 - 5 x 3 x 0,5 m. Veggjaþykkt um 2 - 3 m. Dyr, um 1 m br. á SV-gafl. Bakhliðin hverfur undir kofarústir nr.240a.

Nr.241a-c

**Bæjarstæði, rúst og brunnur**

C4

Syðsti hluti Bæjarhóls.

Lýsing: **a)** Bæjarrúst, nú aðeins tveir veggir eftir, líklega nál. upphaflegri lengd. NA-veggur, um 9 x 2 x 1 m. NV-veggur, um 10 x 1,5 x 1 m. Dyr, um 1 m br. á honum miðjum og framan við þær byggt fordyri um 1,5 x 1 m. Inngangur í það snýr í SV.<sup>157</sup> **b)** Tóft, innanmál um 2 x 2 x 0,5 m. Ytri mörk veggja ógreinanleg. Rústin er um 15 m sunnan bæjarrústar a) syðst í hólbrúninni. **c)** Brunnur, nokkurn vegin hringlaga, um 1,5 m. í þvermál. Hlaðinn innan úr grjóti og reft yfir. Er um 10 m. SA við Bæjarhól.

---

<sup>154</sup>. Kristinn B. Gíslason.

<sup>155</sup>. Kristinn B. Gíslason.

<sup>156</sup>. Kristinn B. Gíslason segir, að annar eða báðir kofarnir hafi verið notaðir fyrir hænsni á árunum 1932-1936. Þó kann eldiviður að hafa verið geymdur í öðrum þeirra.

<sup>157</sup>. Kristinn B. Gíslason kveðst hafa búið í þessum bæ á árunum 1932-1936. Voru gaflar og S-hlið úr timbri. Bærinn brann um 1937.

Nr.242

**Traðir**

B4

Svæðið milli Bæjarhóls og Skipavíkur.

Lýsing: Traðir, um 70 x 1,5 x 0,5 - 3 m, liggja frá miðjum Bæjarhól og stefna um 55 m í V. Beygja síðan til NV um 15 m og ná allt að sjó við Skipavík. Síðustu 10 - 15 m eru traðirnar hátt í 3 m á breidd.

Nr.243a-c

**Naust og grjótbryggja**

B4

Við Bæjarsund andspænis Enghólma.

Lýsing: **a)** Naust, um 6 x 5 m, grafið inn í bakka. Grjót kantur hlaðinn fremst í því austanmegin. **b)** Naust, um 1,5 x 1,5 m. Fleyglaga, grafið inn í bakka, og er um 7 m vestan a). **c)** Grjótbryggja, um 30 x 2 x 1 - 1,5 m. Er austanmegin í vörinni og í beinu framhaldi af nausti a). Lendingin er um 13 m breið og takmarkast af grjótruðningi að vestanverðu.

Þetta var aðallendingin í Fagurey, a.m.k. síðustu árin, sem hún var í byggð.<sup>158</sup>

244

**Kirkja?**

B2-4

S.k. Kirkjuhleinarflöt sunnan Bæjarhóls.

Lýsing: Tvær samsíða þústir eða bunga um 5 x 3 m. Gæti e.t.v. verið um leifar lítils húss að ræða.

Sagt er að hér hafi staðið bænhús og þústirnar séu leifar þess.<sup>159</sup> Hálfkirkja var fyrrum í Fagurey en af tekin fyrir löngu.<sup>160</sup>

#### 4.4 *Gimburey*

Gimburey liggur undir Sellátur og hefur aldrei verið í byggð, en hins vegar nýtt þaðan, m.a. til slægna.

Nr.166

**Smiðja**

A4

Norðausturhluti eyjarinnar.

---

<sup>158</sup>. Kristinn B. Gíslason.

<sup>159</sup>. Örnefnalýsing Fagureyjar, bls.3.

<sup>160</sup>. Sveinn Níelsson, Prestatal og prófasta á Íslandi, 2. útg., Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík 1950, bls. 153.

Lýsing: Innanmál um 1,5 x 1 x 0,5 m. Veggjarþykkt um 1 m. Niðurgrafin og hlaðin úr grjóti innanvert. Óvíst hvar dyr hafa verið og hugsanlega engar. Tóftin gæti þannig hafa verið opin og gengið niður í hana.

Sagt er að smiðjan hafi verið uppistandandi um 1900 eða nokkru síðar. Var hún notuð til að dengja í ljái meðan eyjan var höfð til slæгна.<sup>161</sup>

Nr.167

**Gröf?**

B3-4

Lægð upp frá s.k Austurvík.

Lýsing: Stór þúfa, s.k. Leiði, um 1,7 x 1 x 0,7 m. Stefna N-S. Nokkuð grafin eftir lunda, á kafi í hvönn og njóla við skoðun og því erfitt að segja til um lögun. Virðist um hreina náttúrumyndun að ræða.

Áður en lunda fjölgaði mjög í Gimbury, og hann tók að grafa sundur Leiðið, er sagt að það hafi verið eins og líkkista í laginu. Talað var um að hér væru grafin 12 sjórekin lík, en sumir sögðu eitt. Hafði eldra fólk ótrú á að láta hrófla við Leiðinu.<sup>162</sup> Ótrúlegt er að þetta sé raunveruleg gröf og því um alþýðuskýringu að ræða.

#### 4.5 Höskuldsey

Höskuldseyjar er fyrst getið í Eyrbyggja sögu, og þá sem verstöðvar, en hún er talin rituð á tímabilinu 1200 - 1245.<sup>163</sup> Um 1270 greinir frá því að Bjarnarhöfn í Helgafellssveit eigi búð og skipsstöðu í eyinni.<sup>164</sup> Árið 1281 var Höskuldsey gefin Helgafellsklaustri<sup>165</sup> og í máldaga frá 1397 er hún talin með óbyggðum eyjum þess.<sup>166</sup> Framan af öldum hefur Höskuldsey sennilega eingöngu verið notuð sem verstöð, en menn ekki haft þar fasta búsetu. Árið 1702 voru í eyinni 3 ábúendur, en þar að auki 12 búðir, með búsetu allt árið,

---

<sup>161</sup>. Kristín Nielsdóttir, Stykkishólmi, f. 1911, uppalin í Sellátri og síðasti ábúandi þar ásamt manni sínum, Höskuldi Pálssyni. Sbr. einnig örnefnalýsingu Saurláturs, bls. 6 (Örnefnastofnun, Þorleifur Jóhannesson skráði). Niels Bæringsson, Stykkishólmi, segir að sams konar rúst sé í Þorvaldsey. Ekki var farið í eyna við vettvangskonun, enda ekki vitað um rústina þá.

<sup>162</sup>. Kristín Nielsdóttir, Stykkishólmi. Sbr. einnig örnefnalýsingu Saurláturs, bls. 6 (Örnefnastofnun, Þorleifur Jóhannesson skr.).

<sup>163</sup>. Íslenzk fornrit IV, Hið íslenzka fornritafélag, Reykjavík 1935, bls. xlv og 19.

<sup>164</sup>. Dipl. Isl. II, bls. 82.

<sup>165</sup>. Dipl. Isl. II, bls. 331-332.; Dipl. Isl. VI, bls. 6.

<sup>166</sup>. Dipl. Isl. IV, bls. 167. Í máldaga Helgafellsklausturs 1377-1378 er Höskuldsey að vísu ekki talin með óbyggðum eyjum

þess, en það kann að eiga sér aðrar skýringar. (Dipl. Isl. III, bls. 326.).

og 3 verbúðir.<sup>167</sup> Einn ábúandi var árin 1801 og 1845, en ekkert búðarfólk með fasta búsetu.<sup>168</sup> Höskuldsey fór í eyði árið 1961.<sup>169</sup>

Nr.180

**Verbúð**

A4

Suðvesturhluti eyjarinnar á s.k. Kór.

Lýsing: Innanmál um 4 x 2 x 0,5 m. Veggjapýkkt um 1 - 2 m. Dyr, um 1 m br. nálægt miðri NA-hlið. Kampar hlaðnir framan við þær sitt til hvorrar handar. SA kampur um 5,5 x 2 x 0,5 m. NV kampur um 1 x 1 x 0,3 - 0,5 m. Túngarður úr grjóti hlaðinn ofan á SA vegg rústarinnar. Tóftin er mikið sundurgráfin eftir lunda og stendur á sjávarbakka fast við fjöruna.

Nokkrar verbúðarrústir eru á Kórnum, en enginn veit nú hvaða nafn sérhver rúst bar.<sup>170</sup>

Nr.181a-b

**Verbúð og rústabunga**

A4

Suðvestasti hluti eyjarinnar á s.k. Kór.

Lýsing: a) Tvö sambyggð hús. A, innanmál um 4 x 2 x 0,3 m. Veggjapýkkt um 1,5 m. Dyr virðast hafa verið á miðjum SA-gafli. B, innanmál um 3 x 2 x 0,5 m. Veggjapýkkt 1 - 1,5 m. Dyr virðast snúa í SV. Um 2 m þykkur veggur skilur tóftirnar að. Sennilega verbúð. Báðar tóftirnar eru allgráfnar eftir lunda.

b) Rústabunga, um 4 x 4 m. Mannvirki ekki greinanleg á yfirborði. Er um 8 - 10 m. NV við verbúðarrústina a) og fast við grjótgarð þvert yfir eyna. Gæti hugsanlega verið leifar einhvers húss.

---

<sup>167</sup>. Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Kaupmannahöfn 1933, bls. 346-352.

<sup>168</sup>. Manntal á Íslandi 1801, Vesturamt, bls. 130; Manntal á Íslandi 1845, Vesturamt, bls. 127.

<sup>169</sup>. Byggðir Snæfellsness, bls. 451.

<sup>170</sup>. Örnefnalýsing Höskuldseyjar, athugasemdir Bjarnar Jónssonar á Innri-Kóngsbakka, bls. 5; Örnefnalýsing Höskuldseyjar, Þorleifur Jóhannesson skráði, bls. 2; Örnefni í Höskuldsey og lýsing á eyjunni, Dagbjört Nielsdóttir skráði eftir Jónasi Pálssyni (hdr.).

Í örnefnalýsingu Þorleifs eru þessar búðir taldar vera á Kórnum: Bjarnarhafnarbúð, Drangabúð, Helgafellsbúð og Nesbúð. Lýsing Dagbjartar nefnir eftirtaldar búðir: Bjarnabúð (þ.e. Bjarnarhafnarbúð), Nesbúð, Saurabúð og Ögursbúð. Hér ber mönnum ekki fullkomlega saman. Tekið skal fram að í báðum tilfellum var Jónas Pálsson heimildarmaður. Hann er fæddur 1904 og átti heima í Höskuldsey árin 1911-1929. Tjáði Jónas skrásetjara, að verbúðir á Kórnum hafi allar verið vallgrónar í æsku sinni og veit ekki hvenær þær voru síðast notaðar.

Suðvestasti hluti eyjarinnar á s.k. Kór.

Lýsing: Tvær sambyggðar tóftir. Innanmál A um 3 x 2 x 0,5 - 1 m. Veggjaþykkt um 2 m. Dyr, um 0,5 m br. á miðjum SV-vegg. Kampar, um 1 x 1 m, virðast hlaðnir framan við þær sitt til hvorrar handar. B, innanmál um 4 x 3 m. Aðeins einn veggur uppistandandi, h. um 1 m, br. um 2 m, úr torfi og grjóti. Dyr líklega á NA-gafla. Rústirnar standa á lágum sjávarbakka, en klettótt fjara þar suðvestan við. Báðar tóftirnar eru sundurgrafnar eftir lunda og er B mun óskýrari.<sup>171</sup>

Suðvestasti hluti eyjarinnar á s.k. Kór.

Lýsing: Innanmál um 3 x 2 x 1 m. Veggjaþykkt um 1,5 m. Dyr, um 0,5 m br. á miðjum SV-vegg. Framan við þær, sitt til hvorrar handar, hlaðnir kampar um 1 x 1 x 1 m. Þannig hefur myndast um 2,5 m langur gangur inn í sjálfa búðina. Rústin er allgreinileg og stendur á lágum sjávarbakka fast ofan fjörunnar.

Lýsing: a) Túngarður hlaðinn úr grjóti, h. um 1 m, br. um 0,8 m. Girðir Kórinn af frá hinum hluta eyjarinnar. Liggur einnig á sjávarbökkum NV og SA á Kórnum. Hlið, um 1 m br. er á SA-verðum þvergarðinum. Yst á garðinum að NV-verðu er hlaðinn stubbur, sem nær frá honum niður í fjöruna. Að NV-verðu heldur garðurinn áfram og stefnir í átt að Vognum, nær u.þ.b. fyrir miðjan vogsbotninn. Að SA-verðu liggur garðurinn í átt frá Kórnum og nær allt að lendingu á s.k. Sandi, en þar er hlið um 2,5 m á breidd. Garðurinn endar svo á móts við innri enda steinsteyprtar íbúðarhússrústar.<sup>172</sup>

b) Æðarkollubyrgi eru í utanverðum garðinum, sem nær frá Kórnum að NV-verðu og að Vognum. Hvert byrgi myndast af tveimur steinum, sem reistir eru á rönd, og þeim þriðja ofan á. Þannig myndast röð byrgja í neðslu hleðslu garðsins.

c) Afgirt svæði, um 15 - 20 x 7 - 8 m, er á NA-horni Kórsins. Ekki sjáanlegur neinn inngangur á það. Hér er um grjótgarð að ræða, h. um 1 m, br. um 0,8 m. Túngarður SA megin á Kórnum sameinast þessum hleðslum. Er hér um kálgarð að ræða?<sup>173</sup>

---

<sup>171</sup>. Jónas Pálsson segir að hér á bakkanum hafi staðið í röð Bjarnabúð, Saurabúð og Ögurbúð, en ekki getur hann staðsett hverja búð fyrir sig. Nesbúð var austasta búðin á Kórnum, þ.e. á totunni. Stefán Halldórsson, áb. Höskuldsey 1942-1950, reif hana þegar hann gerði hér kálgarð. Sbr. einnig neðanmálsgr. 131.

<sup>172</sup>. Á Kórnum var kúm beitt segir Jónas Pálsson.

<sup>173</sup>. Jónas Pálsson segir að Stefán Halldórsson hafi rífið Nesbúð, austustu búðina á Kórnum og reist þar kálgarð.

**d)** Kálgarður, frá síðustu árum búskapar í Höskuldsey. Er innan við túngarð NV megin á eyinni. Sést að hér hefur verið ræktaður m.a. rabbarbari. Girðing umhverfis enn uppi-standandi.

**e)** Rústabunga, á túninu SA frá íbúðarhússrúst. Engin mannvirki sjást á yfirborði. Gæti hugsanlega verið leifar einhvers húss, sennilega vebúðar. I fjörunni rétt neðan við, og utan túngarðs, er mikið af kræklingsskeljum, en fiskurinn úr þeim hefur trúlega verið notaður í beitu.

Nr.185      **Rúst**

B3-4

Mitt túnið á SV-helmingi eyjarinnar.

Lýsing: Tóftarleifar, sporöskjulaga. Um 2 x 4 m, veggjaþykkt um 1,5 m. Inngangur, um 0,5 m br. á SV-hlið. Eru um 12 m SV íbúðarhússrústar.

Nr.186a-c      **Bæjarstæði og brunnar**

B1-4

Lág hæð u.þ.b á miðri ey sunnantil.

Lýsing: **a)** Bæjarstæði. Sléttað hefur verið úr rústum síðasta torfbæjarins. Hér standa nú sambyggð hlaða, fjárhús og fjós, allt úr steinsteypu. Við vettvangskönnun var bæjarhóllinn á kafi í gróðri, sem gerði nákvæma athugun ómögulega. Rúst íbúðarhúss úr steinsteypu, sem brann 1961, stendur litlu utar en útihúsin.<sup>174</sup>

**b)** Brunnur, sunnantil á eyinni upp undan Sandinum. Þetta var aðal vatnsbólið.<sup>175</sup> Merkt með \* á korti.

**c)** Brunnur, norðantil á eyinni á s.k. Magál. Grafinn fyrir fjósið á tímabilinu 1942 -1950.<sup>176</sup> Merktur með \* á korti.

Nr.187a-b      **Rústabungur**

B3-4

Lýsing: **a)** Um 15 m NV steinsteyptra útihúsa er lág og rústaleg bunga. Ekki sér fyrir mannvistarleifum á yfirborði.

**b)** Á bakkanum fyrir botni Vogsins er rústaleg bunga en ekki mótar fyrir tóftum á yfirborði. Við báðar bungurnar er mikið af kræklingsskeljum, sem gæti bent til að hér væri um verbúðarleifar að ræða.

---

<sup>174</sup> . Sbr. örnefnalýsingu Höskuldseyjar, Þorleifur Jóhannesson skráði, bls. 2; örnefnalýsing Höskuldseyjar, Björn Jónsson skráði, bls. 2 og 4. Til er skrifleg lýsing á gamla bænum, sem Dagbjört Nielsdóttir skráði eftir Jónasi Pálssyni ( Örnefni og lýsing Höskuldseyjar, hdr.).

<sup>175</sup> . Stundum kom svolítið saltbragð af vatninu, enda síaðist sjór gegnum malarkambinn um stórstraumsflæði. Vatnsleiðsla var síðar lögð úr brunnum í steinhúsið.

<sup>176</sup> . Jónas Pálsson segir að Stefán Halldórsson hafi gert brunnum.

Vogurinn norðaustanverður.

Lýsing: **a)** Naust, um 5 x 1,5 m. **b)** Naust, um 5 x 1 m. **c)** Naust, um 2 - 2,5 x 5 - 6 m.

**d)** Naust, um 4 - 5 x 1 m. Mjög samfallið. **e)** Naust, 8 -9 x 1,8 m.

**f)** 4 - 5 x 2 m. Flest eða öll naustin dragst að sér, nema hið syðsta f), sem er jafnbreitt. Eflaust eru þau öll talsvert samfallin. Hér í SA-krika Vogsins hafa 6 - 8 naust verið grafin inn í bakkann. Nú sjást aðeins 6 með vissu og e.t.v. tvö í viðbót. Eiga að hafa verið 10 alls.<sup>177</sup> Tvær steynsteiptar tóftir<sup>178</sup> og braut, eða renna, upp fjöruna að þeim hafa eyðilaggt hin. Ofan steypu tóftanna er gamalt vinduspil úr tré. Tvö naust, sbr. áður, kunna að vera sunnan rennunnar, en það er þó óvíst. Aðal lendingarstaðurinn á eyinni var hér í Vognum.<sup>179</sup>

**g)** Grjótgarður, um 22 x 0,5 x 0,3 m, er um 2 m neðan naustanna þar sem mætast gras og fjara. Heldur síðan áfram um 20 m meðfram hól þar norðan við. Grjótgarður þessi er án efa yngri en naustin.<sup>180</sup>

Lágur hóll norðaustan við Voginn.

Lýsing: Tvö sambyggð hús. Innanmál A um 2 x 2 x 1 m. Veggjapykkt um 1,2 m. Dyr, um 0,5 m br. á S-gafla við V-hornið. Innanmál B um 3 x 2 x 1 m. Veggjapykkt um 1,2 m. Dyr, um 0,7 m br. á miðjum V-gafla. Framan við þær hlaðnir kampar um 1 x 1 m.

Sennilega er þetta Týrabúð, sem síðast var í notkun árið 1926.<sup>181</sup>

---

<sup>177</sup>. Örnefnalýsing Höskuldseyjar, Björn Jónsson skráði, bls. 1.

<sup>178</sup>. Jónas Pálsson segir að saltgeymsla hafi verið í minni tóftinni, en fiskur saltaður í hina.

<sup>179</sup>. Bátarnir voru yfirleitt geymdir á mölinni upp af Vognum þegar ekki var mikið í sjó eða féll undir þá. Aðeins ef hvasst var og hásjávað voru þeir settir í naustin. Þau voru síðast í notkun á árunum 1920-1930. Heimildarmaður: Jónas Pálsson. Sbr. einnig örnefnalýsingu Höskuldseyjar, Björn Jónsson skráði,

bls. 1.

<sup>180</sup>. Jónas Pálsson telur, að garðurinn kunni að vera hlaðinn af Stefáni Halldórssyni.

<sup>181</sup>. Jónas Pálsson telur þetta vera Týrabúð. Sbr. einnig Örnefnalýsingu Höskuldseyjar, Þorleifur Jóhannesson skráði,

bls. 2; Örnefni og lýsingu Höskuldseyjar, Dagbjört Níelsdóttir skráði. Jónas segir að Týrabúð hafi verið byggð upp að nýju af Guðmundi Bjarnasyni frá Jónsnesi, áb. þar 1914-

Hóll norðaustan við Voginn.

Lýsing: **a)** Verbúðarleifar, aðeins A-veggur eftir og bútur af S- og N-vegg. Húsið hefur verið um 4 m langt, en um breidd er ekki hægt að segja. Veggjaþykkt um 1,5 m en hæðin um 0,5 m. Talið að þetta séu leifar Skötubúðar, en hún var rifin árið 1927.<sup>182</sup> **b)** Garðbrot, liggur um 9 m í stefnu N-S og beygir síðan um 2 m í V. H. um 0,8 m, br. 1,5 m. Steinsteyptur grunnur, um 4 x 2 m, er um 3 m norðan garðbrotsins.

Flaturlangi á NV-horni eyjarinnar.

Lýsing: **a)** Fjárbyrgi, innanmál um 5 x 3 x 1 m. Veggjaþykkt um 1 m. Inngangur, um 1 m br. í SV-horninu. Grjótgarður nr.192a liggur vestur frá byrginu, sem var í notkun a.m.k. fram um 1930.<sup>183</sup> **b)** Ferningslaga grjótrúst, utanmál um 3 x 2 m. Hleðslur sokknar í jörðu. Sennilega leifar hjalls eða fiskbyrgis.<sup>184</sup>

Flaturlangi á NV-horni eyjarinnar.

---

1920, og Kristjáni syni hans. Eftir að notkun lauk árið 1926 var búðin rifin. Júlíus Sigurðsson í Fagurey,áb. þar 1905-1920, var með síðustu mönnum, sem reru úr Týrabúð.

<sup>182</sup>. Uppl. Jónasar Pálssonar. Sbr. einnig Örnefnalýsingu Höskuldseyjar, athugasemdir Bjarnar Jónssonar á Innri-Kóngsbakka, bls. 6; Lýsingu Höskuldseyjar og örnefni, skráð af Dagbjörtu Níelsdóttur. Skötubúðar er getið í Jarðabók ÁM og PV og var þá þurrabúð, en hefur seinna orðið verbúð. Sú Skötubúð, sem seinast stóð í Höskuldsey var í eigu Sellátursmanna og ein reisulegasta verbúðin þar. Hún var rifin árið 1927 og endurbyggð í Sellátri í sömu mynd af Níelsi Jónssyni. Skötubúð stóð uppi fram um 1970 og var hún mæld og teiknuð áður en hún féll. (Lúðvík Kristjánsson, Íslenzkir sjávarhættir II, Reykjavík 1982, bls. 420-421).

<sup>183</sup>. Jónas Pálsson segir að Páll Guðmundsson, faðir sinn, hafi rekið fé í byrgið á búskaparárum sínum hér (1911-1931). Sbr. örnefnalýsingu Höskuldseyjar, Þorleifur Jóhannesson skr., bls. 2; Lýsingu Höskuldseyjar og örnefni, Dagbjört Níelsd. skr.

<sup>184</sup>. Lýsing Höskuldseyjar og örnefni, skr. af Dagbjörtu Níelsd., getur um gamlar búðartættur suður af fjárbyrginu og er án efa átt við þessa rúst. - Tjarnarbúð stóð á bakka lítillar tjarnar NV á eyrni eða vestantil við hana (sbr. örnefnalýsingu Þorleifs Jóhannessonar, bls. 2 og lýsingu og örnefni í Höskuldsey, skr. af Dagbjörtu Níelsd.). Búðin var rifin eftir að notkun lauk, 1923-1924, og var hún alveg jöfnuð við jörðu. Ekki fundust nein ummæri hennar við vettvangskonunn. Tjarnarbúð var byggð úr torfi og grjóti, en með bárujárnsþaki. Þetta var einn geymur, sem skipt var í tvennt og beitt í þeim fremri en sofið í hinum. Fletin voru grjótbálkar og hálmur breiddur ofan á. Síðustu búðina, sem hér stóð byggðu Kristmann og Þorsteinn Jóhannssynir frá Stykkishólmi. Heimildarmaður: Jónas Pálsson.

Lýsing: **a)** Grjótgarður, liggur um 16 m í stefnu NV-SA, beygir síðan til norðurs um 15 m, þá til vesturs um 3,5 m, síðan aftur í norður um 14,5 m, sveigir loks til austurs um 19 m og endar við fjárbyrgisrúst nr.191a. Hæð garðsins er um 1 m, þykktin álíka og hleðslur mjög heillegar. Girðir tangann af til norðurs, vesturs og austurs. Var hann til hjálpar við innrekskur fjár í byrgi nr.192a. **b)** Hjallrúst, innanmál um 5 x 2,5 m, skipt í tvo helminga með lágum grjótvegg. L. N-hluta um 1,5 m, en S-hluta um 2,5 m. Grjótgarður a) myndar A-vegginn. Veggjaþykkt og hæð um 1 m. Hjallurinn var notaður a.m.k. fram um 1930. N-hluti hans (sá innri) var kallaður komenta og þar var geymdur fullhertur fiskur. **c)** Fiskbyrgi, innanmál um 2,5 x 1,5 x 1 m. Þykkt V-veggjar um 0,7 m, N-veggjar um 2 m. Opið til NA. Stendur norðan við hjallrúst c), hafa þær einn vegg sameiginlegan, og eru báðar byggðar norður úr grjótgarði a). Blautur fiskur var látinn í byrgið og lék vindur þar vel um hann. Þegar fiskurinn var tekinn "að skeljast" var hann fluttur í hjallinn (b). **d)** Hjallrúst, innanmál um 2,5 x 2 x 0,3 m. Veggjaþykkt um 1 m. Útlínur ekki öruggar. Hverfur undir grjótgarð a) að NV-verðu. Leifar hænsnakofa (steiptur grunnur og timburleifar) eru í NV-horni svæðis þess, sem grjótgarður a) girðir af á tanginum. Kofinn var reistur á tímabilinu 1942 - 1950.<sup>185</sup>

Nr.193

**Fjánhús**

C4

Hæð NA-til á eyggi og skammt frá vitanum.

Lýsing: Innanmál um 8,5 x 4 x 1,5 m. Veggjaþykkt um 1 m. Framhlið vantar, hefur líklega verið úr timbri. Steipt stétt þar framan við, en að örðu leiti er rústin úr torfi og grjóti.

Byggt af Páli Guðmundssyni vorið 1917.<sup>186</sup>

## 4.6 *Kiðey*

Kiðeyjar er fyrst getið í máldaga Helgafellsklasturs 1377- 1378 og er þá talin með óbyggðum eyjum þess.<sup>187</sup> Árið 1397 er Kiðey enn óbyggð<sup>188</sup>. Einn ábúandi var í eyggi 1702<sup>189</sup> en hún fór í eyði árið 1790.<sup>190</sup>

---

<sup>185</sup>. Þetta er hæsnahús Stefáns Halldórssonar segir Jónas Pálsson, en hann hefur jafnframt veitt allar upplýsingar um

rústir nr.192a-d.

<sup>186</sup>. Jónas Pálsson.

<sup>187</sup>. Dipl. Isl. III, bls. 328.

<sup>188</sup>. Dipl. Isl. IV, bls. 167.

<sup>189</sup>. Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns V, Kaupmannahöfn 1933, bls. 343.

<sup>190</sup>. J. Johnsen, Jarðatal á Íslandi, Kaupmannahöfn 1847, bls. 156, nmgr. 27. Hér segir ennfremur, eftir hreppaskýrslum sýslumanns 1843-1846 (sbr. bls. x), að einn ábúandi sé í eyggi. Kiðeyjar er

Hæð milli tveggja borga vestan við miðja ey.

Lýsing: **a)** Matjurtagarður, innanmál 14,5 x 8,5 - 5 x 0,7 - 1m. Veggjaþykkt um 1 m. S-veggur enginn. Stendur í brekku, sem hallar til suðurs.<sup>191</sup>

**b)** Matjurtagarður, innanmál um 16 x 14 - 15 x 1 - 1,2 m. Veggjaþykkt um 1 - 1,2 m. Enginn N-veggur utan 1 m langur bútur í NA-horninu. Sambyggður a) við SA-hornið. Er beint neðan (sunnan) við bæinn. Segja má að hann myndi N-vegg garðsins.

**c-d)** Bæjarrúst. Dyr, um 1 m br. eru á miðjum S-vegg og snúa inn í matjurtagarð b). Framan við bæinn er hlaðin stétt eða pallur úr torfi um 8 x 2 - 3 x 0,3 m. Stéttin er nú allþýfð. Framan við bæjardyr, sitt til hvorrar handar, eru hlaðnir kampar um 2 x 1 x 0,7 m. Innan við þær tekur við herbergi um 9 x 3 x 0,5 - 1,2 m. Veggjaþykkt um 1 - 2 m. Þetta er baðstofan og var í notkun fram yfir 1940.<sup>192</sup> Á miðjum N-vegg hennar mótar fyrir dyrum, um 1 m br. inn í annað herbergi (d), áætluð innanmál um 4 x 3 m. Þetta herbergi hefur auðsýnilega ekki verið jafn lengi í notkun og baðstofan.

**e)** Fjós? innanmál um 6 x 3 x 1 m. Veggjaþykkt um 0,5 m. Dyr, um 1 m br. á miðjum V-vegg. Sambyggð heytóft/hlaða f) aftan við og dyr, um 0,5 m br. á milli. Hæð skilveggjar um 0,3 m, en breiddin um 1 m.

**f)** Hlaða/heytóft? innanmál um 4 x 3 x 1 m. Veggjaþykkt um 0,5 m. Dyr, um 0,5 m br. í SA-horninu. **g)** Heytóft? innanmál um 4 x 3 x 0,8 m. Veggjaþykkt um 1 m. Dyr, um 1 m br. í NV-horninu. **fjórthús h)** sambyggð tóftinni að austanverðu og dyr á milli, br. um 0,5 m. S-veggur sameiginlegur með fjósi og heytóft/hlöðu (e-f) að sunnanverðu. **g)** Fjórthús, innanmál um 5 x 4 x 0,8 m. Veggjaþykkt um 1 m. Garði, um 4 x 0,5 x 0,3 m, skiptir húsinu í tvennt. Útidyr, br. um 0,5 m á miðjum A-gafla. **i)** Hrútakofi? innanmál um 4 x 3 x 0,5 - 0,8 m. Veggjaþykkt um 1 m. Dyr, um 0,5 m br. á miðjum A-gafla. Garði, um 0,5 x 0,5 x 0,3 m, hlaðinn meðfram N-vegg. S-veggur sameiginlegur með fjórthúsum (f).<sup>193</sup> **j)**

---

hins vegar ekki getið í Manntalinu 1845 (Manntal á Íslandi 1845, Vesturamt, Rvk. 1983). Í sóknarlýsingu 1842 segir, að hún hafi farið í eyði um 1800. (Sýslu- og sóknarlýsingar Hins íslenska bókmenntafélags III, Snæfellsnes, Reykjavík 1970, bls. 184.).

<sup>191</sup> . Hlaðinn brunnur, talinn gott vatnsból, var á bakkanum neðan við matjurtagarðinn. Heimildarmaður: Krístrún Ísleifsdóttir Stykkishólmi, f. 1909. Ísleifur Jónsson, faðir hennar, átti Kiðey um margra ára skeið og nýtti m.a. til slægna.

<sup>192</sup>. Kiðey fór í eyði um miðja 19. öld, en var lengi nýtt eftir það m.a. til slægna. Þjuggu menn þá jafnan í gamla bænum og var honum haldið við eftir fongum. Ísleifur Jónsson, Stykkishólmi, byggði upp baðstofuna árið 1921 og stækkaði eitthvað líklega til vesturs. Var hún timburklædd að innan, nema þakið, og líklega með 5 rúmum. Til upphitunar var kamína. Timburstafn með glugga var á henni vestanverðri. Magnús sonur Ísleifs reif bæinn árið 1947 og var þá allt nýtilegt úr honum tekið. Heimildarmenn: Krístrún Ísleifsdóttir, Stykkishólmi, en hún var við heyskap í Kiðey á árunum 1920-1940; Georg Ólafsson, Stykkishólmi, einnig við heyskap í Kiðey á svipuðu tímabili.

<sup>193</sup>. Krístrún Ísleifsdóttir segir að sumarið 1920, sem var hennar fyrsta í Kiðey, hafi verið eldað í moldarkofa nokkrum og gæti hann hafa verið rúst nr.290i. Sumarið eftir var bærinn stækkaður og farið að elda í honum.



snúa honum og draga meðfram klettunum upp í litla brekku, sem gengur austur og upp úr vörinni. Norðantil í henni, meðfram klettabelti, virðast leifar grjóthleðslu, mjög úr lagi gengin. Hefur vörin verið rudd hér. Milli hleðslunnar og klettanna, sunnan til í landingunni, myndast eins og mjó renna um 2,5 - 3 m. á breidd. Ekki sér fyrir nausti ofan við hana.<sup>194</sup>

Nr.296

**Kofi**

A4

Þýfð flöt SA við vestari borgina á eyinni.

Lýsing: Innanmál um 3 x 2 x 0,5 - 0,7 m. Veggjaþykkt um 1 m. Dyr, um 0,5 m br. á miðjum N-gafla.

Nr.297a-b

**Útihús og heytóft**

A3

Vestast á eyinni upp af s.k. Dysvík eða Gunnuvík.

Lýsing: **a)** Útihús, innanmál um 6,5 x 2,5 x 0,5 m. Veggjaþykkt um 1,5 m. Dyr, um 1 m br. á A-vegg nálægt S-gafla. Ytri mörk veggja óskýr. Sér fyrir grjóthleðslum innanvert í tóftinni á stöku stað. Heytóft sambyggð að sunnanverðu. **b)** Heytóft, innanmál um 2 x 1,5 x 0,5 m. Veggjaþykkt um 1,5 m. Sér fyrir grjóthleðslum á stöku stað innanvert í tóftinni. N-veggur sameiginlegur með útihúsinu. Rústir þessar eru mun eldri að sjá en bæjartóftin og útihús þar hjá.

Nr.298

**Dys**

A3-4

Vestast á eyinni við s.k. Dysvík eða Gunnuvík.

Lýsing: Grjóthruða, s.k. Gunnudys, utanmál um 2 x 1,3 m. Grjótið í hæð við jörðu. Snýr í SA-NA. Ekki útilokað að um raunverulega gröf sé að ræða. Bendir lögum, stærð og kompásstefna til þess.

Sagt er að hér sé dysjuð s.k. Kiðeyjar-Gunna.<sup>195</sup>

---

<sup>194</sup>. Georg Ólafsson segir að hér hafi hann og faðir sinn, Ólafur Sturlaugsson, bóndi Ögri 1927-1940, oftast lent er þeir voru við heyskap í eyinni. Einnig var lent á norðausturenda Kiðeyjar, einkum í vondri sunnanátt. Krístrún Ísleifsdóttir segir að faðir sinn hafi jafnan dregið bát sinn upp á gras ofan við landinguna, en ekki var um neitt naust að ræða. Telur hún jafnframt að landingin hafi verið rudd, en hleðslur illa farnar.

<sup>195</sup>. Sbr. Jón Árnason, Íslenskar þjóðsögur og ævintýri I, Rvk. 1954, bls. 534, VI. bd., Rvk. 1961, bls. 103. Hér greinir, að Guðrún Þormóðsdóttir (f. 1692), öðru nafni Kiðeyjar-Gunna eða Stagleyjar-Gunna, sé urðuð. Segja sumir, að hún hafi grandað sér sjálf og því ekki færð til kirkju. Aðrir segja, að hún hafi gengið aftur og verið sett hér niður af föður sínum, Þormóði Eiríkssyni galdramanni. Krístrún Ísleifsdóttir segir, að alltaf hafi orðið að skilja grasrönd, u.þ.b. 0,5 m., eftir umhverfis dysið er eyjan var slegin. Kveður hún Kiðeyjar-Gunnu hafa fyrirfarið sér vegna ástarsorgar. Þó var talið að Gunna væri gömul kona. Eitt sinn dreymdi Krístrúnu Gunnu, líklega sumarið 1921 eftir að búið var að stækka bæinn. Voru leirtau, rúmföt og fleira dót flutt út í eyna til að geta haft þar viðlegu meðan á heyskap stóð. Venja var að fara í land um hverja helgi. Af þeim sökum læsti Ísleifur faðir





Nr.132a-b **Naust**

A4

Vestast á Melrakkaey við sundið milli hólmans og eyjarinnar.

Lýsing: a) Naust, U-laga, innanmál um 9,3 x 2,5 x 0,5 m. Veggjaþykkt um 1,5 - 2 m. Veggir úr torfi og grjóti. Er um 2 m ofan fjörumarka. Mjög vaxið hvönn og veggir sundurgrafnir eftir lunda. b) Naust, U-laga, innanmál um 9 x 2 x 0,5 m. Veggjaþykkt um 1,5 - 2 m. Úr torfi og grjóti. Mjög vaxið hvönn og sundurgrafið eftir lunda.

Naustin eru sambyggð, a) er norðar.

Nr.133 **Rúst**

A4

Vestast á eyggi á móts við N-enda hólmans.

Lýsing: Innanmál um 5 x 3 x 0,5 - 0,8 m. Veggjaþykkt um 1,5 m. Dyr, um 0,5 m br. á miðjum V-gafla, snúa að sjó og er brekka upp að þeim úr klettóttu fjöru neðan við. Sennilega er hér um hús að ræða, sem tengist sjóferðum.

Nr.134a-c **Bæjarstæði og kofar**

A4

Dálítill tangi á suðvesturhorni eyjarinnar.

Lýsing: a) Bæjarrúst. Herbergi A um 3 x 2,5 m. Gangur frá miðjum SV-vegg, um 3 x 0,5 m inn í næsta herbergi B, sem er um 3,5 x 2 m. Gangur, um 3,5 x 0,5 m liggur úr því að útidrymum. Herbergi C, um 4,5 x 2,5 m, við hlið B að NV-verðu, dyr á milli þeirra, br. um 1 m. Um 3,5 - 4 m SA við B er laut í rústina, um 3,5 x 1,5 m, gæti verið herbergi D. Um 1 m aftan við C er lægð í rústina og gæti þar verið herbergi E um 2 x 1,5 m. Ekki sér fyrir inngangi í það. Herbergi F, um 4 x 3 m, er nokkuð NV við miðjan bæ og í afturhluta hans. Sér ekki fyrir dyrum. Herbergi G, um 3 x 2 m, er norðvestast í rústinni. Dyr, um 1 m br. á miðjum SV-gafla. Herbergi H, um 4,5 x 4 m, er í framhluta bæjarins, samsíða C, og virðist hafa haft timburstafn á SV-hlið. Hæð veggja í rústinni er um 0,5 - 1,2 m en þykktin um 1 - 4 m. Hún er víða sundurgráfin eftir lunda, ekki síst SA-hlutinn, en þar eru ytri mörk óörugg. Í SA-hlutanum má einnig ætla að verið hafi fleiri herbergi en D, eða þá eitt stórt. Bærinn stendur á litlum tanga og er landrymi nánast ekkert, sjávarbakki fast við til NV og SA. Rústin var mjög vaxinn hvönn við vettvangskönnun. b) Kofi I, innanmál um 4 x 2 x 0,8 m. Veggjaþykkt um 1,5 m. Framhlið hefur verið öll úr timbri og snýr að bænum. c) Kofi J, innanmál um 4 x 1,8 x 0,5 - 0,8 m. Veggjaþykkt um 1,5 m. Framhliðin snýr að bænum og hefur verið úr timbri. Samsíða I og hafa þeir einn vegg sameiginlegan. NV-veggur mjög grafinn eftir lunda og ytri mörk hans því óskýr. Bakhlið kofanna er byggð utan í hæð og endar tanginn örfáum metrum suðvestar.

Nr.135a-d **Útihús og heygarðar**

A4

Hæð um miðbik eyjarinnar.

Lýsing: **a)** Heygarður, innanmál um 7 x 4 x 0,2 - 0,5 m. Veggjaþykkt um 1 m. Veggir dragast að sér í NV-hlutanum og mynda eins og hálfboga. Inngangur á boganum miðjum, um 1 m br. Andspænis annar inngangur, um 1 m br. á miðjum SA-vegg, inn í sambyggðan heygarð.

**b)** Heygarður, innanmál um 7 x 6 x 0,2 - 0,5 m. Veggjaþykkt um 1 m. Inngangur, um 1 m br. á SV-vegg um 1 m frá sameiginlegum vegg með heygarði a). Op um 0,5 m br. á SA-vegg inn í sambyggð útihús c).

**c)** Útihús, innanmál um 5 x 3 x 0,5 - 1,5 m. Veggjaþykkt um 1,5 m. Dyr, um 0,5 m br. á miðjum SV-vegg. Op, um 0,5 m br. er á miðjum NV-vegg inn í sambyggða heytóft. Grjóthleðslur eru neðst í veggjum um 0,7 m. háar, en þar ofan á kemur torf. Þá er torf er til bindingar milli grjóthleðslna. Utanvert eru horn rústarinnar rúnnuð og flái á veggjum. Hún er afar heilleg.

**d)** Útihús, innanmál um 4,5 x 3 x 1,3 m. Veggjaþykkt um 1,5 m. Dyr, um 1 m br. á miðjum SV-vegg og framan við þær, sitt til hvorrar handar, hlaðnir kampar um 1 x 1 x 0,7 m. Húsið er hlaðið úr torfi og grjóti. Grjóthleðslur neðst, um 0,8 m. háar og bundnar með torfi, en torf þar ofan á. Ytri horn hússins rúnnuð og veggir með fláa. Falleg og heilleg rúst.

Nr.136            **Matjurtagarður**

A4

Slakki um miðbik eyjarinnar að norðvestanverðu.

Lýsing: **a)** Innanmál um 7,5 x 6,5 x 0,5 - 1 m. Veggjaþykkt um 1 - 1,5 m. Inngangur, um 0,5 m br. á miðjum NV-vegg. Virðist einnig vera á á miðjum SA-vegg, br. um 0,3 m. Stendur neðarlega í slakka um 7 - 8 m frá fjöru og hallar lítið eitt til SV.

Nr.137a-b        **Hjallar/fiskbyrgi**

A3-4

Sjávarbakki á NA-horni eyjarinnar.

Lýsing: **a)** Innanmál um 3 x 1,5 x 0,3 m. Veggjaþykkt um 1 m. Dyr, um 0,5 m br. á miðjum NV-vegg. Virðist af svipuðum aldri og aðrar rústir í eygni og byggð úr torfi og grjóti. Gæti verið hjallar/fiskbyrgi. **b)** Tvær grjóthrúgur rétt norðaustanvið a). Gætu verið leifar hjalls/fiskbyrgis.

Nr.138a-b        **Garður og rúst**

A4

Hæð norðaustantil á eygni.

Lýsing: **a)** Garður, innanmál um 30 x 13,5 x 1 m. Veggjaþykkt um 1,5 m. Inngangur, um 1 m br. á miðjum SV-vegg. Veggir garðsins eru hlaðnir úr torfi og hallar honum til SV. Kallast Lystigarður eða Höltersgarður.<sup>201</sup> **b)** Torfhlaðin rúst, innanmál um 1,8 x 1,3 x 1

---

<sup>201</sup>. Kaupmanshjóinn María Sigurðardóttir og Árni Páll Jónsson í Stykkishólmi áttu Melrakkaey í mörg ár. Fóstursonur þeirra, Jóhann Rafnsson, Stykkishólmi, segir að garðurinn hafi ýmist verið kallaður Lystigarður eða Höltersgarður. Einkum munu það hafa verið eyjamenn, sem töluðu um

m. Er efst í garðinum og áföst við u.þ.b. miðjan NA-vegginn. Sagt að þetta séu sæti, sem notuð voru á góðviðrisdögum af betri borgurum í Stykkishólmi á 19. öld.<sup>202</sup>

Nr.139            **Túngarður**

A3-4

Lægð milli tveggja hæða á SA-hluta eyjarinnar.

Lýsing: Torfhlaðinn garður, hæð um 0,5 m, breidd um 1 m. Nær næstum frá sjó á suðaustanverðri eyinni og upp á hana u.þ.b. miðja.

Nr.140            **Naust?**

A4

Malarvík norðvestan á eyinni, bakki upp af henni og enn ofar lægð.

Lýsing: Veggur úr torfi og grjóti um 5 x 0,5 x 1,5 m. Er á grasbala upp af fjörunni í suðvestanverðri víkinni.

Ef þetta er naust, sem er óvíst, hefur aðeins verið um einn vegg að ræða, en dæmi þekkjast um slíkt. Rústin var á kafi í hvönn og öðrum gróðri við athugun og fanst með því að troða svæðið.

#### 4.9 *Sellátur*

Sellátur hét áður Saurlátur og er nafnbreytingin talin nýsmíði árið 1923.<sup>203</sup> Eyjarinnar er fyrst getið í máldaga Helgafellskirkju um 1274, en ekki kemur fram hvort hún var í byggð.<sup>204</sup> Í máldaga Helgafellsklausturs 1377 - 1378 er Saurlátur talið meðal byggðra

---

Höltersgarð. Garðinn á Árne Thorlacius, kaupmaður í Stykkishólmi, að hafa látið byggja til blóma eða jurtaræktar. Fyrr á öldinni kom Jóhann oft í Melrakkaey, vegna heyskapar aðallega, og sá þá fyrir beðum eða reitum í garðinum. Í byrjun 20. aldar var heil skútuáhöfn send í eyna til að stinga upp garðinn og gera þar kartöflugarð, en hætt var við eftir hálfnað verk. Sér enn fyrir skilum eða niðurgreftri í garðinum suðvestanverðum. Segir Jóhann að altalað hafi verið í Stykkishólmi, að lystigarður væri í eyinni. Einkum hafði hann þetta þó frá Maríu fósturu sinni. Hölter nafnið segir Jóhann vera komið frá Peter Hölter kaupmanni í Stykkishólmi, en hann ku hafa keypt Melrakkaey af konungi. Seinna keypti Árni Thorlacius af Hölter

þessum.

<sup>202</sup>. Jóhann Rafnsson hefur þetta eftir Maríu Sigurðardóttur fósturu sinni, f. 1855. Segir hann að betri borgarar Stykkishólms, á s.l. öld, hafi skroppið í Melrakkaey á góðviðrisdögum um helgar og hátíðisdaga. Var þetta til gamans gert og höfðu menn með sér drykkjarföng og nesti. Setið var á báðum veggjum tóftarinnar og haft borð á milli. Á þetta að hafa tíðkast fram á fullorðinsár Maríu. Ekki er fjarri lagi að móti fyrir seti ofan á syðri veggnum.

<sup>203</sup>. Hannes Þorsteinsson: Rannsókn og leiðréttingar á nokkrum bæjanöfnum á Íslandi. Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1923, bls. 42.

<sup>204</sup>. Dipl. Isl. II, bls. 116.

eyja í eigu þess<sup>205</sup>, en hins vegar í hópi hinna óbyggðu árið 1397.<sup>206</sup> Einn ábúandi var í eygni 1702 og þar að auki einn búðarmaður ásamt fjölskyldu sinni.<sup>207</sup> Búðarfólks er ekki getið í manntalinu 1703 né síðar.<sup>208</sup> Sellátur fór í eyði árið 1945.<sup>209</sup> Sumarbústaður er í eygni.

Nr.162

### Bæjarstæði

B2-4

Norðantil á austurenda eyjarinnar.

Lýsing: Síðasti torfbærinn í Sellátri var rifinn árið 1917. Var lítið eldhús byggt uppúr honum, sem notað var til að sjóða í slátur, hreinsa dún, reykja matvæli o.fl.þ.h. Stóð það í allmörg ár, en er nú með öllu horfið. Talið er að bæjarstæðið hafi ætíð verið á sama stað. Standa leifar steinsteyprar votheysgrafar þar sem síðasta baðstofan var. Reisti Bæring Níelson gryfjuna, en hann bjó í eygni 1922 - 1943. Árið 1904 var reist íbúðarhús úr timbri skammt austan gamla torfbæjarins, en það var rífið sumarið 1949. Sér enn fyrir steinsteyptum grunni þess skammt frá sjávarbakknum. Fáeinum metrum neðan votheysgryfjunnar eru rústir seinasta fjóssins í Sellóni, þ.e. steinsteyptur grunnur þess.

Byggt af Bæring Níelssyni skömmu fyrir 1940. Næsta fjós á undan þessu stóð norðaustan íbúðarhússgrunnsins og sér ekki fyrir því nú. Næsta fjós þar á undan var beint vestur frá sama grunni og notað um og eftir aldamótin 1900. Einnig það er alveg horfið. Þá er kálgarður rétt suðvestan votheysgryfjunnar, nú umlukinn timburgirðingu.<sup>210</sup>

Nr.163

### Fjánhús

B4

Suðausturhorn eyjarinnar.

Lýsing: Uppistandandandi fjánhús. Innanmál um 4 x 1,5 m. Veggjaþykkt um 1 m. Dyr, um 0,7 m br. á V-vegg um 1 m. frá N-gafla. Hæð dyra um 1 m, slétt þak yfir þeim og þar lagðar fjalir ofan á vegginn. Gaflar eru hæstir, um 1,7 m, grjóthleðsla með torfbindingu upp í um 1,2 m og torf þar ofan á. Torfhleðslan er úr stuttum torfum og streng. Hæð V-veggjar um 1,2 m, næstum öll úr grjóti, aðeins eitt torflag ofan á grjóthleðslum. A-veggur, hæð um 1 m, þar af grjóthleðsla um 0,5 m. Mænirás hvílir á göflum miðjum, en raftar af honum beint á veggina. Súla er undir miðjum mænirási til styrktar þakinu, sem er úr torfi. Ljóri er á því vestanverðu, við mæni, á móts við dynar. Utanvert er nokkur flái á suðurgafli, austurhlið og norðurgafli. Horn eru órúnnuð.

---

<sup>205</sup>. Dipl. Isl. III, bls. 326.

<sup>206</sup>. Dipl. Isl. IV, bls. 167.

<sup>207</sup>. Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns V, bls. 352-353.

<sup>208</sup>. Manntal á Íslandi árið 1703, bls. 131; Manntal á Íslandi 1801, Vesturamt, bls. 130; Manntal á Íslandi 1845, Vesturamt, bls. 127.

<sup>209</sup>. Byggðir Snæfellsness, bls. 451.

<sup>210</sup>. Heimildarmaður: Kristín Níelsdóttir, Stykkishólmi, f. 1911 og uppalin í Sellóni. Bjó þar sjálf, árin 1943-1945, ásamt manni sínum, Höskuldi Pálssyni.

Hús þetta heitir Suðurhús, voru lömb höfð í því og þess vegna ætíð kallað Lambhús. Síðast í notkun 1945.<sup>211</sup>

Nr.164

**Geymsla/Skötubúð**

A4

Suð austanverð eyjan ofan aðallendingarinnar.

Lýsing: Innanmál um 4 x 2,5 x 1,2 m. Veggjaþykkt um 1,5 m. Dyr á SV-hlið, br. um 2 m. Kampar hlaðnir framan við þær, sitt til hvorrar handar, og mynda eins og fordyri um 3 x 2 m. Hús þetta heitir Skötubúð og var notað sem geymsla fyrir veiðarfæri o.fl. Byggt úr torfi og grjóti.

Skötubúð stóð upphaflega í Höskuldsey og er hennar getið sem þurrabúðar í Jarðabókinni árið 1702.<sup>212</sup> Sú, sem hér um ræðir var verbúð, ein reislulegasta í eyinni, og í eigu Sellátursmanna. Hún var rifin árið 1920, flutt til Selláturs og endurbyggð í sömu gerð. Stóð hún fram um 1970.<sup>213</sup>

Nr.165

**Naust/Bátarétt**

A4

Suð austanverð eyjan ofan aðallendingarinnar.

Lýsing: Innanmál um 7 x 4 x 0,7 m. Veggjaþykkt um 0,7 m. NA- og SA-veggir niðurgrafnir, en landinu hallar lítið eitt í átt til sjávar. Hlaðið úr grjóti. Um 2 m langur veggur gengur niður frá SV-vegg.

---

<sup>211</sup>. Uppl. Kristínar Nielsdóttur. Annað fjárhús er á NA-hluta eyjarinnar og segir Kristín það heita Norðurhús. Voru ær mest hafðar í því. Norðurhús eru úr timbri og bárujárnri og byggð ofan í eldri tóft úr torfi og grjóti. Við norðurhliðina er rúst hrútakofa með veggum úr torfi og grjóti, en þak úr bárujárnri. Höskuldur Pálsson byggði Norðurhúsin og voru þau í notkun þar til Sellátur fór í eyði 1945.

<sup>212</sup>. Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns V, Kaupmannahöfn 1933, bls. 348.

<sup>213</sup>. Kristín Nielsdóttir; Lúðvík Kristjánsson, Íslenzkir sjávarhættir II, Rvk. 1982, bls. 421. Lúðvík lýsir búðinni þannig (bls. 421): "Timburþil var við inngang og töluvert rúm göng þegar inn var komið, eða um 1,5 m. á breidd. Hurðir voru tvær og rýmið inn af göngunum rösklega 3 x 3,5 m. Rúmstæði var þversum fyrir gaffli og eitt langsum við hvorn enda þess. Í krók aftan við rúmstæðið hægra megin var kamína og upp úr henni reykrör. Gluggi var á dýrþili og annar á gaffþili. Reisifjöl var á búðinni og á hana tyrft." Ljósmynd og teikningar af Skötubúð er að finna í bók Lúðvíks, bls., 420, en búðin var mæld og teiknuð áður en hún féll. Jón Höskuldson, Þinghólsbraut 41, Kópavogi, og sonur Kristínar Nielsdóttur, segir að loft fordyrisins hafi verið klætt með hrísi og tyrft ofan á. Fékk Skötubúð að falla og grotta eftir að búskap lauk í Sellátri. Kveðst Jón hafa hreinsað brakið úr tóft hennar um 1980. Kristín Nielsdóttir segir, að búðin sé reist þar sem áður stóð s.k. Helkionsnaust. Geymdi afi hennar þar hákarlaskip sitt Helkíon. Var naustið rífið og Skötubúð byggð á sama stað. Í búðinni var í fyrsta skipti rætt um stofnun vevrkalýðsfélags í Stykkishólmi. Gerðu það vermenn árið 1915, en þá stóð búðin enn í Höskuldsey.

Naust þetta kallast Bátarétt. Þurfti að þversnúa bátum er þeir voru dregnir upp og settir í naustið.<sup>214</sup>

Nr.168a-c      **Hjallur, matjurtagarður og hæsnakofi**      C4

Suðaustanverð eyjan norður af s.k. Hrófvík.

Lýsing: a) Hjallur, innanmál um 4,5 x 4,5 m. Samanstendur af tveimur grjótveggjum, báðir um 4,5 x 1,5 x 1,2 - 1,6 m. Ofan á nyrðri veggnum er þunnt torflag. Þetta er hjallur Níelsar B. Jónssoar, áb. Sellátri 1900 -1923. Trérimlar voru í A- og S-vegg, en þakið úr torfi með burst.<sup>215</sup>

b) Kálgarður, innanmál um 5 x 4 m. Torfveggir hlaðnir umhvefis. Veggjarþykkt um 0,5 m og hæðin álíka. Er um 4 - 5 m vestan hjallrústarinnar og frá sjöunda eða áttunda áratug 20. aldar.<sup>216</sup>

c) Hæsnakofi, innanmál um 2 x 1,5 x 1 m. Veggjarþykkt um 1 m. Áfastur kálgarðinum að austanverðu. Nú aðeins samanfallin tóftin eftir. Frá árunum 1943 - 1945.<sup>217</sup>

Nr.169      **Túngarður**

A4

Suðaustanverð eyjan við s.k. Hrófvík.

Lýsing: Grjótgarður, um 1 m br. h. um 0,3 m. Nokkuð sokkinn, segja má að einföld steinaröð standi ofar jörðu. Liggur um 15,5 m meðfram norðanverðri Hrófvík, en beygir síðan fyrir enda hennar í suðvestur og um 21 m í þá áttina. Gengið er ofan í Hrófvík þar sem garðurinn endar til suðvesturs. Þar er um 2 m breitt hlið, en síðan tekur við hlaðinn grjótkantur, framhald garðsins, meðfram vesturhlið vökurinnar, um 4 x 1 x 2 m. NA frá honum gengur mikill grjótbyggja, s.k. Hróf (nr.170).

Garðurinn kom bæði að notum sem túngarður og sjávarvarnargarður. Var hann m.a. vörslugarður fyrir kýrnar svo þær færu ekki í fjöruna. Upphaflega náði garðurinn meðfram vognum allt að Skötubúð, en í miklum sjógangi fyrir nokkrum árum varð hluti hans hafinu að bráð. Í notkun þar til búskap var hætt í eygni.<sup>218</sup>

---

<sup>214</sup>. Kristín Níelsdóttir. Sbr. einnig örnefnalýsingu Lárusar Jóns Guðmundssonar, 12. sept. 1970, bls. 3. Kristín segir að önnur bátarétt hafi verið ofar en nú sér ekki fyrir henni.

<sup>215</sup>. Jón Höskuldsson segir að Níels afi sinn hafi byggt hjallinn snemma á 20. öld. Var hjallurinn mest notaður til að hengja upp þvott í æsku Jóns í eygni (1943-1945).

<sup>216</sup>. Níels Bæringsson, Stykkishólmi og uppallinn í Sellátri, segir að Þorsteinn Aðalsteinsson, málari í Stykkishólmi, hafi búið til garðinn.

<sup>217</sup>. Frá búskaparárum Höskuldar Pálssonar og Kristínar Níelsdóttur segir Jón sonur þeirra.

<sup>218</sup>. Kristín Níelsdóttir; Jón Höskuldsson.

Vestanverð Hrófvík.

Lýsing: **a)** Grjótgarður, s.k. Hróf, h. um 1 - 1,5 m, br. um 2 m. Liggur um 8 m NA frá grjótgarði nr.169, en beygir síðan um 2,8 m í NNA. Hrófið er hlaðið úr stórum steinum, mjög rammlega byggt og lítið sem ekkert farið að hrynja úr því.

Hákarlaskip voru geymd innan garðsins að vetrarlagi. Sagt er að Gunnar sterki Halldórsson í Melrakkaey hafi hlaðið garðinn, en hann drukknaði 1831.<sup>219</sup> **b)** Grjótbyggja, um 6 x 0,8 x 0,3 m. Er um 5 - 7 m. austar í fjörunni en Hrófið. Ekki gömul.<sup>220</sup>

Höfði við vestanverða Hrófvík.

Lýsing: **a)** Tvíhólfa fiskhjallur. Innanmál S-hluta um 5 x 3 m. S-veggur úr grjóti um 5 x 2 x 1,8 m. Trérimlar í A- og V-vegg og inngangur á þeim síðarnefnda. N-hluti U-laga og allur úr grjóti. Innanmál um 2,5 x 2 x 1,3-1,5 m. Veggjaþykkt um 1,5 m. Bárújárnsþak á báðum hlutum. N-hlutinn er fiskgeymsla og kallast kommenta.<sup>221</sup> **b)** Rétt, innanmál um 5 x 3 x 1 m. Veggjaþykkt um 1,5 m. Hlið, um 1 m br. í NA-horninu og út frá því hlaðinn veggur að vestanverðu um 1,5 x 1 x 0,5 m. Sambyggð hjallinum (komentunni) að norðanverðu. Notuð áður sem heytóft.<sup>222</sup>

S.k. Hjallarif á SV-horni eyjarinnar.

Lýsing: Grjótrúst, innanmál um 3 x 3 m. Hleðslur sokknar í jörðu. Inngangur óviss, en gæti verið annaðhvort í NA- eða SA-horni.

Kallast Heimsta-byrgi.<sup>223</sup>

---

<sup>219</sup>. Kristín Nielsdóttir; örnefnalýsing Saurláturs, Þorleifur Jóhannesson skr., bls. 2-3; örnefnalýsing Selláturs, Lárus Jón Guðmundsson skr., bls. 4. Sbr. einnig Byggðir Snæfellsness, bls. 452.

<sup>220</sup>. Jón Höskuldsson.

<sup>221</sup>. Kristín Nielsdóttir og Jón Höskuldsson segja að hjallur þessi sé mjög gamall og hafi ætíð verið haldið við í sömu mynd. Rimlar eru á sömu stöðum og áður og þak með sama sniði. Nýju yfirbygginguna reisti Höskuldur Pálsson. Sbr. einnig örnefnalýsingu Lárúsar Jóns Guðmundssonar, bls. 4.

<sup>222</sup>. Jón Höskuldsson. Segir Jón að lent hafi verið með heyfarmana í Hrófvík, nokkrum metrum norðaustar, og þeir bornir upp í tóftina.

<sup>223</sup>. Sbr. örnefnalýsingu Lárúsar Jóns Guðmundssonar, bls. 4.

Nr.173a-c **Hjallar/fiskbyrgi og æðarkollubyrgi** A2-3

S.k. Hjallaríf á SV-horni eyjarinnar.

Lýsing: **a)** Grjótrúst, innanmál um 2 x 2 x 0 - 0,6 m. Veggjaþykkt um 1,5 - 2,5 m. Inngangur, um 0,8 m br. á V-vegg. Líklega byggt á eldri hjalli/ fiskbyrgi, sem gæti útskýrt hina miklu veggjaþykkt. Aftan og austan við rústina sér fyrir eldri hleðslum, sem hverfa undir hana. Kallast Mið-byrgi.<sup>224</sup>

**b)** Grjótrúst, innanmál um 2 x 1,5 m. Veggir í hæð við jörðu, þykktin um 1,3 m. U-laga og opin til austurs. Er um 2,5 m norðan við fyrra byrgið og kallast Mið-byrgi ásamt því. **c)** Æðarkollubyrgi. Í fyrrgreindum rústum hafa sum staðar verið búin til afdrep fyrir æðarkolluhreiður: Ofan á tvo samsíða steina er settur sá þriðji sem þak og myndast þannig skjól fyrir fuglinn.

Nr.174a-e **Grjótgarðar, hjallar og æðarkollubyrgi** A2-4

S.k. Hjallaríf.

Lýsing: **a)** Grjótgarður, um 7,5 x 1 x 0,3 m. Liggur nokkurnvegin í stefnu N-S.

**b)** Hjallar/fiskbyrgi. Grjót dreif um 10,5 x 3,5 m að utanmáli. Hafa hér líklega verið sambyggðir 4 hjallar/fiskbyrgi. Innanmál þess syðsta um 2 x 1,5 m. Inngangur e.t.v. í SV-horninu. Leifar annars hjalls/fiskbyrgis um 1,5 m. NV-við, innanmál um 1,2 x 1 m. Opið til austurs. Nyrst í grjót dreifinni eru svo tvö til viðbótar. Innanmál þess vestara um 1 x 1 m, en hins eystra um um 1,7 x 1 m. Rústir hér eru samfallnar og mynda illlæsilega grjótbreiðu. Þær eru án efa mjög gamlar, enda hleðslur signar og lítið eitt hærra en jörðin umhverfis.

**c)** Hjallar/fiskbyrgi. Aðeins tveir veggjarstubbar eftir, báðir um 1 x 0,8 m og mynda saman SA-hornið. Hleðslur signar, í hæð við jörðu.

**d)** Grjótgarður, um 3 x 1 x 0,3 m. Er um 2 m norðan c). Gæti e.t.v. verið framhald garðs nr. 174a. **e)** Æðarkollubyrgi. Víða í hjallana/fiskbyrgin hafa verið búin til afdrep fyrir æðarkollur: Ofan á tvo steina er settur sá þriðji, sem einskona þak, og myndast þannig skjól fyrir hreiðrið.

Nr.175 **Lendingarstaður**

B2-4

Malarvík norðvestan á eyinni.

---

Talið fiskbyrgi þar, en hjallrústir í lýsingu Þorleifs Jóhannessonar, bls. 3. Kristín Nielsdóttir kallar rústirnar á s.k. Hjallarífi byrgi. Telur hún að þau séu mjög gömul og örugglega frá því fyrir 1833 er Andrés forfaðir hennar hóf búskap í Sellátri.

<sup>224</sup>. Örnefnalýsing Lárusar Jóns Guðmundsonar, bls. 4. Kristín Nielsdóttir kallar rústir þessar einnig Mið-byrgi og telur að þær séu mjög gamlar.

Lýsing: "Um fjörur verður vogur upp í Hjallafjöruna, er hann kallaður Skervorur..."<sup>225</sup>  
"Vestan við Hjallarif er fjaran kölluð Hjallafjara... Tekur þar við vogur, sem talinn er vera elsta lending í Sellátri. Sjást í fjörunni vegsummerki, að svo hafi verið og eru þau greinileg."<sup>226</sup> Eiga hér að vera kjalför í klöppum, nú þangi vaxin. Óvíst er hvenær lending þessi var síðust notuð reglulega. Þó var lent hér við og við fram á síðustu búskaparár í eygni. Þótti það allgott í austanátt.<sup>227</sup> Við vettvangskönnun var flóð og sáust vegsummerki því ekki.

Nr.176a-c      **Akrar? refabú og brunnur**

C2-3

Norðvesturhorn eyjarinnar.

Lýsing: a) "Vestur á eyjunni suðvestan við Vatnshöfða er þúfnastykki allstórt, sem kallað er Akrar ... Sér þar fyrir garðlögum fornlegum."<sup>228</sup> "Vestur af aðal lægðinni við brunninn eru smá hæðir kallaðir Hólar... Í suður frá þessum hólum...má sjá...nokkrar þúfur, og gengu undir nafninu Akrar... Virðist þúfuröðin þarna afmörkuð og landið í kring þýft, en grasgefið."<sup>229</sup>

Kristín Níelsdóttir segir, að hér hafi greinileg mannaverk verið á landinu. Helst mátti líkja því við að stungnar hafi verið upp þúfur og raðað, aðallega á suðurkanti svæðisins. Segir hún að í dag sé erfitt að greina nokkur vegsummerki, enda hafi landið breyst á undanförunum áratugum. Bæring Níelsson, áb. Sellátri 1922 - 1943, sléttaði svæðið og við þá aðgerð hurfu Akrarnir gersamlega. Skv. sömu upplýsingum voru þeir austan hjalls nr.168a.<sup>230</sup> Við vettvangskönnun var mjög þýft hér og erfitt að segja til um með vissu hvort mannaverk séu á. Þó gæti um 10 x 10 m. stórt svæði sunnan við s.k. Hóla komið til greina, en það er langt frá því að vera öruggt. Engin merki um garðlög sáust, frekar var um það að ræða að svæðið sem slíkt skæri sig eitthvað úr umhverfinu.

b) Refabú. Uppi á s.k. Vatnshöfða, norðan núv. sumarbústaðar, var refabú, nú með öllu horfið. Sér fyrir undirstöðum þess sem afmarkaðri flöt á hólum.

c) Brunnur, s.k. Bólabrunnur, er vestan Vatnshöfða, ekki langt frá sjó, í lægðinni upp frá Brunnvíkinni, og enn í notkun. Merktur með \* á korti.

Nr.177      **Grjótgarður**

B4

---

<sup>225</sup>. Örnefnalýsing Saurláturs, Þorleifur Jóhannesson skr., bls. 3.

<sup>226</sup>. Örnefnalýsing Selláturs, Lárus Jón Guðmundsson skr., bls. 4-5.

<sup>227</sup>. Kristín Níelsdóttir.

<sup>228</sup>. Örnefnalýsing Saurláturs, Þorleifur Jóhannesson skr., bls. 5.

<sup>229</sup>. Örnefnalýsing Selláturs, Lárus Jón Guðmundsson skr., bls. 7.

<sup>230</sup>. Níels Bæringsson Stykkishólmi.



örnefnalýsingu Sellóns er greint frá býli, sem nefnt var Kot eða Sellónskot<sup>239</sup>, og skv. þessu virðist það hafa verið stofnað á fyrra helmingi 19. aldar. Sellón fór í eyði árið 1911.<sup>240</sup>

Nr.260a-f **Afgirt svæði, bæjarstæði, húsarústir og traðir** C4

Lágur hóll suðvestast á eyggi.

Lýsing: **a)** Afgirt svæði, innanmál um 15 x 12 x 0,3 - 0,5 m. Veggjaþykkt um 1,2 m. Afgirt á þrjá vegu en sjávarbakki kemur í stað V-veggjar. S-veggur úr grjóti, A-veggur úr torfi og grjóti, en N-veggur einungis úr torfi. Ekki sér fyrir inngangi á svæðið. Gæti verið um matjurtagarð að ræða.

**b)** Bæjarrúst, aðeins um tvo veggja að ræða, báðir um 8 x 2 x 1 m. Á miðjum A-vegg eru dyr, um 1 m br. Líklega hefur húsið haft timburgafla og innanmál þess verið um 8 x 4 m.<sup>241</sup>

**c)** Húsarúst, innanmál um 4 x 3 x 0,5 m. Veggjaþykkt um 1 m. Dyr, um 0,5 m br. gætu verið á V-vegg. Húsið endar eða hverfur undir S-vegg afgirta svæðisins a) og virðast eldri en það.

**d)** Húsrúst, innanmál um 3 x 2 x 0,5 m. Veggjaþykkt um 1 m. N-hlutinn er ógreinilegur og ekki vottar fyrir inngangi. Endar eða hverfur undir S-vegg afgirta svæðisins og virðist eldra en það. Stendur á sjávarbakkanum um 0,5 m vestan a) og samsíða því.<sup>242</sup>

**e)** Kofi, utanmál um 2 x 2 m. Ekki sér fyrir veggjum, aðeins útlínunum. Stendur innan hins afgirta svæðis, við S-vegg þess, um 2 m frá SA-horninu. Gæti verið hæsnakofi eða þess háttar.

**f)** Traðir, um 16 x 1 x 0,7 m. Liggja frá SA-horni afgirta svæðisins um 8 m í SV, beygja síðan álíka langt í S niður að sjó. Þar fyrir neðan er naust og landing þótt grýtt sé.

Nr.261a-d **Fjós, hlaða, skemma og bær** C4/B4

Lágur hóll upp af lílilli og klettótttri vík norðvestast á eyggi.

Lýsing: **a)** Fjós, innanmál um 7,5 x 3,5 x 1 m. Veggjaþykkt um 1 m. Dyr, um 1 m br. í NV-horninu. (C4)

**b)** Hlaða, innanmál um 9 x 3 x 1 - 1,5 m. Veggjaþykkt um 1,5 m. nema S-gafl, sem er 3 m. Dyr, um 1 m br. í NV-horninu. Er samsíða fjósinu að austanverðu.

---

<sup>239</sup>. Örnefnalýsing Sellóns, Þorleifur Jóhannesson skr., bls. 1.

<sup>240</sup>. Byggðir Snæfellsness, bls. 451.

<sup>241</sup>. Um staðsetningu síðasta bæjarins í eyggi sjá örnefnalýsingu Sellóns, Þorleifur Jóhannesson skr., bls. 1-2.

<sup>242</sup>. Í örnefnalýsingu Sellóns, bls. 1, segir að síðasti bærin hafi staðið á hól þar sem áður voru fjárhús. Hér virðist þó ekki um fjárhúsrústir að ræða.

c) Skemma, innanmál um 3 x 2 x 0,5 - 1 m. Veggjaþykkt um 1 m. Dyr, um 0,5 m br. á miðjum N-gafla og vísa að bæjarrúst d). Áföst hlöðunni að austanverðu, þó ekki beinlínis sambyggð (C4).

d) Bæjarrúst, utanmál um 11 x 11 m. Bæjardyr, um 1 m br. snúa í suður og eru um 6 m frá SA-horninu. Síðan taka við göng, um 5 x 1 m, og herbergi sitt til hvorrar handar. Innanmál vestra herbergis um 3 x 2 x 1,5 m, veggjaþykkt um 1 m. Eystra herbergi um 3,5 x 3,5 x 1,5 m, veggjaþykkt um 1 m. Þar sem ganginum sleppir er bærinn allur samfallinn. Má þó greina útlínur tveggja herbergja til viðbótar NV-megin í honum. Syðra herbergið er 2 x 2 m að innanmáli, hið nyrðra um 2,5 - 3 x 2 m.<sup>243</sup> (B4)

Nr.262

**Rúst**

B3-4

Norðaustarlega á sunnanverðu Stofunesi.

Lýsing: Innanmál um 4 x 2 x 0,5 m. Veggjaþykkt um 1 m. SA-gafl verið úr timbri. Veggir þýfðir og útlínur óskýrar.

Nr.263a-b

**Vör og naust**

B4

Fjaran V-NV við Stofunes.

Lýsing: a) Vör. Vestur frá Sellóni, u.þ.b. þar sem Stofunes byrjar, skagar allmikið rif til vesturs. Lítill vogur myndast milli rifsins og nessins. Hér er sandfjara og hefur hún verið rudd. Austanmegin í henni, meðfram Stofunesi, er einföld hleðsla talsvert stórra steina um 25 m löng. Efst í vörinni að vestanverðu er um 14 m löng einföld grjóthleðsla. Myndast hér um 4 - 5 m breið renna milli hleðslanna.

b) Naust, fleyglaga. Um 4 x 2,5 m, dýpt 0,5 - 0,8 m. Grjóthleðslur í köntum. Grafið inn í bakkann upp af vörinni.

Nr.264

**Naust**

B4

Lítið eitt suðaustan Stofunes.

Lýsing: Innanmál um 6 x 2 x 0,5 m. Veggjaþykkt um 1 m. Að nokkru leiti grafið niður í sjávarbakka. Afar grýtt fjara er neðan naustsins og ótrúlegt að hér hafi verið hægt að lenda, nema um stórstraumsflæði.

Nr.265a-b

**Naust og matjurtagarður**

B4

Sandvík suðvestan á eyggi.

Lýsing: a) Naust, innanmál um 6 x 3 x 1 m. Veggjaþykkt um 1 m. Hefur þrjá hlaðna veggja en opið niður að landingunni.

---

<sup>243</sup>. Í örnefnalýsingu Sellóns,bls. I,segir svo: "Lengst af stóð bærinn í því nær miðju túni,en var að síðustu fluttur á hól,sem er vestur frá gamla bæjarstæðinu..."

b) Matjurtagarður, innanmál um 14 x 9 m. Meðfram honum að sunnanverðu er hlaðinn grjótkantur, mjög hruninn. H. um 1 m, br. um 1 m. Aðrir veggir eru um 1 m á hæð og 0,5 á br. Inngangur, um 0,5 m br. er á miðjum N-vegg. Eflaust er þetta matjurtagarður enda stutt frá bæ.

Nr.266            **Matjurtagarður**            B4

Lægð milli tveggja hóla vestast á eygni.

Lýsing: Um er að ræða 26 x 22 m stórt svæði sem tekur bróðurpartinn af lægðinni. Svæðið er ekki afgirt, en takmarkast af skurði að SV-verðu, sjávarbakka að NV-verðu, beðum að NA-verðu og SA-verðu. U.þ.b. 15 m af breidd svæðisins eru beð, þrjú að tölu. Grafnir eru skurðir á milli þeirra, en sjálf eru þau kúpt, hvert um sig 23 - 26 x 4 m. Suðvestasti hluti svæðisins er flatur og engin beð þar.

Nr.267            **Brunnur**            B4

Þýflendi við NA-enda Litla-Brunnhóls.

Lýsing: Brunnur hlaðinn úr gjróti. Hringlaga. Þvermál um 1,5 m. Dýpt um 1,5 m. Mjög heillegar hleðslur. Uppþornaður og fullur af drullu. Kantur úr torfi hlaðinn umhverfis. Þetta var vatnsból eyjarinnar.<sup>244</sup>

Nr.268            **Hjallur/fiskbyrgi**            A2-3

Grýttur og lágur sjávarbakki norðvestan á eygni.

Lýsing: Sokknar grjóthleðslur, utanmál um 2 - 3 x 2 m. Lögum nálægt því að vera ferhyrmd.

Nr.269            **Túngarður**            B4

Túngarður hlaðinn úr torfi, hæð um 0,5-1 m, breidd um 1 m. Liggur nokkurn vegin þvert yfir eyna frá fjöru til fjöru.

Nr.270a-b        **Rústir**            B3

Sjávarbakki.

Lýsing: a) Tóft, innanmál um 3 x 1,5 m. Sér fyrir grjóthleðslum í innveggjum. Veggir ógreinilegir og útflattir. Virðist opin í átt til sjávar og byggð á eldri rústum. Stendur fremst á sjávarbakka.

---

<sup>244</sup>. Örnefnalýsing Sellóns,bls. I.

b) Tóft, innanmál um 2 x 2 m. Opin til NA. Virðist eldri en a).

Nr.271a-c      **Fjánhús, heygarður og hlaða?**

SV-hluti Sellóns upp af Hjallatanga.

Lýsing: a) Fjánhús, innanmál um 7 x 4 x 1,2 m. Veggjaþykkt um 2 m. Dyr, um 1 m br. á miðjum NV-hlið.

b) Heytóft, innanmál um 5 x 2 x 1 m. Veggjaþykkt um 1 m. Sambyggð fjárhúsinu að aftanverðu.

c) Hlaða? innanmál um 7 x 1,5 x 0,5 m. Veggjaþykkt um 1 m. Dyr, um 0,5 m br. á SV-vegg. Samsíða fjárhúsinu að SV-verðu og er það að hluta til byggt ofan á NA-vegg hlöðunnar.

Nr.272      **Hjallur**

B4

Sjávarbakki suðvestast á Hjallatanga.

Lýsing: Innanmál um 2,5 x 1,8 x 0,5 - 1,5 m. Veggjaþykkt um 1 m. Dyr, um 1,5 m br. á V-hlið. Hafa eflaust verið hér rimlar líka því breiddin er miklu meiri en í venjulegum dyrum. Hleðslur allar úr grjóti. Um 1,5 m. langur kafli af A-vegg er um 1 m. lægri en annarsstaðar. Hér hefur e.t.v. verið pláss fyrir rimla.

Nr.273a-b      **Kofi og bæjarstæði**

B4

SA-hluti túnsins, s.k. Kottún.

Lýsing: a) Kofarúst, innanmál um 2 x 2 x 0,5 m. Veggjaþykkt um 1 m. Snýr framhlið í NV og hefur hún verið öll úr timbri. Byggður á eldri rústum, eða rústabungu, og er suðvestast á henni og sömu megin túngarðs, sem skiptir eygni í tvo hluta.

b) Bæjarrúst. Begga vegna túngarðs, sem nær yfir þvera ey, er rústabunga að utanmáli um 16 x 5 m. Hústóft er milli garðsins og áðurgreinds kofa a), en ekki sér fyrir lögun. Er hann byggður ofan á hana að hluta. Strax norðaustan túngarðsins eru tvö sambyggð hús. Það, sem nær er honum er að innanmáli um 4,5 x 2 x 0,5 m. Óvíst hvar dyr eru, en sennilega á NV-hlið. Hitt húsið er að innanmáli um 3,5 x 2 x 0,5 m. Snýr framhlið í NV og virðist hún hafa verið úr timbri. Veggjaþykkt í húsunum er um 1 m. Líklega hafa verið 4 vistarverur í bæ þessum, sem að öllum líkindum er s.k. Kot eða Sellónskot.<sup>245</sup>

Nr.274      **Útihús**

B3-4

SA-hluti túnsins.

---

<sup>245</sup>. Örnefnalýsing Sellóns, bls. I.

Lýsing: Innanmál um 5 x 2 x 0,5 m. Veggjaþykkt líklega um 1,2 m. Dyr, um 0,5 m br. virðast vera á miðjum S-gaflí. Sambyggt húsi þessu að austanverðu er tóft, innanmál um 4 x 1 x 0,5 m. Veggjaþykkt um 0,7 m. Enginn inngangur sjáanlegur. Rústirnar eru mjög grónar og samlagðar umhverfinu. Gæti verið um fjárhús og heytóft að ræða.

Nr.275            **Hjallur/fiskbyrgi**            A2-3

Suðaustast á Hjallatanga.

Lýsing: Grjótdyngja, utan mál um 8 x 4 m. Austast í henni sér fyrir ferningslaga rúst, innanmál um 1,5 x 1,5 m. Veggjaþykkt um 1,5 m. Inngangur til suðausturs, um 0,5 m br. Hleðslur sokknar í jörðu.

Nr.276            **Rétt?**            B3

Lág hæð norðanvert á eyinni, nokkuð fyrir suðvestan hana miðja.

Lýsing: Afgirt svæði á þrjá vegu, en opið til austurs. Þar hallar all- bratt niður að lítilli vík. Innanmál um 12 x 8 x 0,5 m. Veggjaþykkt um 0,5 m. Hlið, um 1 m br. á S-vegg um 4 m frá hæðarbrún. Mannvirki þetta virðist talsvert eldra en flestar rústir í eyinni.

Nr.277            **Garðlög?**            B2-3

Flatlendi á innsta hluta eyjarinnar, skammt frá sjávarbakka.

Lýsing: **a)** Garðlag, br.um 0,3 m, h. um 0,2 m. Byrjar um 6 m frá sjávarbakka og stefnir álíka langt í SV, en beygir svo um 2 m í SA, síðan aftur í SV um 5 m og loks í NNV um 4 m.

**b)** Garðlag, br. um 0,3 m, h. um 0,2 m. Byrjar um 8 m vestan þess fyrra og stefnir um 5 m í SV, en beygir síðan um 2 m til NV.

Óvíst er að hér sé um garðlög af mannavöldum að ræða. Gætu þetta eins verið náttúrmyndanir.

Nr.278a-b        **Rúst og varða**            B3-4

Hæð um miðja ey, sunnantil á austurhluta Sellóns.

Lýsing: **a)** Hústóft, innanmál 4 x 2 x 0,5 m. Veggjaþykkt um 1 m. Framhliðin hefur verið úr timbri og snýr í SSV.

**b)** Varða, nú með öllu hrunin. Er framan við áðurgreinda hústóft að vestanverðu. Gæti verið eyktamark frá bæ.

Nr.279            **Grjótgarður**            B3-4

Fjara suðaustan á eyinni, nokkuð fyrir utan hana miðja.

Lýsing: Um 10 - 15 x 1,5 x 0,5 m. Byrjar þar sem gras og fjara mætast. Nú allmikið hruninn. Hefur e.t.v. girt fyrir umferð skepna út eyna. Enginn garður sjáanlegur í mýri ofan við.

Nr.280a-b **Rústir**

A3

Lyngey suðaustanverð.

Lýsing: a) Tveir til þrír sambyggðir kofar, sem allir snúa framhlið í suður. Innanmál miðkofa um 3 x 2 x 0,5 - 1 m. Ekki sér fyrir dyrum, en hafa líklega verið á S-hlið. Samsíða að austanverðu er annar kofi, innanmál um 2 x 2 x 0,5 m. Veggjaþykkt um 1 m. Ekki sér fyrir dyrum. Grjóhrúga er vestur frá miðhúsinu, gæti verið leifar þriðja kofans. Rústirnar eru allar úr grjóti og standa utan í brattri og klettóttu brekku. Framan við þær er slétt en nokkuð þýfð flöt. Þá er malarfjara skammt austanvið, sem virðist ákjósanleg lending. Um naust er ekki að ræða. Óvíst er hvaða hlutverki kofarnir hafa gegnt, en þeir minna svolítið á selrústir.

b) Rúst, samanstendur af þremur veggjum. Tveir, um 2 m l. ganga hornrétt á þann þriðja, l. um 5 m, sitt við hvorn enda hans. Veggjaþykkt um 1 m og hæðin álíka. Er um 6 m. sunnan kofarústanna. Hlutverk óvíst.

Í heimild frá miðri 19. öld er þess getið, að Lyngey sé notuð til beitar.<sup>246</sup>

Nr.281 **Hjallur/fiskbyrgi**

A2-3

Lyngey, ás sunnantil á henni.

Lýsing: Grjótrúst, utanmál um 3 x 3 m. Virðist hafa verið ferhyrnd. Sokknar og grónar hleðslur. Ekki sér fyrir veggjum.

Nr.282 **Hjallur/fiskbyrgi**

A2-3

Lyngey, ás sunnantil á eyinni.

Lýsing: Grjótbreiða, utanmál um 5 x 4 m. Nálægt því að vera ferningslaga. Veggjahleðslur eru mjög sokknar í jörðu, en ekki grónar.

Nr.283 **Hjallur/fiskbyrgi**

A2-3

Lyngey, mjór flatur tangi austast á eyinni.

---

<sup>246</sup>. Lýsing Helgafells- og Bjarnarhafnasókna 1842, Sýslu- og sóknarlýsingar III, Snæfellsnes, bls. 193.

Lýsing: Grjótbreiða, utanmál um 8 x 6 m. Ekki sér fyrir veggjum. Stendur á sjávarbakka og að hluta til í brekku neðan við.

Nr.284a-c      **Rétt og hjallar/fiskbyrgi**      A2-4

Lyngey, mjór flatur tangi austast á henni.

Lýsing: a) Rétt, innanmál um 7 x 3 x 0,8 m. Veggjaþykkt um 1 m. Hlið, um 1 m br. í NV-horninu. Eingöngu byggð úr grjóti.

b) Ferningslaga grjótrúst, innanmál um 2,5 x 2 m. Veggjaþykkt um 1 - 2 m. Ekki sér fyrir inngangi. Hleðslur í hæð við jörðu. Er fast aftan réttarinnar. Líklega hjallar/fiskbyrgi. c) Ferningslaga grjótrúst, innanmál um 2 x 1,5 m. Veggjaþykkt um 1 - 2 m. Ekki sér fyrir inngangi. Líklega hjallar/fiskbyrgi.<sup>247</sup>

#### 4.11 Skoreyjar

Skoreyja er fyrst getið í Laxdæla sögu, sem talin er rituð á tímabilinu 1230-1260, og kallast þá Skorey.<sup>248</sup> Frásögnin gefur tilefni til að ætla að eyjan hafi við það tækifæri verið í byggð. Í máldaga Helgafellsklosturs 1377 - 1378 eru Skoreyjar taldar meðal óbyggðra eyja klostursins<sup>249</sup> og einnig í Vilchinsmáldaga 1397.<sup>250</sup> Árið 1702 var þar einn ábúandi og engir búðarsetumenn.<sup>251</sup> Skoreyjar fóru í eyði á bilinu 1843 - 1844,<sup>252</sup> en voru nytjaðar eftir sem áður, m.a. til slæгна.<sup>253</sup>

Nr.78      **Útihús**      A4

Nyrst á Bæjarey við voginn,sem skilur að eyjarnar.

Lýsing: Þrískipt rúst. Innanmál A um 4 x 2 m. Timburgafl hefur verið til norðurs. Innanmál B um 4 x 2 m. Dyr, um 1 m br. á N-gafl. Innanmál C um 1,5 x 1,2 m. Gæti

---

<sup>247</sup>. Kálfurinn var ekki genginn en hins vegar skoðaður í kiki bæði frá Sellóni og Lyngey. Þar að auki var hann athugaður úr báti að suðvestan- og vestanverðu.

<sup>248</sup>. Íslenzk fornrit V, Hið íslenzka fornritafélag, Reykjavík 1934, bls. xxv-xxxiv.

<sup>249</sup>. Dipl. Isl. III, bls. 328.

<sup>250</sup>. Dipl. Isl. IV, bls. 167.

<sup>251</sup>. Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns V, bls.357-358.

<sup>252</sup>. Sýslu- og sóknarlýsingar III, Snæfellsnes, bls. 183; Manntal á Íslandi 1845, Vesturamt, Rvk. 1983. Sbr. J. Johnsen, Jarðatal á Íslandi, bls. iii-xiii og 156; Ný jarðabók fyrir Ísland, bls. 64; Þjóðskjalasafn Íslands, Manntal 2 . nóvember 1840, Snæfellsnes- og Barðarstrandarsýslur, bls. 77.

<sup>253</sup>. Sbr. örnefnalýsingu Skoreyja, Kristján Eiríksson skráði, bls. I.



Lýsing: Afgirt svæði, innanmál um 8 x 6 x 0,5 - 0,8 m. Veggjaþykkt um 1 m. Nokkurnveginn ferningslaga, en dregst þó nokkuð að sér til norðurs og er þar sveigja á veggnum. Byggt úr torfi. Vegna legu sinnar, nálægðar við tún, gæti hugsanlega verið um heygarð að ræða.

Nr.84                      **Rúst**    A4

Lágur ás á norðurhluta Bæjareyjar, u.þ.b. á miðri ey.

Lýsing: Innanmál um 3 x 3 x 0,5 m. Veggjaþykkt um 1,5 m. Dyr, um 0,7 m br. á miðjum NV-vegg. Stendur við mýrarjaðar vestan í ásum.

Nr.85                      **Heygarður?**    A4

Ás á norðurhluta Bæjareyjar, u.þ.b. á henni miðri.

Lýsing: Afgirt svæði, innanmál um 7 x 4 x 0,5 m. Veggjaþykkt um 0,8 - 1,5 m. Um 3 m. stórt op á austurvegg. Allir veggir eingöngu úr torfi. Svæðið er nokkuð þýft.

Nr.86                      **Rúst**    C4

Mýrlendi, sunnanvert á norðurhluta Bæjareyjar.

Lýsing: Rúst tveggja sambyggðra húsa. Innanmál stærra húss um 3 x 3 x 1 m. Veggjaþykkt um 1 m. Inngangur í NV-horninu. Innanmál minna húss um 2,5 x 1,5 x 1 m. Veggjaþykkt um 1 m. Framan við það er vinkillaga hleðsla, sem gengur vestur frá sameiginlegum vegg húsa. Hleðslan er mjög lág og mjó, minnir helst á undirstöðu undan timburfordyri. Ekki er útilokað að hús þetta sé byggt ofan í eldri tóft, sem hlaðin hefur verið upp að nýju. Rústir þessar eru greinilega frá 20. öld, enda sér fyrir bárujárn og spýtnabraki.

Rústin er eftir hús Sigríðar Richter, sem búið var í meðan á heyskap í eyinni stóð.<sup>255</sup>

Nr.87                      **Rúst**    A3-4

Hóll vestan mýrar um miðbik Bæjareyjar.

Lýsing: Innanmál um 3 x 2 x 0,3 m. Veggjaþykkt um 0,8 m. Vesturveggur er um 1 m. lengri en austurveggur. Inngangur í NA-horninu. Rústin er allgróin og gömul að sjá og trónir efst á hól.

---

<sup>255</sup>. Sigurður Jónasson fv. kaupmaður Stykkishólmi, en hann hafði umsjón með Skoreyjum á tímabilinu 1940-1980.

Nr.88

**Útihús**

A3-4

Hóll nokkuð norðan við miðja Bæjarey.

Lýsing: Rústir þriggja sambyggðra húsa, standa á eldri tóftum. Innanmál A um 4,5 x 3 m. Inngangur í NA-horninu um 2 m br. en kann að hafa verið minni upphaflega. Dyr á S-gafl, br. um 0,5 m, inn í tóft aftan við, þ.e. B Innanmál um 2,8 x 1,5 m. Um 2 m. skáhallt aftar er C, innanmál um 5 x 2 m. Dyr, um 0,5 m br. í SA-horninu. Veggjahæð í rústunum er um 0,5 - 1 m, en þykktin nokkuð mismunandi og þykkast þar sem byggt er á eldra. Nýrri veggir eru víðast um 1 m á þykkt.

Nr.89a-c

**Rústir**

A3-4

Hæð á norðurhluta Bæjareyjar, u.þ.b. um hana miðja.

Lýsing: a) Hústóft, innanmál um 5 x 2 x 0,7 m. Veggjaþykkt um 1,8 m. Húsið opið til suðurs, framgafl verið úr timbri. Var mjög vaxið hvönn og öðrum gróðri við skoðun. Húsið er byggt á eldri rústum, virðist hafa verið grafið inn í eins konar rústabungu og sér fyrir því við N-gaflinn. Bæjarrústirnar eru um 6 m. austar.

b) Rústabunga, utanmál um 8 x 8 m. Sléttað hefur verið úr tóftum. Er um 6 - 8 m ANA rústar a). Mjög vaxin gróðri við athugun. c) Rústabunga, utanmál um 8 x 8 m. Ekki má greina lögun og stærð rústa á yfirborði. Þakin gróðri við athugun. Er um 6 - 8 m austan b.

Nr.90a-d

**Rúst, bæjarstæði, kofi og garðbrot**

A3-4

Hæð á norðurhluta Bæjareyjar, u.þ.b. um hana miðja.

Lýsing: a) Ferningslaga rúst A, utanmál um 12 x 6,5 m. Óljóst mótar fyrir SA-horninu og veggjabrotum þar. Að öðru leiti sér ekki fyrir lögun. Án efa eldri en bæjarrústin A3.

b) Bæjarrúst. Innanmál B um 9 x 5 x 1 m. Veggjaþykkt um 1 - 2 m. V-veggur þó um 0,5 m á hæð og 0,7 m á þykkt. Dyr, um 0,5 m br. á miðjum N-gafl og aðrar um 0,3 m br. á V-gafl ná. SV-horninu. Utanmál C líklega um 6 x 3,7 m. Ekki sér fyrir innveggjum. D, innanmál um 8 - 11 x 3 m. Gaflar óvissir. E, innanmál um 8 x 3 x 1 - 1,5 m. Veggjaþykkt um 1 - 3 m, mest við gafla. Dyr, um 0,5 m br. á miðjum V-vegg. F, óskýr tóft, innanmál um 3,5 x 2,5 x 0,5 m. Veggjarþykkt um 1 m. Vantar NA-hornið. Óvíst hvort um leifar húss sé að ræða. G, innanmál um 2,5 x 2,5 x 1 m. Veggjaþykkt um 1-3,5 m. Dyr, um 0,5 m br. á N-gafl. H, innanmál um 3 - 4 x 2,5 x 0,3 m. Veggjaþykkt um 1 m. Opin til vesturs. Óskýr tóft. Sennilega lítið herbergi eða einsk. fordyri. I, innanmál um 7 x 5 x 1 m. Veggjaþykkt um 1 m. Inngangur, um 1 m br. í SV-horninu. J, innanmál um 3,5 x 2 x 1 m. Veggjaþykkt um 1 m. N-hlutinn mjög óskýr. Ekki hægt að sjá fyrir dyrum.

c) Kofi K, innanmál um 3,5 x 4 x 1 m. Veggjaþykkt um 1-1,8 m. Dyr, um 0,5 m br. á miðri S-hlið. Kofinn stendur um 0,5 m frá bakhlið bæjarins.

d) Garðbrot, um 2 x 1 x 0,5 m. Liggur suður frá austanverðum dyrum kofans c).



hæð og á henni sér fyrir um 10 m löngu framhaldi garðsins, sem endar á klettum í sjó fram. Hér er hann tætingslegri og óskýrari en áður.

Nr.97                    **Matjurtagarður**                    A4

Austast á norðurhluta Bæjareyjar.

Lýsing: Innanmál um 8 x 6 m. Veggjarhæð innvert um 0,5 m, en utanvert um 1 m. Veggjarþykkt um 0,8 m. Inngangur, um 0,5 m br. er á V-hlið um 1 m. frá klettavegg, sem myndar N-hliðina. Byggingarefnið er torf. Garðurinn stendur neðan allbrattra kletta, á lítilli tá milli tveggja voga, og hallar talsvert í átt til sjávar. Hér er skjólgott nema í sunnanátt.

Nr.98                    **Túngarður**                    A4

Norðvesturhluti Bæjareyjar.

Lýsing: Túnið er að stærstum hluta votlendi eða mýri. Nær það frá norðurenda eyjarinnar og suður um miðja ey. Í mýrarjaðrinum vestantil eru hólar af mismunandi stærð. Þar sem lægð er á milli þeirra hefur allvíða verið hlaðinn garður. Myndast þannig slitróttur túngarður sem einskonar uppfylling á milli hólana.

Nr.99                    **Garður**                    A4

Suðausturhorn Norðureyjar.

Lýsing: Torfgarður, h. um 1 m, br. um 1,5 m. Girðir af lítið nes, og gott betur, frá hinum hluta eyjarinnar. Liggur nokkurn vegin í boga yfir eyna við rætur nessins.

Nr.100a-d            **Hjallar og brunnar**                    A3-4

Lítið nes á suðausturhluta Norðureyjar.

Lýsing: **a)** Hjallur, innanmál um 3 x 1 x 0,5 m. Veggjarþykkt um 1 m. Samanstendur af tveimur samsíða veggjum, sem mikið til eru hlaðnir úr grjóti, en torflag ofan á. Innan í rústinni vottar fyrir einfaldri steinaröð, sem nær hérumbil yfir hana þvera. Stendur yst á nesinu.

**b)** Brunnur, sporöskjulaga, innanmál um 1 x 0,5 m. Dýpt um 0,8 m. Efst er grjóthleðsla.

**c)** Brunnur? eilítið minni en sá fyrri. Er um 1 m. suðaustan þess áðurgreinda.

**d)** Hjallur, innanmál um 4 x 2 x 0,5 m. Veggjarþykkt 1,5 - 2 m. Samanstendur af tveimur samsíða grjótveggjum, sem sumstaðar eru talsvert signir.

Nr.101a-c            **Garðlög**                    A3-4

Suðurhluti Norðureyjar.

Lýsing: a) Torfgarður, h. 0,7 m, br. um 1 m. Nær frá hömrum austast á eyggi og yfir hana þvera að malarvík, sem er á henni vestanverðri. Nokkuð austan við miðju er skarð eða hlið á garðinum. Að lögun er hann eins og þverskurður pýramída, sem skorinn hefur verið af toppurinn.

b) Garður, um 68 x 1 - 1,5 x 0,7 m. Liggur frá skarði á fyrrgreindum garði, niður brekku og ofan í allstóra dæld, sem þar er. Þ.e. austanmegin í henni. Garðurinn er að mestu hlaðinn úr torfi, þó sér fyrir grjóti á stöku stað. c) Torfgarður, um 20 x 1 x 0,5 - 0,7 m. Liggur suðaustur frá síðasttöldum garði, þ.e. um 20 m frá nyrðri enda hans. Garðurinn nær hér um bil upp að brún dældarinnar að suðaustanverðu.

Nr.102

**Kofi**

A3-4

Allmikil dæld á suðurhluta Norðureyjar.

Lýsing: Innanmál um 2 x 1,5 x 0,5 m. Veggjaþykkt um 1 m. Dyr, um 0,5 m br. á vesturvegg og snúa niður dældina. Tóftin er hlaðin úr torfi og grjóti og stendur um 4 m sunnan garðs nr.101b.

Nr.103a-c

**Naust**

A4

Vík suðvestan á Norðurey.

Lýsing: a) Naust, innanmál um 6 x 1,5 x 0,5 m. Veggjaþykkt um 1 m. Skarð, um 0,5 m br á norðurvegg. Byggingarefni torf og grjót. Stendur á sjávarkambi syðst í víkinni nálægt klettóttri hæð.

b) Um 3 m eru frá áðurgreindu nausti að hæðinni sunnan við. Hefði einnig mátt draga bát hér á land. Ekki sér þó fyrir hleðslum svo óyggjandi sé. Að vísu er þúfnamyndun út frá SA-horni naustsins, sem liggur í boga að hæðinni. Óvíst að hér sé um nokkuð að ræða.

c) Norðanmegin í víkinni er bátлага gröftur inn í bakkann, innanmál um 2 - 5 x 1 x 0,5 m. Minnir mjög á naust. Þó getur tæpast verið um slíkt að ræða, enda um 1 m háir klettur neðan við.

Lendingin í Skoreyjum var suðvestan á Norðurey og var þar kölluð Höfn.<sup>256</sup>

Nr.104

**Hjallur**

A4

Vík suðvestan á Norðurey.

Lýsing: Innanmál um 5 x 2 x 1 m. Veggjaþykkt um 1,5 m. Samanstendur af tveimur samsíða veggjum úr torfi og grjóti.

---

<sup>256</sup>. Örnefnalýsing Skoreyja, bls. I.



Suðvesturhluti Stakkseyjar.

Lýsing: Garðlög, bæði um 20 - 22 x 10,5 x 0,3 - 0,5 m. Virðast girða af SV-horn eyjarinnar. Líkist þúfnamyndun með reglulegri stefnu í tvær áttir, þ.e. S og V. Það sem liggur í A-V gæti e.t.v. náð um 7 - 8 m lengra í austur. Minjar þessar eru greinilega eldri en önnur mannvirki í eyinni.<sup>258</sup>

#### 4.13 Vaðstakksey

Vaðstakksey<sup>259</sup> kemur fyrst við sögu í máldaga Helgafellsklausurs 1377 -1378 og var þá óbyggð.<sup>260</sup> Það var hún enn 1397.<sup>261</sup> Hófst búskapur hér ekki fyrr en árið 1695 og var þá um einn ábúanda að ræða. Lending var sögð háskasöm og spillast af grjóthruni. Þá þraut vatn stundum.<sup>262</sup> Vaðstakksey var aðeins 60 ár í ábúð og fór í eyði 1755.<sup>263</sup> Talið er, að að galdramaðurinn og kraftaskáldið Þormóður Eiríksson í Gvendareyjum (1668-1741), hafi búið í Vaðstakksey í þrjú ár.<sup>264</sup>

Lægð milli tveggja hæða nokkuð suðvestan við miðja ey.

Lýsing: a: Innanmál um 2 x 2 m. Dyr, um 0,5 m br. við SA-hornið inn í næstu vistarveru. Ekki sér greinilega fyrir innveggjum, enda tóftin samanfallin.

b: Innanmál um 4 x 2 x 0,5 - 1 m. Framhliðin hefur verið öll úr timbri.

c: Innanmál um 2 x 2 m. Ekki sér fyrir dyrum svo öruggt sé, enda tóftin samanfallin. Hafa þó að öllum líkindum verið á S-hlið inn í næsta herbergi.

---

<sup>258</sup>. Hjallsey var vandlega athuguð en engar rústir fundust þar.

<sup>259</sup>. Nafn eyjarinnar er til í ýmsum útgáfum gegnum tíðina. Þannig heitir hún Vallsaxey um 1378 (Dipl. Isl. III, bls. 328), Valdsögsey 1397 (Dipl. Isl. IV, bls. 167), Vaxtaxey 1702 (Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns V, bls. 353), Vallstakksey um 1800 (J. Johnsen, Jarðatal á Íslandi, bls. 157 nmgr. 33, sbr. Árb. Fornfél. 1923, bls. 42), Vogstakksey 1842 (Sýslu- og sóknarlýsingar III, Snæfellsnes, bls. 184) og loks Vaðstakksey árið 1861 (Ný jarðabók fyrir Ísland 1861, bls. 64).

<sup>260</sup>. Dipl. Isl. III, bls. 328.

<sup>261</sup>. Dipl. Isl. IV, bls. 167.

<sup>262</sup>. Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns V, bls. 353.

<sup>263</sup>. J. Johnsen, Jarðatal á Íslandi, bls. 157 nmgr. 33.

<sup>264</sup>. Jón Árnason, Íslenskar þjóðsögur og ævintýri I, Rvk. 1954, bls. 351; VI, Rvk. 1961, bls. 178.

**d:** Innanmál um 3 x 2 x 0,5 - 0,8 m. Dyr, um 0,5 m br. á miðjum NA-vegg inn í næsta herbergi.

**e:** Innanmál um 2 x 2 x 0,8 m. Gangur, um 0,5 x 3 m, liggur NA úr því að útidyrum.

**f:** Innanmál um 2 x 2 m. Inngangur líklega verið á S-hlið nálægt gafli. Samanfallin tóft.

Veggjaþykkt í rústinni um 1 - 2. Bæjarrústin stendur vestan megin í lægðinni u.þ.b. um hana miðja. Framhliðin snýr í austur, bakhliðin er við brekkurótina. Lægð þessu er eini staðurinn á eyggi, sem unnt er að hafa bæjarstæði. Annarsstaðar er hún yfirleitt hæðótt og brött.

Sagt er að lægðin upp af lendingunni kallist Draugaból.<sup>265</sup>

Nr.195a-b      **Heygarður og útihús**

A3

Lægð nokkuð suðvestan við miðja ey.

Lýsing: **a)** Afgirt svæði, innanmál um 7 x 4 x 0,7 - 1 m. Veggjaþykkt um 2 m nema í N-vegg, br. um 1 m. Inngangur í NA-horninu, br. um 0,5 m. Sennilega heygarður.

**b)** Tóft, innanmál um 4 x 2 x 1 m. Veggjaþykkt um 2 m. Inngangur á NA-hlið, um 0,5 m br. Sambyggð heygarðinum að norðanverðu. Sennilega útihús.

Nr.196      **Kofi**

A3

Lægð nokkuð suðvestan við miðja ey.

Lýsing: Innanmál um 2 x 1,5 x 1 m. Veggjaþykkt um 1 m nema í A-vegg um 2 m. Inngangur á N-hlið, um 0,5 m br.<sup>266</sup>

Nr.197      **Kofi**

A3

Lægðarbrún nokkuð suðvestan við miðja ey.

Lýsing: Innanmál um 4 x 2 x 0,4 m. Veggjaþykkt um 1 m. Framhliðin snýr í norður og hefur öll verið úr timbri. Kofinn stendur á vesturbrún lægðarinnar ofan við rúst nr. 196.

---

<sup>265.</sup> Georg Ólafsson Stykkishólmi. Sbr. Jón Árnason, Íslenskar þjóðsögur og ævintýri I, bls. 531-532. Hér segir, að Þormóði hafi verið sendir 7 draugar og flutti hann nokkra til lands, en suma kvað hann niður í eyggi. Heitir þar síðan Draugabæli.

<sup>266.</sup> Innan í tóftinni fundust nokkur brot af gamalli kolaeldavél. Sennilega hefur hún verið notuð af fólki, sem stundaði heyskap í eyggi eftir að hún fór í eyði. Mætti þá ætla að kofinn, sem eflaust er gamall að stofni til, hafi verið hlaðinn upp og notaður til eldamennskunnar. Er hann jafnframt langheillegstur rústa í Vaðstakksey. Georg Ólafsson, sem stundaði heyskap í eyggi á árunum 1930-1940, telur að eldavélin hafi verið komin í rúst á þessum árum.

#### 4.14 Þormóðsey

Þormóðseyjar er fyrst getið í máldaga Helgafellskirkju um 1274, en ekki kemur fram hvort eyjan hafi verið í byggð.<sup>267</sup> 1377 - 1378 er hún talin meðal eyja Helgafellsklausturs og ekki í hópi hinna óbyggðu.<sup>268</sup> Í þeim hópi er hún hins vegar árið 1397.<sup>269</sup> Árið 1702 var einn ábúandi í Þormóðsey og þar að auki einn búðarmaður. Þess er og getið, að til forna hafi búðirnar verið þrjár.<sup>270</sup> Í manntalinu 1703 er sami búðarmaður talinn húismaður.<sup>271</sup> Einn ábúandi var í eyinni árið 1801 og engir búðarmenn.<sup>272</sup> Heimild frá miðri 19. öld greinir frá, að útræði hafi verið á sumrum.<sup>273</sup> Stunduðu aðkomumenn hér róðra fram yfir aldamótin 1900.<sup>274</sup> Þormóðsey fór í eyði árið 1925.<sup>275</sup>

#### Nr.245a-b Grjótgarður og hjallur

B4

Yst á s.k. Hjallatanga.

Lýsing: **a)** Grjótgarður, um 8 x 1 x 0,2 - 0,4 m. Girðir að mestu leiti af ysta hluta tangans og hefur líklega gert það fullkomlega í upphafi.

**b)** Hjallur, innanmál um 3,5 x 11,7 x 1 - 1,2 m. Veggjapykkt um 1 m. Samanstendur af tveimur samsíða grjótveggjum. Er um 3 m ofan (austan) grjótgarðsins. Hjallurinn var í notkun fram yfir 1900.<sup>276</sup>

#### Nr.246a-c Hjallur og rústir

B4

Ofarlega á Hjallatanga.

Lýsing: **a)** Hjallur, innanmál um 4,5 x 1,5 x 1 m. Veggjapykkt um 1 m. Samanstendur af þremur grjótveggjum hlöðnum í U og þeim fjórða um 2,5 m framan við. Sennilega hefur

---

<sup>267</sup> Dipl. Isl. II, bls. 116.

<sup>268</sup> Dipl. Isl. III, bls. 326.

<sup>269</sup> Dipl. Isl. IV, bls. 167.

<sup>270</sup> Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns V, bls. 345-346.

<sup>271</sup> Manntal á Íslandi árið 1703, Rvk. 1924-1947, bls. 131.

<sup>272</sup> Manntal á Íslandi 1801, Vesturamt, Rvk. 1979, bls. 130.

<sup>273</sup> Lýsing Helgafells- og Bjarnarhafnasókna 1842, Sýslu- og sóknarlýsingar III, Snæfellsnes, bls. 193.

<sup>274</sup> Bræðurnir Pétur og Björn Jónssynir segjast hafa stundað róðra í Þormóðsey á ungdómsárum sínum.

<sup>275</sup> Byggðir Snæfellsness, bls. 451.

<sup>276</sup> Pétur Jónsson, Stykkishólmi, stundaði róðra í Þormóðsey í ungdæmi sínu og var hjallurinn þá í notkun.

verið fiskgeymsla í suðurenda rústarinnar (U -laga hluta), en í hinum hjallur og í hliðarveggjum verið rimlar. Hjallurionn var í notkun á síðustu árum búskapar í eygni.<sup>277</sup>

**b)** Rúst. Tvö veggjabrot, hvort um sig 3 x 3 m að innanmáli. Veggjabykkt um 1 m. Hugsanlega hjallur. Stendur fast norðan við fyrrgreinda hjallrúst. **c)** Rúst. Óljós veggjabrot, um 2,5 x 1,5 m. Veggjabykkt um 1 - 2 m. Er fast suðaustan rústar b) og greinilega sú elsta á þessum stað.

Nr.247

**Rúst**

B3-4

SV-hluti Þormóðseyjar, beint NA af aðallendingunni.

Lýsing: Hústóft, innanmál um 4 - 5 x 2,5 x 0,5 m. Veggjabykkt um 1 m. Rústin er fremur óljós og mjög þýfð.

Nr.248a-c

**Lambhús**

B4

Sjávarbakki NV-til á eygni.

Lýsing: **a)** Tveir sambyggðir kofar úr torfi og grjóti. Innanmál eystra um 3 x 2 x 1 m. Veggjabykkt um 1 - 1,5 m. Inngangur, br. um 0,5 m á miðri SA - hlið. Innanmál þess vestra um 3,5 x 1 x 0,5 m. Veggjabykkt um 0,5 - 1 m. Inngangur, br. um 0,5 m á SA-hlið. Frá síðustu byggð í eygni.<sup>278</sup>

**b)** Rústir. Um 5 - 6 m norðaustan lambhússins eru rústir eldri húsa, sem búið er að slétta úr. Hér er um 15 m stórt svæði að ræða og má einungis greina lögum eins húss. Innanmál um 2 x 2 m og dyr í SV-horninu. Að öllum líkindum hafa þrjú lítil hús staðið á þessu svæði. **c)** Grjóthruga. Er um 15 m NA fyrrgreindrar tóftar. Líklega leifar gamallarar vörðu.<sup>279</sup>

Nr.249

**Túngarður**

B4

Nær frá sjávarbakka NV-til á eygni og stefnir í SA.

Lýsing: Garður að mestu úr torfi. Fyrst kemur um 9 m langur kafli upp frá bakkanum, en þá tekur við hlið, um 1 m br. Síðan heldur garðurinn áfram í fyrrgreinda stefnu. Er víða illgreinanlegur í þýfinu ofar á eygni. U.þ.b. á miðri ey, á móts við rúst nr.250, beygir

---

<sup>277</sup> Pétur Jónsson segir hjallinn hafa verið í notkun er hann reri í eygni ungur maður.

<sup>278</sup>. Niels Bæringsson, Stykkishólmi, sem mikið var við heyskap í eygni, á árunum 1925-1943, segir að hér hafi verið kallað lambhús. Var lambfé alið sér á þessum tíma og gamalær oft hafðar með þeim í húsi. Ærnar voru orðnar mjög lélegar, 11 ára eða eldri. Þessi háttur var hafður á til að ekki þyrfti að endurnýja stofninn nema á sem allra fæstum árum. Bæring Nielsson, bóndi Sellátri, byrjaði að heya eyna sama árið og hún fór í eyði (1925) og gerði það til 1943.

<sup>279</sup>. Sérkennilegur, stakur, þríhyrningslaga steinn er í fjörunni norður af rústumum. Suðurhlið steinsins er einkennilega regluleg, en þó er hann ekki tilhöggvinn að sjá.



Lýsing: a) Smiðja. Innanmál um 3,5 x 1,7 x 0,5 - 1 m. Veggjaþykkt um 1 m. Framhliðin snýr til SV, í átt að landingunni, og hefur verið úr timbri. Frá síðustu árum búsetu í eygni.<sup>283</sup>

b) Naust? Dæld, innanmál um 4 x 1,7 m. Er við hlið smiðjunnar að SA-verðu. c) Naust, grafið inn í bakkann, lengd um 2,5 m, mesta breidd um 2 m, dýpt um 1,3 m. Er fast NV smiðjurústar. Frá síðustu búskaparárum hér.<sup>284</sup>

Nr.254            **Grjótbyggja**

B4

Suðvestasti hluti eyjarinnar milli Stofuness og Hjallatanga.

Lýsing: Grjótbyggja, um 30 x 1,5 x 1 m. Hlaðin úr stóreflis björgum. Er suðaustan í vörinni meðfram Stofunesi. Byrjar um 5 m neðan grasmarka og stefnir um 25 m í vestur, en beygir svo til suðurs um 5 m. Fremur sléttar klappir eru í vörinni og sjást gjörla djúp kjalför á þeim.<sup>285</sup>

Nr.255            **Skemma**

B4

Suðvestasti hluti eyjarinnar upp af landingunni.

Lýsing: Innanmál fremri hluta um 2 x 1,5 m, innri hluta um 2 x 2 m. Veggjahæð um 1 m, en þykktin um 1 - 1,5 m. Dyr, um 1,5 m br. á vesturvegg og framan við þær hlaðinn kantur eða stétt um 4 x 1 x 0,5 m. Mjög heilleg rúst, stendur við uppgönguna úr vörinni og snýr framhlið að henni. Í skemmuni var einkum geymt bátadót o. fl. Í notkun á síðustu búskaparárum í Þormóðsey.<sup>286</sup>

Nr.256a-g        **Bæjarstæði, kálgarðar, fjós, heygarður, kofar**

B4

Suðvestasti hluti eyjarinnar upp af Stofunesi.

---

<sup>283</sup>. Pétur Jónsson frá Viðvík.

<sup>284</sup>. Pétur Jónsson kveður engin hlaðin naust hafa verið í Þormóðsey. Í sama streng tekur Niels Bæringsson. Pétur segir, að aðalbrunnurinn hafi verið á vinstri hönd þegar gengið var upp úr landingunni, þ.e. upp undir bakkanum. Svo var "Stemma" beint undir bakkanum þar sem bátarnir voru settir. Var hér um að ræða klettaglufu með neðanjarðarvatni í, ekki nógu stór fyrir fötu og því ausið úr henni með skaftpotti. Féll í Stemmuna um flesta stórstrauma.

<sup>285</sup>. Skúti norðvestan í Stofunesi, sem notaður var til að reka inn fé, fannst ekki við vettvangskonun. Sbr. örnefnalýsingu Þormóðseyjar, athugasemdir Bjarnar Jónssonar á Innri-Kóngsbakka, bls. I.

<sup>286</sup>. Pétur Jónsson. Niels Bæringsson segir, að í skemmuni hafi einkum verið dót fyrir báta o. fl. þ.h. Engin geymsla var í bænum og var þetta því aðalgeymslan í eygni.

Lýsing: a) Kálgarður A, innanmál um 6 x 3,5 x 0,5 - 1 m. Veggjaþykkt um 0,5 m. Inngangur í NV-horninu, um 0,7 m br. Sambyggður bænum að NA- verðu.<sup>287</sup>

b) Bæjarrúst. B: Innanmál um 8 x 4,5 x 1 m. Veggjaþykkt um 1 m. Útidyr, br. um 1 m, á miðjum V-vegg. Andspænis útidyrum eru aðrar dyr, um 1 m br. inn í herbergi þar inn af C: Innanmál um 8 x 3 x 1 m. Veggjaþykkt um 1 m D: Innanmál um 5,5 x 3 x 0,5 - 1 m. Veggjaþykkt um 0,5 - 1 m. V-gafl hefur verið allur úr timbri.<sup>288</sup> Glöggt má sjá hvernig bærinn hefur fengið að standa næstum óáreyttur, þekjan víða fallin inn í rústina. Hér og hvar má líta spýtnabrák, skarsúð og bárujárn úr þekku.

c) Heygarður E, innanmál um 6 x 2 x 1 m. Veggjaþykkt um 1,5 m nema A- veggur, sem er um 3 m. Er það óvenju mikil þykkt og gæti þýtt, að tóftin hafi verið byggð upp úr eldri rúst. Inngangur í NV-horninu, um 1 m br. Stendur um 3 m. sunnan við bæinn.<sup>289</sup>

d) Fjós F, innanmál um 5 x 4 x 1,5 m. Veggjaþykkt um 1,5 m. Dyr, um 1 m br. snúa til vesturs og er fordyri þar framan við. Þ.e. um 1 m langur veggur hlaðinn út frá dyrunum að S-verðu og annar veggur hornrétt á hann til NA, einnig um 1 m. Veggjaþykkt um 0,5 m, hæðin um 1 m. Fjósið er um 1 m. vestan heygarðsins.<sup>290</sup>

e) Kálgarður G, innanmál um 14 x 8 x 0,5 m. Veggjaþykkt um 1 m. Afmarkast að norðanverðu af S-vegg F og um 9 m löngum garði að baki E. S-veggurinn stendur á sjávarbakka, en nú eru aðeins leifar hans sjáanlegar. Hlið, br. um 1 m, á V-vegg við fjósið.<sup>291</sup>

f) Kofi H, innanmál um 2 x 2 x 0,5 m. Veggjaþykkt um 1 m. Framhliðin, sem snýr í N, hefur verið úr timbri.

g) Kofi I, innanmál um 3 x 2 x 0,3 m. Veggjaþykkt um 1 m. Framhliðin, sem snýr í N, hefur líklega verið úr timbri.

Nr.257

**Votheysgryfja**

B4

Suðvestasti hluti eyjarinnar.

Lýsing: Nokkurn vegin hringlaga gryfja um 1,5 m í þvermál, dýpt um 1,2 m. Ekki sér fyrir hleðslum, en kantur er byggður umhverfis gryfjuna að því er virðist. Er eftir síðustu ábúendur í eyinni.<sup>292</sup>

---

<sup>287</sup>. Þetta er kálgarður segir Niels Bæringsson, Stykkishólmi.

<sup>288</sup>. Þetta er viðbót við bæinn segja Niels Bæringsson og Pétur Jónsson. Var hann stækkaður um sem svaraði einu stafgólfi og gerðu það feðgarnir Jón Rósmann Jónsson og Jón Jónsson. Stækkunin átti sér stað árið 1913 er Jón Rósmann hóf búskap í eyinni.

<sup>289</sup>. Heygarður segir Bæring Nielsson.

<sup>290</sup>. Þetta er fjós segir Bæring Nielsson.

<sup>291</sup>. Þetta er kálgarður segir Bæring Nielsson.

<sup>292</sup>. Niels Bæringsson.

Nr.258            **Matjurtagarður?**

B4

Þýfð brekka, mjög vaxin hvönn, um miðbik eyjarinnar að sunnanverðu.

Lýsing: Reitur, innanmál um 16 x 5 m. Afmarkast af mjóum og grunnum skurði á alla vegu. Skurðurinn sennilega til að þurrka og halda vætu frá reitnum. Líklega er hér um matjurtagarð að ræða.

Nr.259            **Útihús?**

B3-4

Lágur hóll við sjávarbakka á NA-horni eyjarinnar.

Lýsing: Mjög óljós rúst. Innanmál um 4 - 5 x 2 - 3 m. Snýr í N-S. Óvíst að hér sé raunverulega um mannvirki að ræða. E.t.v. hefur staðið hér eitt hús til viðbótar. Ekki nánar unnt að lýsa rústum þessum.